

Sþ.

554. Skýrsla

menntamálaráðherra til Alþingis 1978 um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir nýu ára skólaskyldu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, um grunnskóla.

Formáli.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 63 frá 21. maí 1974, um grunnskóla segir svo:

„Að 4 árum liðnum frá gildistöku þessara laga skal menntamálaráðherra gera Alþingi grein fyrir framkvæmd laganna og þá einkum undirbúningi að nýu ára skólaskyldu, þannig að Alþingi gefist kostur á að álykta á ný um það ákvæði.“

Skýrsla sú, sem hér er birt, er samin til þess að fullnægja framangreindu ákvæði. Af henni má sjá að mikið starf hefur verið leyst af hendi við framkvæmd grunnskólalaga og laga um skólakerfi og veitir skýrsla þessi þó eins og að líkum lætur ekki nema mjög takmarkað yfirlit um það sem framkvæmt hefur verið. Framkvæmd grunnskólalaga er ekki nema einn þáttur í störfum menntamálaráðuneytisins. En sá þáttur tengist öðrum mikilvægum þætti, sem lengi hefur verið unnið að, en það er endurskipulagning framhaldsskólastigsins. Um það efni var lagt fram lagafrumvarp á síðasta þingi, en frv. er nú í endurskoðun. Var þess getið við setningu grunnskólalaga, að þau kölluðu á nýskipan framhaldsskólastigsins.

Tilgangur skýrslu þessarar er tvíþættur: 1) að veita nokkra yfirsýn um hvar komið er framkvæmd grunnskólalaga við lok fjögurra ára gildistíma, og 2) að auðvelda mönnum að glöggva sig á, hvort álykta skuli á ný um 9 ára skólaskyldu, þ. e. eins árs viðbótarskyldu þá, sem grunnskólalögin ákveða, og þá á hvern veg.

Á þeim hart nær fjórum árum, sem liðin eru frá gildistöku laganna hefur margt breyst, bæði fyrir áhrif laganna og af öðrum ástæðum. Að því er áhrif laganna varðar, þá hafa þau breytt skipulagi, námsefni og starfsháttum í skólum og í framhaldi af þeim mun skipan mála á framhaldsskólastigi einnig breytast og er sú breyting þegar hafin. Þar ber hæst að þær blindgötur sem eldra skólaskipulag fól í sér á ýmsum sviðum hafa ýmist verið eða munu verða opnaðar og nemendum auðveldað að halda áfram námi skólastig af skólastigi. Sumir telja að vísu að með þessu sé verið að gera þeim, sem ekki eru taldir sérlega vel til náms fallnir, að fornum skilningi, óþarflega auðvelt fyrir, en aðrir líta á þessar ráðstafanir sem réttlátt tækifæri fyrir alla nemendur til þess að afla sér menntunar, þótt getan sé mismunandi til þess að nota það tækifæri.

Af þessu leiðir, að menn eiga nú auðveldara með að hefja nám á ný þótt horfið verið frá námi um sinn og leiðir hafa einnig verið opnaðar fólki sem komið er af venjulegum skólaaldri til þess að afla sér menntunar í „öldungadeildum“ menntaskóla.

Í 1. grein laga nr. 63/1974 um grunnskóla og í 3. grein laga nr. 55/1974 um skólakerfi er kveðið svo á að grunnskóli skuli vera fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og sé þeim skylt að sækja hann. Grunnskólalögin í heild mótast mjög af þessu grundvallaratriði og má m. a. benda á 2. gr., markmiðsgrein laganna, svo og 42. grein, en þar kemur fram hvaða fræðslu ætlast er til að nemendur hafi hlotið þegar þeir ljúka skyldunámi. Það sem vekur athygli er sú áhersla sem lögð er á valgreinar, verklegt nám og þátttöku í atvinnulífínu auk þess sem taldir eru ýmsir námsþættir aðrir, einkum bóklegir.

Samkvæmt eldri skipan, fræðslulögum frá 1946, áttu nemendur tveggja kosta völd að loknum 8. bekk (unglingaprófi), þ. e. að fara í landsprófsdeild, sem upphaflega var komið á fót til þess að búa nemendur undir nám í menntaskóla, eða að fara í almennan 3. bekk sem var svo kallaður og síðan í 4. bekk og ljúka þaðan gagnfræðaprófi.

Þegar grunnskólalög höfðu verið samþykkt árið 1974 gerði menntamálaráðuneytið áætlun um að koma á 9 ára samfelldum grunnskóla. Það ár voru gefin út drög að námsskrá fyrir 7., 8. og 9. bekk sem miðuðust við að allir nemendur sem haustið 1974 hófu nám í 7. bekk útskrifuðust úr grunnskóla við lok 9. skólaárs eins og grunnskólalögin kveða á um. Í 9. bekk var tekin upp sú nýbreytni að hluta kennslutímans var varið til valgreina, sbr. fyrrnefnt ákvæði grunnskólalaga. Skólaárin 1976—77 og 1977—78 var 21 kennslustund á viku varið til náms í kjarnagreinum, þ. e. móðurmáli, stærðfræði, dönsku, ensku og íþróttum, en 12—16 kennslustundum til valgreina. Auk þess gátu nemendur valið um viðfangsefni innan kjarnagreina að nokkru marki. Skólum voru látnar í té ábendingar um valgreinar en að öðru leyti höfðu þeir frjálssar hendur um hvaða greinar þeir gáfu nemendum kost á.

Fyrsti nemendahópurinn sem útskrifaðist samkvæmt þessari skipan lauk prófi úr grunnskóla vorið 1977.

Frá og með skólaárinu 1977—78 voru felld niður samræmd próf í 3., 6. og 8. bekk, nema í sundi. Í staðinn hafa skólum verið send sýnishorn prófverkefna í þeim greinum, sem samræmd próf voru áður haldin í, til viðmiðunar við gerð eigin verkefna.

Í grunnskóla er nú almennt miðað við þá reglu að nemandi færist upp um einn bekk á ári og skulu frávik frá þessu ákveðin af skólastjóra að höfðu samráði við kennara nemandans og skólasálfræðing ef hann starfar í skólahverfinu. Ennfremur skal fá samþykki foreldra hvort sem um er að ræða seinkun eða flýtingu í námi.

Með þeim breytingum sem lýst er hér að framan hefur verið komið á samfelldum 9 ára grunnskóla. Jafnframt hefur verið gert verulegt átak til að endurbæta starfshætti skóla þannig að þeir gætu betur mætt mismunandi þörfum nemenda, sbr. 2. gr. grunnskólalaga. Endurskoðun námsefnis og kennsluhátta í grunnskóla hefur verið liður í þessari viðleitni, svo og námskeið fyrir starfandi kennara sem hafa verið haldin í vaxandi mæli á síðustu árum, og fræðslufundir.

Ákvæði grunnskólalaga um valgreinar, verklegt nám og þátttöku í atvinnulífinu eru að ýmsu leyti erfið í framkvæmd. Af tilraunum og athugunum sem gerðar hafa verið má draga þá ályktun að málið er í heild flókið og snertir mjög marga aðila bæði innan skóla og utan. Er ljóst að það tekur verulegan tíma að skipuleggja þennan þátt skólastarfsins svo að viðhlítandi sé, auk þess sem það kostar aukinn mannafla og fjármagn.

Þegar grunnskólalög voru samþykkt voru um það bil 15% nemenda, sem hættu námi við skyldunámslok, þ. e. við lok 8. námsárs. Þessir nemendur áttu óhægt um vik að komast til náms í skólakerfinu á ný, m. a. vegna landsprófs o. fl. Nú sýna tölur, að miklu fleiri halda áfram námi í 9. bekk, eða einungis um 5% hætta við lok 8. námsárs.

Þessu veldur án efa aukinn skilningur á nauðsyn og gildi skólanáms í nútíma-þjóðfélagi, sem krefst æ meiri menntunar og sérþekkingar.

Þegar þessar aðstæður og viðhorf hafa myndast: stóráknir möguleikar til þess að hefja nám á ný þótt ár falli úr eftir 8 ára skyldunám, mikil fjölgun þeirra nemenda, sem sækja 9. bekk af frjálsum vilja, þá vaknar sú spurning, hvort jafn knýjandi nauðsyn sé til þess nú og fyrir 4 árum að hafa skólaskyldu 9. árið.

Á hitt ber þá einnig að líta, hvaða rök mæla með því að skólaskylduákvæðinu sé haldið. Skulu hér dregin saman nokkur atriði:

- 1) Það er eðlileg regla í þjóðfélagi sem vill viðhafa í málum sínum jafnrétti að tryggja öllum þegnum sínum þá grundvallarmenntun að dugi til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Hin almenna regla verður því að vera sú að skyldunámi ljúki við inngöngudyr framhaldsskóla.
- 2) Það er viðurkennt af flestum að sumir unglingar finna ekki viðfangsefni við sitt hæfi í grunnskóla. Þegar um slíkt er að ræða er líklegt að þess gæti mest

- á unglingsárunum vegna þess að þá geta nemendum staðið aðrar, og að því er virðist álitlegri, leiðir opnar.
- 3) Eðlilegast er að mæta þessum vanda með því að efla grunnskólann þannig að hann verði betur fær um að valda sínu erfiða hlutverki. Þetta má gera annars vegar með almennum aðgerðum, s. s. bættri kennaramenntun þannig að sem flestir kennarar geri sér grein fyrir þroska og þörfum nemendanna og virði í verki mismunandi getu þeirra og áhugamál, sbr. 2. og 42. gr. grunnskólalaga. Meðal almennra aðgerða má einnig nefna bættu starfsaðstöðu kennara og breytta starfshætti. Hins vegar má leysa vandann með sérstökum aðgerðum í efstu bekkjum grunnskóla. Má þar til nefna valgreinar og þátttöku í atvinnulífi, sbr. 42. gr. laganna. Grunnskólalögin fela í sér eggjan til stjórnvalda, starfsmanna skóla og þjóðfélagsins í heild um að gera slíkar umbætur á starfi grunnskóla á því 10 ára tímabili sem gert er ráð fyrir að full framkvæmd laganna taki.
 - 4) Í þeim tilvikum þegar örvænt er talið að grunnskólanám geti verið skólaskyldum unglingi hollt og þroskavænlegt veita grunnskólalögin heimild til undanþágu, sbr. 49. gr., 4. mgr., svo og 8. gr. þeirra.
 - 5) Verði aftur horfið að 8 ára skólaskyldu rofnar samhengi grunnskólanáms á unglingastigi og er þar með horfið til hliðstæðs fyrirkomulags og þess sem ríkti samkvæmt lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám. Samkvæmt þeim lögum voru 3. og 4. bekkur gagnfræðastígs valfrjálsir en nemendur 1. og 2. bekkjar skólaskyldir. Þetta fyrirkomulag leiddi til tvenns konar misréttis eða stéttaskiptingar innan skólans: annars vegar milli þeirra sem hættu við unglingspróf og hinna sem héldu áfram, hins vegar innbyrðis milli þeirra sem héldu áfram en fóru í mismunandi „finar“ eða álitlegar deildir. Verði grunnskólalögum breytt þannig að grunnskóli verði 9 ára skóli en þó aðeins 8 fyrstu ár hans skólaskyld er víst að fyrri stéttaskipting kemur upp aftur og það sem þegar hefur náðst í jafnréttisátt á fjögurra ára framkvæmdatíma grunnskólalaga tapast.
 - 6) Með því að hverfa aftur til 8 ára skólaskyldu rofna þau tengsl milli grunnskólástígsins og framhaldsskólástígsins sem nú er verið að koma á með framkvæmd grunnskólalaga — þar sem verið er að undirbúa fulla 9 ára skólaskyldu — og breyttum og opnari inntökureglum framhaldsskóla sem miða starf sitt nú þegar í æ ríkara mæli við að taka við megninu af hinum fjölbreytta nemendahópi grunnskólans. Það að rjúfa þessi tengsl gengur þvert á sjálfan grundvöll fjölbrautaskólanna, þ. e. þá hugsjón og stefnu sem þeir eru reistir á.
 - 7) Að undanfögnu hafa mörg skólahverfi leitað eftir því að fá heimild til að reka 9. bekk. Er þetta vafalítið gert með hliðsjón af því að stefnt er að 9 ára skólaskyldu. Verði hins vegar um 8 ára skólaskyldu að ræða er mjög líklegt að 9. bekkurinn yrði á færri stöðum en ella og námsskipan ekki í anda grunnskólalaga heldur mótist sérstaklega af því að búa nemendur undir tiltekið nám á framhaldsskólástigi. Við slíkar aðstæður er útilokað að ná þeim markmiðum sem grunnskólalögin setja.
 - 8) Bent hefur verið á nokkurt misræmi í skólasókn í 9. bekk eftir landshlutum. Frá því að grunnskólalögin voru samþykkt hefur þetta misræmi minnkað og stunda nú yfir 90% nemenda í hverjum árgangi nám í 9. bekk á móti 85% áður. Af þeim 10% sem ekki sækja 9. bekk grunnskóla er um helmingur eða 5% sem ekki sóttu 8. bekk af ýmsum ástæðum, t. d. þroskahömlun og veikindum. Er enginn vafi að þessi breyting á rætur að rekja til áðurnefndrar stefnumörkunar um lengd skólaskyldunnar. Má búast við að þetta misræmi vaxi aftur verði horfið að 8 ára skólaskyldu.
 - 9) Á Norðurlöndum er allsstaðar komin á 9 ára skólaskylda. Hins vegar eru í lögum allra landanna (nema Finnlands) sérstök ákvæði um nemendur sem eiga í sérstökum erfiðleikum í skóla, sbr. 2. og 4. tölulið hér að framan.

Það var mjög óheppilegt að synjað skyldi um fjárveitingu þá, sem menntamálaráðuneytið fór fram á við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1977 til vísindalegrar rannsóknar á áhrifum lengri eða skemmri skólaskyldu á nemendur og þjóðfélagið. Sú rannsókn þarf að fara fram jafn umdeilt og þetta atriði er.

Rétt er að vekja athygli á ákvæðum 88. gr. grunnskólalaga, er þannig hljóða:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins, þó eigi síðar en innan 10 ára frá gildistöku. Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 6 árum eftir gildistöku laganna.“

Það eru enn tvö ár þangað til nemendur verða skólaskyldir 9. skólaárið. Að því er undirbúning varðar, þá er ekkert því til hindrunar að 9. skólaárið verði skyldunámsár. Unnið er að endurskoðun skipulags framhaldsskólastigsins. Meginatriðið er að lok skyldunámsins og nám á framhaldsskólastigi tengist með eðlilegum hætti.

Færi því vel á að Alþingi fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans — sbr. ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum — og framhaldsskólastigið.

Undirbúningur lagasetningar og ýmsar nýjungar.

Hinn 27. janúar 1971 voru lögð fram í neðri deild Alþingis sem stjórnarfrumvörp frumvarp til laga um skólakerfi og frumvarp til laga um grunnskóla. Bæði þessi lagafrumvörp voru samin af nefnd, sem þáverandi menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, skipaði hinn 4. júlí 1969 til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna, (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanáám (nr. 48/1946). Í nefndinni, sem frumvörpin samdi og kölluð var fræðslulaganefnd, áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri Langholtsskóla, og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Hinn 27. október 1969 var Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri, skipaður í nefndina til viðbótar og í fjarveru Andra Ísakssonar frá 15. september 1969 til loka júnímánaðar 1970 tók Jóhann S. Hannesson, menntaskólakennari sæti í nefndinni í hans stað og starfaði síðan áfram í henni eftir að Andri tók þar sæti að nýju. Með nefndinni störfuðu Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, og dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, og var hún ritari nefndarinnar.

Lagafrumvörp þessi urðu eigi útrædd á þinginu (91. löggjafarþingi), enda gat menntamálaráðherra þess, að þau væru fyrst og fremst lögð fram til kynningar.

Kosningar til Alþingis fóru fram sumarið 1971 og í kjölfar þeirra stjórnarskipti. Með bréfi dagsettu 3. júní 1972 skipaði menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, nefnd til þess að endurskoða frumvörpin.

Nefndinni var falið að leitast við að ljúka verkefni sínu svo tímanlega, að unnt yrði að leggja lagafrumvörpin endurskoðuð fyrir Alþingi á árinu 1972.

Í nefndina, sem kölluð var grunnskólanefnd, voru skipaðir: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Andri Ísaksson, deildarstjóri, Ingólfur A. Þorkelsson, B.A., kennari við Kvennaskólann í Reykjavík, Kristján Ingólfsson, kennari við Barna- og unglingskólann að Hallormsstað og Páll Lindal, borgarlögmaður í Reykjavík og formaður Sambands isl. sveitarfélaga. Með nefndinni starfaði Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Skömmu eftir að nefndin hóf störf, birti hún svofellda auglýsingu í fjölmiðlum:

„Grunnskólafrumvarp og frumvarp til laga um skólakerfi eru í endurskoðun eins og skýrt hefur verið frá. Þau samtök eða einstaklingar, sem kynnu að vilja gera breytingartillögur við frumvörpin meðan þau eru í endurskoðun, sendi tillögur sínar skriflega til grunnskólanefndar, menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, Reykjavík, fyrir 20. ágúst n. k. Frumvörpin fást í ráðuneytinu.

Grunnskólanefnd, 18. júlí 1972.“

Nokkrir urðu við þessum tilmælum eins og getið var í greinargerð grunnskólafrumvarpsins. Þar er einnig birtur útdráttur úr tillögunum og þeim umsögnum, sem áður höfðu borist.

Þegar nefndin hafði lokið endurskoðun frumvarpanna voru þau send skólanefndum, sveitarstjórnnum, skólastjórnnum, kennurum o. fl. til kynningar og eftirgreindum 44 aðilum til umsagnar:

1. Alþýðusambandi Íslands.
2. Bandalagi háskólamanna.
3. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.

4. Barnaverndarráði Íslands.
5. Búnaðarfélagi Íslands.
6. Félagi háskólamenntaðra kennara.
7. Félagi menntaskólakennara.
8. Félagi ísl. sálfræðinga.
9. Félagi skólastjóra gagnfræðastigsins.
10. Háskólaráði.
11. Húsmæðrakennaraskóla Íslands.
12. Íþróttasambandi Íslands.
13. Íþróttakennaraskóla Íslands.
14. Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.
15. Kennaraháskóla Íslands.
16. Kirkjuráði Þjóðkirkjunnar.
17. Kvenfélagasambandi Íslands.
18. Kvenréttindafélagi Íslands.
19. Landshlutasamtökum sveitarfélaga.
20. Landssambandi framhaldsskólakennara.
21. Landssambandi iðnaðarmanna.
22. Landssambandi ísl. menntaskólanema.
23. Menntaskólanum á Akureyri.
24. Menntaskólanum við Hamrahlíð.
25. Menntaskólanum á Ísafirði.
26. Menntaskólanum að Laugarvatni.
27. Menntaskólanum í Reykjavík.
28. Menntaskólanum við Tjörnina.
29. Myndlista- og handiðaskólanum.
30. Sambandi íslenskra barnakennara.
31. Sambandi ísl. námsmanna erlendis.
32. Sambandi íslenskra samvinnufélaga.
33. Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
34. Samtökum íslenskra kennaranema.
35. Skólastjórafélagi Íslands.
36. Stéttarsambandi bænda.
37. Stórstúku Íslands.
38. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
39. Tónlistarskólanum í Reykjavík.
40. Ungmennafélagi Íslands.
41. Verslunarráði Íslands.
42. Vinnuveitendasambandi Íslands.
43. Æskulýðsráði ríkisins.
44. Æskulýðssambandi Íslands.

Þá hélt menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, fund með fréttamönnum þriðjudaginn 9. janúar 1973 og var þar greint frá efni frumvarpanna í meginatriðum.

Ráðherra ákvað að grunnskólanefndarmenn skyldu kynna frumvörpin á fundum víðsvegar um land þar sem hér væri í undirbúningi löggjöf, sem varðaði þjóðina í heild og hvern einstakling afar miklu og hefði áhrif á grundvallarmenntun þjóðarinnar um mörg ókomin ár.

Hinn 11. janúar 1973 hófust þessir fundir og hinn síðasti var haldinn 11. mars. Þeir voru auglýstir í útvarpi og dagblöðum, og öllum að sjálfsögðu heimilt að sækja þá og taka þátt í umræðum. Tilhögun fundanna var sú, að nefndarmenn skiptu nokkuð með sér verkum bæði um að sækja fundina og um að skýra efni frumvarpanna. Síðan ræddu fundarmenn frumvörpin og báru fram fyrirspurnir, sem nefndarmenn leituðust við að veita sem gleggst svör við. Flestir fundanna voru vel sóttir, miklar umræður og mikill áhugi ríkjandi um efni frumvarpanna.

Fundir voru haldnir sem hér segir:

1. Höfn í Hornafirði fimmtudaginn 11. janúar.
2. Neskaupstað föstudaginn 12. s. m.
3. Egilsstöðum laugardaginn 13. s. m.
4. Kópaskeri sunnudaginn 14. s. m.
5. Patreksfirði þriðjudaginn 16. s. m.
6. Ísafirði miðvikudaginn 17. s. m.
7. Húsavík föstudaginn 12. s. m.
8. Akureyri laugardaginn 13. s. m.
9. Varmahlíð í Skagafirði sunndaginn 14. s. m.
10. Reykjaskóla í Hrutafirði mánudaginn 15. s. m.
11. Stykkishólmi þriðjudaginn 16. s. m.
12. Akranesi þriðjudaginn 16. s. m.
13. Selfossi fimmtudaginn 8. febrúar.
14. Reykjavík fimmtudaginn 15. s. m.
15. Hafnarfirði föstudaginn 16. s. m.
16. Keflavík mánudaginn 19. s. m.
17. Selfossi mánudaginn 26. s. m.
18. Vík í Mýrdal sunnudaginn 11. mars.

Í sambandi við fundahöldin og vinnubrögðin við samningu frumvarpanna, þá er þess að geta, að þegar eftir fundina á Norðurlandi voru gerðar veigamiklar breytingar á frumvörpunum, svo sem að tvær fræðsluskrifstofur skyldu vera nyrðra, þar sem ein hafði verið ráðgerð áður, og heimild tekin í frv. til þess að nemendur hverfi um sinn frá grunnskólanámi á síðasta skyldunámsári til þátttöku í atvinnulífinu. Síðan vann nefndin einnig úr því, sem fram kom á öðrum fundum, og lagði til ýmsar breytingar á grunnskólafrumvarpinu í samræmi við það, sem hún komst að raun um á fundum, ráðstefnum og af öðrum athugunum og umræðum um málið að betur mátti fara.

Lögin um skólakerfi (nr. 55/1974) segja fyrir um, að skólakerfið skuli vera samfellt og skiptast í 3 stig:

- 1) skyldunámsstig,
- 2) framhaldsskólastig og
- 3) háskólastig.

Grunnskóli er, fyrir börn og unglinga á aldrinum 7—16 ára og er þeim skylt að sækja hann (sbr. nánar grunnskólalögin).

Framhaldsskólar eru tveggja til fjögurra ára skólar, sem greinast í námsbrautir eftir því sem þörf krefur.

Kennsla sé veitt ókeypis í öllum opinberum skólum, en skólagjöld í skólum, sem kostaðir eru að meirihluta af almannafé, skulu háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar sem nemendur.

Ríki og sveitarfélögum er skylt að tryggja nemendum, hvar sem er á landinu, sem jafnasta aðstöðu til menntunar, eftir því sem lög kveða nánar á um.

Geti nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts, skal menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

Séu samtímis í heimavistarskóla á skyldunámsstigi fleiri en tvö systkin frá sama heimili í skólahverfinu eða fleiri en tvö börn, sem eiga sömu framfærsluforeldra, skal ríkissjóður greiða að fullu fæðiskostnað fyrir þau, sem eru umfram tvö.

Markmið grunnskólalöggjafarinnar felst í 2. gr. laganna, er þannig hljóðar:

„Hlutverk grunnskólans er, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Starfshættir skólans skulu

Því mótast að umburðarlyndi, kristilegu siðgæði og lýðræðislegu samstarfi. Skólinn skal temja nemendum viðsýni og efla skilning þeirra á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Grunnskólinn skal veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð, sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal því leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.“

Nokkur meginatriði laganna eru:

1. Skólaskylda lengist um eitt ár, úr 8 árum í 9, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða í lögnum.
2. Skólakerfið verði samfelld, þ. e. námslok á einu skólastigi veiti möguleika til náms á næsta skólastigi fyrir ofan.
3. Endurskoðað þarf löggjöf allra framhalds- og sérskóla á næstunni til samræmis við grunnskólalög.
4. Skyldunámsnemendur, sem geta ekki stundað skyldunám sakir fjárskorts, fá til þess styrk úr ríkissjóði.
5. Ef tvö systkin eða fleiri frá sama heimili eru við skyldunám samtímis í heimavistarskóla, greiðir ríkissjóður fæðiskostnað þeirra, sem eru umfram tvö (l. um skólakerfi).
6. Allir nemendur á skyldunámsstigi fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Dreifbýlishöfn höfðu sumstaðar ekki hafið skólánám fyrr en 9 eða 10 ára og fengu styttri námstíma árlega, stundum aðeins hálfan veturinn.
7. Lögð er áhersla á heimanakstursskóla, þar sem því verður við komið sakir veðurfars, vegakerfis og vegalengda.
8. Gert er ráð fyrir útibúum frá aðalskólum fyrir yngstu börnin, þannig að þau séu í þeirri nálægð við heimili sín, að unnt sé að koma við heimanakstri.
9. Unglingánám verði hins vegar reynt að hafa fyrir svo stór svæði, að heppilegar kennslueiningar fái og nauðsynlegri verkaskiptingu meðal kennara verði komið við, þegar námið greinist í hinum efri bekkjum grunnskólans.
10. Stefnt er að því að fá landshlutasamtökum sveitarfélaga veruleg verkefni í hendur á sviði skólamála og var þá miðað við að löggjöf, sem í undirbúningi var, yrði sett um landshlutasamtökin, en af því hefur ekki orðið.
11. Landinu er skipt í 8 fræðsluumdæmi. Er hvert kjördæmi fræðsluumdæmi. Í hverju umdæmi er fræðsluráð, sem landshlutasamtökin kjósa. Hverri fræðsluskrifstofu stýrir fræðslustjóri, og hafa fræðsluráð og fræðslustjóri margþættum störfum að gegna. Fræðslustjóri er um leið og hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs fulltrúi menntamálaráðuneytisins í umdæminu.
12. Skólanefndir skulu kjörnar af sveitarstjórnnum og kjósa sér sjálfar formann, en áður var hann skipaður af ráðuneytinu.
13. Ákvæði eru í lögnum um foreldraráð og nemendaráð.
14. Um gerð skólamannvirkja skal ráðuneytið efna til almennrar samkeppni þegar ástæða þykir til.
15. Stefnt er að því að „heimavinna“ nemenda geti farið fram í skólunum.
16. Stefnt er að því, að setning og skipun í kennara- og skólastjórstöður fari fram fyrr áður, eða fyrir 1. júlí.
17. Skólabrytar (ráðskonur) í heimavistarskólum verði fastráðnir ríkisstarfsmenn.
18. Ráðnir verði yfirkennarar við skóla sem rétt eiga á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi. Þeir eru ríkisstarfsmenn.

19. Ákvæðum um orlof kennara og skólustjóra er mjög breytt frá fyrri lögum. Þótt 10 ára starfsferil þurfi eins og áður til ársorlofs, þá má veita allt að 4 mánaða orlof eftir 5 ár.
20. Aðalreglan er, að grunnskóli starfi í 9 mánuði árlega, en gert er þó ráð fyrir, að árlegur starfstími 1.—3. bekkjar þurfi ekki að vera nema 7 mán. og 4.—9. bekkjar 7½ mán.
21. Fræðsluráð og skólanefnd ákveða í upphafi skólaárs, hvort vera skuli 5 eða 6 daga skólavika.
22. Vikulegur starfstími á hvern nemanda í grunnskóla er nokkru lengri en var.
23. Námsfni er ákveðið í námsskrá sem sé sífellt í endurskoðun, en ákveðin atriði eru þó lögbundin og eru þau þessi:
 - a. Þjálfun í notkun móðurmálsins í ræðu og riti og fræðsla um íslenskar bókmenntir.
 - b. Undirstöðukennsla í stærðfræði.
 - c. Þroskun fagurskyns, listhneigðar og hagleiks, með kennslu í tónmennt, myndlist og handíðum.
 - d. Fræðsla um mannlegt samfélag, umheim og umhverfi í fortíð og nútíð, um Íslandssögu, mannkynssögu, samfélagshætti og landafræði.
 - e. Kennsla í kristnum fræðum, siðfræði og fræðsla um önnur helstu trúarbrögð. Í frumvarpinu (43. gr., e) var gert ráð fyrir kennslu í háttvísi, en það féll eða var fellt niður í meðferð málsins á Alþingi.
 - f. Kennsla um efnisheiminn, um frumatriði líffræði, umhverfisfræði, eðlisfræði og efnafræði.
 - g. Kennsla í erlendum tungumálum og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu, og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir.
 - h. Kennsla í heimilisfræðum og heimilisrækt.
 - i. Kennsla í íþróttum, líkams- og heilsurækt og hjálp í viðlögum.
 - j. Verklegt nám.
 - k. Ýmsar valgreinar verklegar og bóklegar í efstu bekkjum grunnskóla.
24. Lögð er áhersla á aukið tómstunda- og félagsstarf á vegum skólanna.
25. Ákvæði eru sett því til hindrunar, að samkennsla mismunandi aldursárganga eigi sér stað, nema að vissu marki.
26. Lítið er á skólaskylduna sem réttindi nemendum til handa.
27. Miðað er við, að nemendur geti farið með nokkuð misjöfnum hraða gegnum grunnskólann eftir þroska þeirra og getu til náms og að sköpuð verði aðstaða til sérkennslu þeirra nemenda í sérstökum stofnunum og á annan hátt, sem vikja svo mjög frá venjulegum þroskaferli, að þeim nýtist illa eða ekki nám í almennum bekkjum eða almennum skólum. Skal menntamálaráðuneytið gera áætlun um þörf fyrir sérstofnanir til slíkrar kennslu og er ríkinu skylt að hafa bætt úr þeirri þörf innan 10 ára frá gildistöku grunnskólalaga. Allur stofn- og rekstrarkostnaður þessara stofnana greiðist úr ríkissjóði.
28. Stefnt er að því að draga úr prófum og þeirri miklu vinnu og kostnaði, sem þeim er samfara.
29. Skólarannsóknnum er ætlað mikið hlutverk í endurnýjun námsfnis og kennsluhátta með atbeina námsstjóra, er ráðnir skulu til allt að fjögurra ára í senn eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum.
30. Til rannsóknnaverkefna á sviði skóla- og uppeldismála skal árlega varið fé svo sem ákveðið er í fjárlögum, en menntamálaráðuneytið skiptir fénu.
31. Heimilt er að veita einstökum fræðsluumdæmum leyfi til að rekja tilraunaskóla eða gera tilraunir með ákveðna þætti skólustarfs.
32. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu er ætlað mikið hlutverk. Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa efna til ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins. Á menntamálaráðuneytið í samráði við fræðslustjóra að

- gera heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögnum, miðað við það fjármagn sem til þessa starfsþáttar er veitt í fjárlögum. Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélagi.
33. Skólasöfn er lögð áhersla á að efla, þannig að þau geti orðið eitt af meginhjálpartækjum í skólastarfinu.
 34. Gert er ráð fyrir heimild til handa sveitarfélögum til að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn eða 5—6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Rekstrarkostnaður greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla. Kennarar skulu ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla.
 35. Ákvæðum um fjármál skólanna er breytt í veigamiklum atriðum. Aðalatriðið er, að miðað er við, að skólarnir fái nægilegt fé til þess að geta framkvæmt ákvæði námsskrár í öllum hinum mismunandi stærðum og gerðum skóla, ef þeir eru reknir í samræmi við gildandi skólaskipan, en áður bar við, að ekki var samræmi milli þeirra fjárframlaga, sem skólinn átti rétt á, og þeirra, sem hann þurfti til þess að geta framfylgt námsskrá, nema með því móti að fá undanþágur.
 36. Áður greiddu sveitarfélög rekstrarkostnað skóla, annan en föst laun, en ríkissjóður endurgreiddi þeim sinn hluta eftir árið. Samkvæmt grunnskólalögum greiða háðir aðilarnir kostnaðinn jafnóðum mánaðarlega, samkvæmt fyrirframgerðri og samþykktri áætlun.
 37. Meðalfjöldi nemenda í bekkjardeildum hvers grunnskóla fari ekki yfir 28 og nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild ekki yfir 30 nemendur.
 38. Ákvæði laganna eiga að vera komin að fullu til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku, þ. e. árið 1984.

Skipulagi á stjórn skólamála er verulega breytt með ákvæðum grunnskólalaga

um skiptingu landsins í 8 fræðsluumdæmi og stofnun fræðsluráða og embætta fræðslustjóra í hverju hinna átta umdæma. Er með þessu stefnt að því að flytja verkefni úr menntamálaráðuneytinu út í héruðin. Þetta hefur hinsvegar gengið hægar en skyldi vegna þess að fjárveitingar til fræðsluskrifstofa hafa verið mjög skornar við nögl og dregist inn í deilur um verkefna- og tekjuskiptingu milli ríkis- og sveitarfélaga. Eru fræðslustjórar víðast nálega starfsliðslausir, nema í Reykjavík. En lágmarks starfslið fræðsluskrifstofu verður að teljast fulltrúi og ritari, auk fræðslustjóra. Auk þess er ætlun grunnskólalaga að komið skuli á fót ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í sambandi við fræðsluskrifstofur, en erfiðlega hefur gengið að fá fjármuni til þess.

Í 5. gr. grunnskólalaga segir:

Í fjárlögum skal veita sérstaka fjárhæð, sem nemi 5% af árlegu framlagi ríkissjóðs til byggingar mannvirkja vegna grunnskóla. Fjárhæð þessa er heimilt að lána þeim sveitarfélögum, sem standa að slíkum framkvæmdum, en eiga við verulega fjárhagsörðugleika að etja vegna fólksfæðar, sérstaklega lágra tekjustofna eða annarra gildra orsaka. Samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sbr. 9. gr., geri tillögur til menntamálaráðuneytisins um skiptingu fjárins, og ráðstafar ráðuneytið því, að fengnu samþykki fjárveitinga-nefndar Alþingis. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um lánveitingar þessar, lánstíma og lánskjör, er miðist við það, að ríkissjóður sé skaðlaus af þeim.

Þetta lagaákvæði hefur ekki komið til framkvæmda.

Um verkefni fræðsluráða segir í 12. gr. grunnskólalaga:

1. Það fer með stjórn fræðslumála innan umdæmis síns í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna, sem hlut eiga að máli.
2. Það sér um, að gerðar séu áætlanir um fræðslumál í umdæminu, bæði árlegar fjárhags- og framkvæmdaáætlanir, svo og áætlanir til lengri tíma, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

3. Það hefur eftirlit með störfum skólanefnda í umdæminu.
4. Það gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu fræðslustjóra umdæmisins og hefur umsjón með rekstri fræðsluskrifstofu umdæmisins.
5. Það skal skipuleggja viðræðufundi fyrir nýja kennara í samráði við Kennaraháskóla Íslands, hafa umsjón með þeim og setja þeim leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.
6. Það sér um, að sköpuð verði aðstaða til kennslufræðilegrar þjónustu fyrir umdæmið, eftir því sem fært þykir.
7. Það fer að öðru leyti með þau málefni, sem því eru fengin í þessum lögum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim.“

Um verkefni fræðslustjóra segir í 14. gr.:

„Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar, sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er, eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Meginverkefni fræðslustjóra eru:

1. Hann fylgist með því, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál sé fylgt í grunnskólum umdæmisins, bæði varðandi kennslu- og stjórnunarmál, og í öðrum skólum, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.
2. Hann hefur umsjón með gerð árlegra rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins, endurskoðar þær og sendir menntamálaráðuneytinu.
3. Hann hefur í umboði menntamálaráðuneytis og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla, sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.
4. Hann hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins, og kynnir sér starfsskilyrði skóla, þ. e. aðstöðu til kennslu og náms, svo og aðbúnað nemenda.
5. Hann úrskurðar ágreiningsefni, sem upp kunna að koma milli skólastjóra og kennararáðs og skólastjóra og kennarafundar, sbr. 20. gr.
6. Hann gerir í sambandi við meint brot kennara eða skólastjóra í starfi þær ráðstafanir, er hann telur þörf, sbr. 55. gr.
7. Hann hefur umsjón með ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í grunnskóla, sbr. 68. gr.
8. Hann kannar, í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og sálfræðideild, hvort í fræðsluumdæminu séu nemendur, sem ekki eiga samleið með öðrum nemendum sakir sjóndepru, blindu, heyrnargalla, málhelti, málleysis, tornæmis, vanvitaháttar eða annars, er torveldi eðlilegan námsferil þeirra, og hlutast til um, að þeir fái kennslu við sitt hæfi.

Enn fremur fer fræðslustjóri með önnur þau mál, er lög þessi kveða á um, svo og þau, sem menntamálaráðuneytið eða fræðsluráð kunna sérstaklega að fela honum.“

Gert er ráð fyrir stofnun foreldrafélaga við grunnskóla (21. gr.).

Einnig er heimilt að stofna nemendafélög í 7.—9. bekk grunnskóla (22. gr.).

Í 23. gr. laganna eru svofelld ákvæði um skólahúsnæði:

„Gerð skólamannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd og fræðsluráð, en verður að hljóta samþykki menntamálaráðuneytis, áður en framkvæmdir hefjast.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður, sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólamannvirkja skal m. a. tekið tillit til, hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða um blandað fyrirkomulag er að ræða. Menntamálaráðuneytið ákveður að fenginni umsögn hlutaðeigandi fræðsluráðs, skólanefndar og sveitarstjórna, hvaða gerð skólamannvirkja skuli reisa á hverjum stað.

Menntamálaráðuneytið lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

- a. er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til;
- b. árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum. Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust.

Nafngift skóla er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni um-sögn örnefnanefndar.“

Enn fremur segir í 26. gr.:

„Menntamálaráðuneytið skal, þegar ástæða þykir til, efna til almennrar samkeppni að ákveðinni tegund skólamannvirkja miðað við breytilegar stærðir skóla og ólíkar aðstæður í landinu.“

Farið hefur verið fram á við gerð fjárlaga fé til þessa, en ekki fengist.

Í 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað og í 6. gr. reglugerðar nr. 159/1969, um stofnkostnað skóla eru ákvæði um listskreytingu. Listskreytingarákvæði þessi voru þá nýmæli í lögum, þótt áður hefði verið varið nokkru fé til þess að skreyta skólabyggingar og til listaverkakaupa í skóla og má benda á mosaikmyndir Kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð, myndskreytingar í Austurbæjarbarnaskóla og Melaskóla.

Síðan skólakostnaðarlögin tóku gildi hafa verið ákveðnar listskreytingar í gagnfræðaskólabyggingu á Húsavík og skólabyggingu að Laugalandi á Þelamörk, og enn fremur í samkomusal Menntaskólans við Hamrahlíð og á útvegg samkomusalar Menntaskólans að Laugarvatni. Þótt menntaskólarnir séu hreinir ríkisskólar og ákvæði skólakostnaðarlaga gildi því ekki um þá, þá hefur samt verið tekið mið af þessum ákvæðum. Telja má víst, að allar nýjar skólabyggingar verði listskreyttar með einum eða öðrum hætti. Fyrr á árum voru ýmis málverk í eigu ríkisins lánuð skólum víðsvegar um landið, en var síðan safnað saman í Listasafninu. Væri mjög mikil þörf á því, að safnið efndi til farandsýninga meðal skólanna, þannig að sem flestum nemendum gæfist kostur á að kynnað íslenskri myndlist af eigin sjón meira en nú er.

Í grunnskólafrumvarpinu var gert ráð fyrir tveimur ráðgjöfum (frá Bandalagi íslenskra listamanna og Sambandi íslenskra sveitarfélaga) við listskreytingu skólahúsa, en það ákvæði var fellt burtu í meðförum Alþingis.

Í 37. gr. grunnskólalaga er heimilað að ráða kennara til að annast kennslu í einhverri námsgrein við tvo eða fleiri skóla til þess að fullnægja kennsluþörf, ef ekki er fullt verkefni við einn skóla. Á þetta við um ýmsar sérgreinar, t. d. tónlist.

Heimavistarstjóra er heimilt að ráða að grunnskóla, ef skólastjóri æskir ekki að annast sjálfur stjórn heimavistar.

Endurmenntun kennara á grunnskólastigi er orðin mjög veigamikill þáttur í kennaramenntun og fer endurmenntunin nú fram á vegum Kennaraháskóla Íslands. Sjá yfirlit á bls. 138.

Í 50. gr. laganna segir að nemendur, sem víkja svo frá eðlilegum þroskaferli að þeir fái ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum, eigi rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Slíkrar kennslu skulu njóta:

- a. börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga skortir hæfileika til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- b. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám;
- c. börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu;
- d. börn, sem að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum;

e. börn, sem af öðrum ástæðum þurfa sérstakrar aðstoðar við að dómi sálfræðipjónustu og annarra sérfræðinga, þar með talin seinþroska börn.“

Enn fremur segir að börnum, sem um getur í a- og b-lið hér að framan, skuli séð fyrir kennslu í sérstofnunum. Einnig segir:

„Menntamálaráðuneytið hefur forgöngu um, að slíkar sérstofnanir verði reistar. Það lætur gera heildaráætlun um slíkar sérstofnanir og rekstur þeirra, og skal hún að fullu framkvæmd innan 10 ára frá gildistöku laga þessara.

Allur stofnkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo og rekstrarkostnaður, þar með talin daggjöld nemenda að því leyti, sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

Þegar um er að ræða nemendur, sem um getur í c-, d- og e-lið 51. gr., skal þeim séð fyrir kennslu í almennum grunnskóla eða sérstakri deild á vegum hans. Nú telur sálfræðipjónusta, sem hlut á að máli, að slíkt muni ekki bera tilætlaðan árangur, og skal þá séð fyrir kennslu í sérstofnun skv. þessari grein.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um sérstofnanir skv. þessari grein, og skal þar m. a. kveðið á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum sérstofnunum.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða nemendum, sem grein þessi tekur til, námstíma, er sé einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan byður.“

Hér er um mjög þýðingarmikið verkefni að ræða og við undirbúning fjárlaga 1975 fór menntamálaráðuneytið fram á, í bréfi 29. júlí 1974, fjármuni til þess að ráða fulltrúa til þess að annast málefni er varða sérkennslu og sérstofnanir. Taldi ráðuneytið mjög brýnt að fá mann til þessa starfs með tilliti til ákvæða grunnskólalaga. Einnig hafði Alþingi hinn 14. maí 1975 gert svofellda ályktun um sérkennslumál:

„Alþingi ályktar, að brýna nauðsyn beri til að gera hið fyrsta ráðstafanir til að bæta úr vöntun á sérkennslu afbrigðilegra barna í grunnskólum landsins. Á það sérstaklega við um skóla landsbyggðarinnar.

Í því skyni skal að því stefnt að sérstökum starfsmanni innan menntamálaráðuneytisins verði falið könnunar- og skipulagningarstarf á þessu sviði. Sé hann um leið skólastjórum og fræðsluráðum til ráðuneytis og aðstoðar í þessum málum.

Jafnframt skal áhersla lögð á menntun sérkennara við Kennaraháskóla Íslands og námskeið fyrir almenna kennara í kennslu og handleiðslu afbrigðilegra barna.“

Fé var eigi veitt í fjárlögum 1975 og eigi heldur 1976 til sérkennslufulltrúa, en í fjárlögum fyrir árið 1977 var veitt fé til launa slíks starfsmanns í ráðuneytinu. Var þá Magnús Magnússon, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík, settur sérkennslufulltrúi í ráðuneytinu og tók hann til starfa 3. janúar 1977.

Reglugerðir, erindisbréf o. fl.

Í lögum um grunnskóla (nr. 63/1974) og lögum um skólakerfi (nr. 55/1974) er að sjálfsögðu mælt fyrir um setning margra reglugerða og erindisbréfa. Þegar er löggin höfðu verið staðfest hinn 21. maí 1974, var hafist handa um framkvæmd þeirra. Meðal hins fyrsta var að vekja athygli sveitarstjórna á því (31. maí) að skólanefndir bæri nú að kjósa samkvæmt hinum nýju grunnskólalögum, en ein breytingin, sem þau fólu í sér, að skólanefndir skyldu nú sjálfar kjósa sér formenn í stað þess að þeir voru áður skipaðir af menntamálaráðuneytinu. Fræðsluráðin, sem stórfuðu í kaupstöðum, höfðu hins vegar kosið sína formenn samkvæmt fyrri lögum og þótti sjálfsagt að koma þarna á samræmi og auka um leið vald heimaáðila.

Þá var 23. ágúst 1974 skipað til fjögurra ára í samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga samkvæmt 9. gr. grunnskólalaga.

Fjórir menn eiga sæti í nefndinni, tveir af hvorra hálfu. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru Björn Halldórsson, skrifstofustjóri Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, og Ólvir Karlsson, oddviti, tilnefndir í nefndina en af hálfu menntamálaráðherra voru skipaðir Indriði H. Þorláksson deildarstjóri, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri. Var hann á fyrsta fundi nefndarinnar kjörinn formaður hennar.

Varamenn í nefndinni eru Jón Helgason, alþingismaður, Garðar Sigurgeirsson, bæjarstjóri í Garðabæ, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, og Torfi Ásgeirsson, deildarstjóri.

Samkvæmt eldri lögum, skólakostnaðarlögum nr. 49/1967, var starfandi samstarfsnefnd þessara aðila, en miklu fjölmennari eða skipuð 11 mönnum og þótti það óþarflega þungt í vöfum.

Fullyrða má að báðar samstarfsnefndirnar hafa haft mikla þýðingu fyrir báða aðila, ráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga, við lausn ýmissa mála, einkum fjárhagslegs eðlis.

Ákvæði 9. gr. grunnskólalaga um samstarfsnefndina eru þannig:

„Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra málefna, er lög þessi taka til. Ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna skal vera samstarfsnefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og tveimur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Skal hún fá til umsagnar reglugerðir, sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga samkvæmt lögum þessum, áður en þær eru gefnar út. Enn fremur fái hún til umsagnar ágreiningsatriði, sem kunna að verða varðandi þessi samskipti, áður en þau koma til úrskurðar.

Nefndin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.“

Nefndin hefur fjallað um reglugerðir sem út hafa verið gefnar samkvæmt grunnskóla- og skólakerfislögum, auk þess sem ýmis önnur mál hafa verið tekin til umræðu í nefndinni. Nefndin hefur þegar þetta er ritað haldið 17 fundi frá því er hún var skipuð.

Þá var hinn 31. maí 1976 komið á fót samstarfsnefnd milli ráðuneytisins og samtaka skólastjóra og kennara. Þessi nefnd hefur einnig, eftir að hún tók til starfa, fjallað um drög að reglugerðum o. fl. Í nefnd þessa voru skipaðir til þriggja ára formenn skólastjóra og kennarasamtaka, þannig: Ingi Kristinsson, skólastjóri, formaður Sambands ísl. barnakennara, Ólafur S. Ólafsson, kennari, formaður Landsambands framhaldsskólakennara, Arngrímur Sigurðsson, kennari, formaður Félags háskólamenntaðra kennara, Magnús Jónsson, skólastjóri, formaður Félags skólastjóra héraðs- og gagnfræðaskóla og Hans Jörgensson, skólastjóri, formaður Skólafélags Íslands.

Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, var skipaður formaður nefndarinnar, Knútur Hallsson, skrifstofustjóri, varaformaður, og Guðný Helgadóttir, stjórnarráðsfulltrúi, ritari.

Fljótlega að samþykktum skólakerfis- og grunnskólalögum var hafist handa um samningu þeirra reglugerð og erindisbréfa, sem lögín mæla fyrir um. Sú aðferð var höfð að koma á fót mörgum vinnuhópum í þessu skyni til þess að sem flest sjónarmið fengju að njóta sín eins og einnig var leitast við við undirbúning lagafrumvarpanna um skólakerfi og grunnskóla, sbr. hina víðtæku kynningu frumvarpanna með fundahöldum og breytingum á þeim í framhaldi af fundunum.

Vinnuhópar og verkefni þeirra voru sem hér segir:

1. Erindisbréf fyrir skólanefndir. Það verk var falið Ólvi Karlssyni, oddvita, Herði Zóphoníassyni, skólastjóra, og Valgarði Haraldssyni, námsstjóra, sem var formaður nefndarinnar.
2. Erindisbréf fyrir skólastjóra, yfirkennara og kennara. Það önnuðust Ingi Kristinsson, skólastjóri, formaður Sambands íslenskra barnakennara, formaður nefndarinnar, Ragnar Georgsson, skólafulltrúi, Skúli Halldórsson, formaður

- Félags háskólamenntaðra kennara, Ólafur S. Ólafsson, formaður Landssambands framhaldsskólakennara, og Rafn Eiríksson, skólastjóri Nesjaskóla.
3. Reglugerð samkvæmt 11. gr. grunnskólalaga, þar sem m. a. er kveðið á um fundarsetu skólastjóra, fulltrúa kennara og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka o. fl. á fundum fræðsluráða. Björn Halldórsson, skrifstofustjóri Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, og Indriði H. Þorláksson, deildarstjóri, sömdu þá reglugerð.
 4. Erindisbréf fyrir fræðslustjóra sömdu þeir Magnús Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristján Ingólfsson, námsstjóri.
 5. Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga skal almennur kennarafundur í skólum, sem eiga rétt á 8 föstum kennurum eða fleiri, auk skólastjóra, kjósa þriggja manna kennararáð, sem sé skólastjóra til ráðuneytis um daglega stjórn skólans. Reglugerð um þetta og fleiri atriði í 20. gr. sömdu Valgeir Gestsson, skólastjóri að Varmalandi, formaður, Gunnlaugur Sigurðsson, skólastjóri í Garðahreppi, og Bergþór Finnbogason, kennari á Selfossi.
 6. Samkvæmt 23. gr. grunnskólalaga á að semja framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið, bæði áætlun, sem tekur yfir 10 ára bíl og áætlun eitt ár fram í tímann. Indriði H. Þorláksson stýrir þessu verki.
 7. Reglugerð um umsjón og eftirlit í heimavistum sömdu þeir Sigurður Helgason, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu, formaður, Böðvar Stefánsson, skólastjóri að Ljósafossi, og Ólafur H. Kristjánsson, skólastjóri að Reykjum í Hrutafirði.
 8. Samkvæmt 28. gr. laganna á ráðuneytið að ákveða með reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytisins, árlegan hundraðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húsum og lóðum. Indriði H. Þorláksson og Torfi Ásgeirsson, deildarstjórar, fjalla um þetta.
 9. Samkvæmt 31. gr. grunnskólalaga á menntamálaráðuneytið að ákveða lágmarks-kennsluskyldu yfirkennara, miðað við stærð skóla. Stefáni Ólafi Jónssyni, deildarstjóra, var falið að semja reglur um þetta.
 10. Samkvæmt 40. gr. laganna á að setja reglugerð um ýmis atriði varðandi framkvæmd orlofs kennara. Þessa reglugerð sömdu þeir Helgi Þorsteinsson, skólastjóri á Dalvík, formaður, Jóhann Jóhannsson, skólastjóri, og Steinar Þorfinnsson, kennari.
 11. Samkvæmt 41. gr. laganna á að setja reglugerð um starfstíma skóla, m. a. ber að taka sérstakt tillit til atvinnuhátta og aðstæðna í skólahverfi. Einnig er í greininni fjallað um sumarskóla fyrir börn í 1.—6. bekk. Þetta verk önnuðust Andri Ísaksson, prófessor, Torfi Guðbrandsson, skólastjóri að Finnbogastöðum í Strandasýslu, og Angantýr Einarsson, skólastjóri á Raufarhöfn.
 12. Samkvæmt 42. gr. ber að setja grunnskólum aðalnámsskrá og í þessari grein laganna eru taldar upp þær námsgreinar, sem fyrirskipaðar eru í sjálfum lögnum. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að endurskoðun námsefnis og undirbúningi að aðalnámsskrá, sem gert var ráð fyrir að gæti komið til notkunar haustið 1975.
 13. Samkvæmt 43. gr. er ætlast til að menntamálaráðuneytið gangist fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, sem einkum hafa með höndum félagsstörf í skólunum, og ber ráðuneytinu einnig að sjá um að gefnar verði út leiðbeiningar um félagsstörf í skólum, kennurum til stuðnings. Var Reyni G. Karlssyni, æskulýðsfulltrúa, falið að annast þetta.
 14. Samkvæmt 45. gr. grunnskólalaga skulu leyfis dagar í skólum ákveðnir í reglugerð, að því leyti sem þeir eru ekki tilgreindir í lögnum sjálfum. Reglugerðina sömdu þeir Stefán Ólafur Jónsson, Sigurður Helgason og sr. Sigurður K. G. Sigurðsson.
 15. Samkvæmt 52. gr. grunnskólalaga á að sjá afbrigðilegum börnum fyrir kennslu í sérstofnunum og á menntamálaráðuneytið að hafa forgöngu um, að slíkar

- stofnanir verði reistar, láta gera heildaráætlun um þær og rekstur þeirra og skal slík áætlun komin til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laganna, en allur stofn- og rekstrarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til. Margrét Margeirsdóttir, félagsráðgjafi, Þorsteinn Sigurðsson, sérkennslufulltrúi, og Magnús Magnússon, skólastjóri Höfðaskóla, unnu að þessu verkefni.
16. Setja á reglugerð samkvæmt 54. gr. laganna, en sú grein fjallar um aga. Dr. Þuríður J. Kristjánsdóttir, prófessor, Sverrir Pálsson, skólastjóri á Akureyri, og Jón Hjartarson, skólastjóri að Kirkjubæjarklaustri, sömdu þessa reglugerð.
 17. Samkvæmt 62. gr. ber að setja reglugerð um framkvæmd námsmats. Hörður Lárusson, deildarstjóri, dr. Þuríður Kristjánsdóttir, prófessor, og Helgi Þorláksson, skólastjóri, hafa starfað að þessu.
 18. Samkvæmt 67. gr. ber ráðuneytinu í samræði við fræðslustjórana að gera heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu. Þetta verk önnuðust þeir Andri Ísaksson, prófessor, Ólvir Karlsson, oddviti, og Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri.
 19. Samkvæmt 72. gr. á að setja reglugerð um skólasöfn, þ. e. húsnæði þeirra, bókakost og önnur kennslugögn, starfslið og starfshætti. Þetta verk önnuðust þau Stefán Júlíusson, bókafulltrúi, Ásgeir Guðmundsson, skólastjóri, og Erla Jónsdóttir, skólabókavörður.
 20. Setja þarf reglur um, hvaða skilyrðum beri að fullnægja til þess að heimiluð verði forskólakennsla. Í nefnd til þess að sinna þessu verkefni voru skipuð Anton Sigurðsson, skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar, Jónas Pálsson, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans og Valborg Sigurðardóttir, skólastjóri Fóstur-skólans.

Vinna við reglugerðirnar hefur verið afar mikil, bæði hjá vinnuhópunum og eins í ráðuneytinu við samræmingu þeirra og úrvinnslu umsagna, sem leitað var eftir. Grunnskólanefnd starfaði áfram og var til aðstoðar við reglugerðarvinnuna, en aðallega voru það þó þrír nefndarmanna sem að því unnu: formaður nefndarinnar Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, Andri Ísaksson, prófessor og Kristján Ingólfsson, fræðslustjóri, meðan hans naut við. Grunnskólanefnd lauk störfum 15. febrúar 1978.

Reglugerðardrögin voru rædd í samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga og einnig í samstarfsnefnd ráðuneytisins og skólastjóra- og kennarasamtakanna eftir að henni var komið á fót. En öll er þessi vinna og endanlegt efni reglugerða og erindisbréfa að sjálfsögðu á ábyrgð ráðuneytisins, því að í ýmsum tilfellum hefur verið vikið frá frumtillögum vinnuhópa.

Fer hér á eftir yfirlit um þær reglugerðir og erindisbréf er út hafa verið gefin samkvæmt skólakerfis- og grunnskólalögum:

1. Reglugerð nr. 61 frá 7. mars 1975, um skipun og störf prófdómara við skóla gagnfræðastigsins. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 80—81.
2. Reglugerð nr. 62 frá 17. mars 1975, um orlof kennara og skólastjóra samkvæmt lögum nr. 63/1974, um grunnskóla. — Stj. tíð. 1975, B, bls. 81—83.
3. Reglugerð nr. 213 frá 28. maí 1975, um rekstrarkostnað grunnskóla. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 407—417.
4. Reglugerð nr. 214 frá 11. maí 1975, um greiðslu fæðiskostnaðar samkvæmt 9. gr. laga nr. 55/1974, um skólakerfi. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 418.
5. Reglugerð nr. 333 frá 11. júlí 1975, um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla. Stj.tíð. 1975, B, bls. 621—622.
6. Reglugerð nr. 512 frá 6. desember 1975, um skólareglur o. fl. í grunnskóla. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 1009—1010.
7. Reglugerð nr. 514 frá 6. desember 1975, um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl. — Stj.tíð. 1975, B, bls. 1011—1012.
8. Reglugerð nr. 79 frá 11. mars 1976, um starfstíma grunnskóla. — Stj. tíð. 1976, B, bls. 137—140.

9. Reglugerð nr. 80 frá 11. mars 1976 um leyfi í skólum. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 140.
10. Reglugerð nr. 182 frá 27. apríl 1976, um störf fræðslustjóra. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 293—300.
11. Reglugerð nr. 183 frá 27. apríl 1976, um fræðsluráð. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 300—304.
12. Reglugerð nr. 184 frá 27. apríl 1976, um kennarafundi og kennararáð. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 304—306.
13. Erindisbréf nr. 185 frá 30. apríl 1976, fyrir skólanefndir grunnskóla. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 306—315.
14. Erindisbréf nr. 197 frá 24. maí 1976, fyrir skólastjóra grunnskóla. — Stj. tíð. 1976, B, bls. 327—331.
15. Erindisbréf nr. 198 frá 24. maí 1976, fyrir kennara í grunnskóla. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 332—334.
16. Auglýsing nr. 352 frá 27. september 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla, (almennur hluti). — Stj. tíð. 1976, B, bls. 683.
17. Auglýsing nr. 353 frá 27. september 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (eðlis- og efnafræði). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 683.
18. Auglýsing nr. 354 frá 27. september 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (tónmennt). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 683.
19. Auglýsing nr. 355 frá 27. júlí 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (móðurmál). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 684.
20. Auglýsing nr. 356 frá 6. ágúst 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (erlend mál, danska og enska). — Stj.tíð. 1976, B, bls. 684.
21. Auglýsing nr. 357 frá 17. ágúst 1976, um gildistöku aðalnámsskrár grunnskóla (kristinfræði). — Stj. tíð. 1976, B, bls. 684.
22. Reglur nr. 445 frá 22. desember 1976, um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum. — Stj.tíð. 1976, B, bls. 847—848.
23. Auglýsing nr. 184 frá 3. maí 1977, um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla skólaárið 1977—1978. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 302—303.
24. Reglugerð nr. 270 frá 1. júní 1977, um sérkennslu. — Stj. tíð. 1977, B, bls. 421—428.
25. Reglugerð nr. 398 frá 3. nóvember 1977, um framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 693.
26. Reglugerð nr. 433 frá 9. desember 1977, um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 726—728.
27. Erindisbréf nr. 434 frá 9. desember 1977, fyrir leiðsögukennara. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 729—730.
28. Reglugerð nr. 435 frá 9. desember 1977, um heimavistir grunnskóla og starfsmannafund í heimavistar- og heimanakstursskólum. — Stj.tíð. 1977, B, bls. 730—732.
29. Erindisbréf nr. 23 frá 20. janúar 1978, fyrir æfingarkennara við Æfinga- og tilraunaskóla Kennaraháskóla Íslands. — Stj.tíð. 1978, B, bls. 56—57.
30. Reglur nr. 116 frá 28. febrúar 1978 um störf trúnaðarmanna og prófdómara við námsmat í grunnskóla.

Um reglugerðir þessar, námsskrár og erindisbréf gildir að sjálfsögðu, að um sífellda endurskoðun þarf að vera að ræða til þess að sníða af agnúa sem hljóta að koma í ljós í jafn umfangsmiklu og vandasömu verki og laga þarf leiðbeiningar og fyrirmæli að breyttum háttum og aðstæðum á hverjum tíma. Einnig þarf að endurskoða löggjöfina við og við og lagfæra hana í samræmi við reynslu og tímans rás.

Þær reglugerðir, sem enn hafa ekki verið settar þegar þetta er ritað, eru:

1. um skólasöfn
2. um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu
3. um forskólakennslu
4. um námstjórn
5. um námsmat.

Stjórn grunnskóla.

Yfirstjórn menntamála í landinu er í höndum **menntamálaráðuneytisins**. Í samræmi við ákvæði í grunnskólalögum hefur nú verið komið á fót **samstarfsnefnd ráðuneytisins** og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem hefur það hlutverk að vera ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laganna.

Í grunnskólalögum er það nýmæli að skipta landinu í fræðsluumdæmi eftir kjördæmum. Fræðsluumdæmin eru 8 og hafa verið kjörin fræðsluráð og skipaðir fræðslustjórar í þeim öllum. Grunnskólalögin gera ráð fyrir flutningi verkefna úr menntamálaráðuneytinu til hinna ýmsu fræðsluumdæma. Þessi ákvæði eru sem óðast að koma til framkvæmda eftir því sem fræðslustjóraembættin hafa aðstöðu til og hentugt þykir.

Í eldri lögum voru ákvæði um fræðsluráð og skólanefndir. Í öllum kaupstöðum og öllum sýslum voru fræðsluráð. Fræðsluráðin í kaupstöðum önnuðust það hlutverk sem nú hefur verið falið skólanefndum, en hlutverk fræðsluráðanna í sýslunum er nú fallið inn í starfssvið fræðsluráða fræðsluumdæmanna.

Í eldri lögum voru ákvæði um námseftirlit og námsstjóra. Í grunnskólalögum er þetta námseftirlit falið fræðslustjórum.

Skólanefndir samkvæmt grunnskólalögum starfa á svipuðum grundvelli og skólanefndir gerðu samkvæmt eldri lögum. Sú breyting hefur verið gerð á skipun skólanefnda frá því sem áður var, að skólanefnd kys sér sjálf formann, en áður var hann skipaður af ráðherra.

Í grunnskólalögum eru ákvæði um ráðningu skólafulltrúa sem er framkvæmdastjóri viðkomandi skólanefndar. Nokkrar skólanefndir hafa nú þegar notfært sér þetta ákvæði.

Nokkrar breytingar hafa orðið á stjórnnum einstakra skóla m. a. með tilkomu kennararáða í skólunum og auknum áhrifum kennara á stjórn skólanna. Þá eru ákvæðin um að skólar með 10 kennara eða fleiri eigi rétt á að ráða yfirkennara mikilsverð nýmæli. Nú eiga 63 skólar á landinu rétt á yfirkennurum samkvæmt þessum ákvæðum og er búið að ráða yfirkennara í 56 skóla. Í eldri lögum voru einungis heimildarákvæði fyrir sveitarfélög að ráða yfirkennara á sinn kostnað, en nú er yfirkennari ríkisstarfsmaður.

Almennt séð hafa áhrif kennara á stjórn skólamála verið aukin með ákvæðum um rétt kennara til að sitja fundi fræðsluráða og skólanefnda þar sem þeir hafa málfrelsi og tillögurétt.

Auk þess eru þau nýmæli í lögum að foreldrum og nemendum gefst nú kostur á að hafa frekari áhrif á skólastarfið en áður var með ákvæðum um foreldrafélög, sem eiga rétt á að hafa fulltrúa á kennarafundum, svo og ákvæðum um nemendaráð, en þau eiga rétt á að hafa fulltrúa á kennarafundum og fundum skólastjóra og kennararáðs.

Skólastjóri, kennarar og annað starfslið grunnskóla.

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um embættisgengi skólastjóra og kennara.

Skólastjórar.

Í 30. gr. grunnskólalaga eru ákvæði um embættisgengi skólastjóra sem ekki voru í eldri fræðslulögum. Þau kveða svo á um að eigi megi skipa skólastjóra við grunnskóla nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu.

Ákvæði þessi ná þó eigi til þeirra sem gegnt höfðu skólastjórastarfi fyrir gildistöku laganna.

Nú eru skólastjórar grunnskóla alls 208 þar af hafa 179 lokið kennaraprófi eða 86%. Af þeim 29 sem ekki hafa lokið kennaraprófi eru 9 skipaðir eða settir um óákveðinn tíma samkvæmt eldri lögum en 20 hafa verið settir til eins árs í stöður sem engir með kennsluréttindi sóttu um.

Yfirkennarar.

Í 31. gr. grunnskólalaga eru þau nýmæli að við grunnskóla, sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólastjóra, er menntamálaráðuneytinu heimilt að ráða yfirkennara.

Alls hafa 63 grunnskólar heimild til að fá ráðinn yfirkennara samkvæmt ákvæðum þessum og hafa nú 56 yfirkennarar verið settir eða skipaðir, þar af 48 með full kennsluréttindi.

Um embættisgengi yfirkennara gilda sömu ákvæði og um skólastjóra.

Kennarar.

Sömu ákvæði gilda samkvæmt grunnskólalögum um skipun kennara við grunnskóla og giltu áður um skipun kennara við barnaskóla. Mæla þau svo fyrir að engan megi skipa kennara við grunnskóla nema hann hafi lokið kennaraprófi, almennu eða sérgreindu (32. gr.).

Talsvert skortir á að allir kennarar við grunnskóla uppfylli þessi skilyrði.

Stafar það af því að eigi hafa sótt um allar auglýstar stöður menn með kennsluréttindi þrátt fyrir það að stöðurnar hafi verið endurauglýstar í flestum tilvikum.

Tafla á bls. 22 sýnir fjölda starfandi kennara við grunnskóla skólaárið 1977/78 og menntun þeirra (skólastjórar og yfirkennarar meðtaldir).

Í 33. gr. grunnskólalaga eru ákvæði um að stefnt skuli að því að skipun og setning í skólastjóra- og kennarastöður fari fram eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Hér er um nýmæli að ræða.

Einnig eru í sömu grein ákvæði um að skólastjórar og kennarar, sem láta af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, tilkynni það skriflega til skólanefndar og næsta yfirmanns síns (fræðslustjóra eða skólastjóra) fyrir 1. febrúar.

Í samræmi við þessi ákvæði hefur menntamálaráðuneytið í byrjun hvers árs hvatt skólanefndir til að tilkynna fræðslustjórum um stöðubreytingar svo fljótt sem auðið væri og hafa lausar stöður verið auglýstar jafnóðum og þær tilkynningar hafa borist.

Þrátt fyrir það hefur aðeins tekist að ráða hluta af grunnskólakennurum fyrir 1. júlí og stafar það mest af því að kennarar með kennsluréttindi hafa ekki sótt um hinar stöðurnar. Hafa þær því verið endurauglýstar fram eftir sumri.

Annað starfsfólk.

Í 34. grunnskólalaga er það nýmæli að gert er ráð fyrir að skólabrytar, sem ráðnir eru til að veita forstöðu mótuneytum í heimavistarskólum, verði ríkisstarfsmenn, ráðnir, settir eða skipaðir af menntamálaráðuneytinu. Þetta hefur þó eigi enn komið til framkvæmda.

Annað starfsfólk við mótuneyti og heimavistir grunnskóla er ráðið með svipuðum hætti og áður, en gert er ráð fyrir því í lögnum að heimilt sé að ráða sérstakan heimavistarstjóra, enda fullnægi hann skilyrðum um uppeldismentun.

Orlof skólastjóra og kennara.

40. gr. grunnskólalaga fjallar um orlof skólastjóra og kennara. Gerir hún m. a. ráð fyrir, að sami kennari geti á embættisferli sínum fengið samanlagt tvenn árs-laun til orlofs í stað 1½ áður og bætt er inn heimild til birtingar orlofsskýrslna.

Greinin felur í sér nokkrar breytingar á ákvæðum fyrri laga og miða þær að því að rýmka fyrri ákvæði og gera þau viðtækari. Helstu breytingar eru:

- a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil en nú 5 ár.
- b) Eldra ákvæði um að enginn kennari geti fengið orlof nema einu sinni (þ. e. full laun í eins árs orlofi) er rýmkað þannig að gert er ráð fyrir að orlof, sem nemur tveggja ára embættislaunum kennara, verði hámark eins og fyrr segir.

**Fastir kennarar við grunnskóla skólaárið 1977/78.
Skipting eftir prófum og fræðsluumdæmum.**

	Reykjavík		Reykjanes		Vesturland		Vestfirðir		Norðurl. vestra		Norðurl. eystra		Austurland		Suðurland		Alls	
	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%	fj.	%
Kennarapr. alm. eða sérgr. frá kennarask. eða háskóla	686	89,9	424	78,2	112	64,7	69	59,0	72	54,5	190	64,8	92	56,5	162	68,4	1807	74,7
B.A. eða B.S. próf	18	2,4	24	4,4	5	2,9	2	1,7	5	3,8	12	4,1	6	3,7	10	4,3	82	3,4
Önnur háskólapróf	6	0,8	5	0,9			1	0,9	1	0,8	2	0,7	2	1,2			17	0,7
Stúdentspróf og hluti háskólanáms	33	4,3	23	4,3	7	4,0	10	8,5	9	6,8	14	4,8	10	6,1	9	3,8	115	4,8
Stúdentspróf	14	1,8	27	5,0	24	13,9	14	12,0	16	12,1	41	14,0	18	11,1	31	13,1	185	7,7
Próf úr verslunarsk. eða Samvinnusk.	3	0,4	7	1,3	2	1,2	5	4,2	3	2,3	3	1,0	4	2,5	2	0,8	29	1,2
Iðn- eða tækni-fræðinám	1	0,1	8	1,5	8	4,6	2	1,7	4	3,0	6	2,1	7	4,3	8	3,4	44	1,8
Búfræði- eða garðyrkjunám			2	0,4			3	2,6	3	2,3			3	1,8	2	0,8	13	0,5
Tónlistar- eða myndlistarnám			4	0,7			1	0,9			1	0,3	1	0,6	1	0,4	8	0,3
Fósturnám			5	0,9	3	1,7			3	2,3	3	1,0	2	1,2	2	0,8	18	0,7
Landspróf eða gagnfræðapróf	2	0,3	11	2,0	11	6,4	10	8,5	13	9,8	19	6,5	15	9,2	9	3,8	90	3,7
Annað nám			2	0,4	1	0,6			3	2,3	2	0,7	3	1,8	1	0,4	12	0,5
Alls	763	100	542	100	173	100	117	100	132	100	293	100	163	100	237	100	2420	100

- c) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
- d) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt nema til samfellds náms.
- e) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
- f) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar.
- g) Við ákvæðið um skyldu kennara til að rita menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf og nám á orlofstímanum er bætt heimild til ráðuneytisins til þess að birta slíkar skýrslur. Er þetta gert annars vegar í því skyni að tryggja, að umræddur fróðleikur nái til sem flestra, og hins vegar til aukins aðhalds.
- Nánari ákvæði eru í reglugerð um orlof skólustjóra og kennara nr. 62/1975 er ráðuneytið gaf út 17. mars 1975.

Samkvæmt henni gerir sérstök nefnd skipuð 2 fulltrúum frá menntamálaráðuneytinu og 3 fulltrúum frá kennarasamtökunum tillögur til ráðherra um hverjir umsækjenda skuli hljóta orlof hverju sinni.

Fjárhæð sú, sem veitt er hverju sinni í fjárlögum til orlofs kennara, takmarkar fjölda orlofsþega.

Á síðustu árum hefur fjárveiting þessi nægt til að 1% af starfandi skólastjórum og kennurum fengju full starfslaun til endurmenntunar.

Í áðurnefndri reglugerð eru og ákvæði um að afgreiðslu orlofsumsóknna skuli lokið fyrir janúarlök ár hvert.

Þessi ákvæði hafa í för með sér að orlof eru nú afgreidd mun fyrr en áður var og gefur það orlofsþegum möguleika á að sækja um skólavist við erlendar menntastofnanir á réttum tíma.

Starfstími grunnskóla.

Samkvæmt 41. gr. grunnskólalaga skal reglulegur starfstími grunnskóla vera 7—9 mánuðir árlega og skal skólaárið, þegar miðað er við hámarkskenndlutíma, hefjast 1. september og því ljúka 31. maí.

Nánar er kveðið á um starfstíma grunnskóla í reglugerð nr. 79/1976 er menntamálaráðuneytið gaf út 11. mars 1976.

Reglugerð um leyfi í skólum, sbr. 45. grein grunnskólalaga, var gefin út 11. mars 1976.

Hér á eftir fylgir tafla yfir starfstíma grunnskóla skólaárin 1967/1968, 1973/1974 og 1977/1978:

	Fjöldi skóla			Fjöldi nemenda			%		
	67/68	73/74	77/78	67/68	73/74	77/78	67/68	73/74	77/78
9 mánuðir	41	44	66	19 420	23 261	27 035	50,14	56,90	70,08
8½ mánuður	1	17	3	136	5 632	311	0,35	13,77	0,81
8 mánuðir	104	104	109	16 218	10 661	10 427	41,87	26,07	27,03
7½ mánuður	6	5	5	295	306	130	0,76	0,75	0,34
7 mánuðir	33	24	23	1 810	822	555	4,67	2,01	1,44
Styttri en 7 mánuðir	50	19	10	858	204	118	2,21	0,50	0,30
Samtals	235	213	216	38 729	40 886	38 576	100	100	100

Í 41. gr. laganna stendur m. a.: „Æski skólanefnd, að hluta námsskyldu barna í 1.—6. bekk sé fullnægt með sumarskóla, getur fræðsluráð, að fenginni umsögn fræðslustjóra, heimilað að allt að fjórðungur kennslunnar fari fram með þeim hætti.“

Enginn skóli hefur ennþá óskað eftir að nota þessa heimild.

Sérkennsla í og utan grunnskóla.

Í lögum um grunnskóla er gert ráð fyrir kennslu fyrir alla og við hæfi hvers og eins. Verði kennslunni ekki við komið við venjulegar aðstæður í almennum grunnskóla skal sköpuð aðstaða þar eða annars staðar fyrir þá nemendur sem það hentar, sbr. 50. og 52. gr. laga um grunnskóla. Til þess að þetta yrði framkvæmt að fyrirmælum laganna hefur verið gefin út reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977. Við samningu þessarar reglugerðar var leitað álits flestra þeirra aðila sem málið snerti á einhvern hátt, bæði leikra og lærðra.

Rétt er að skýra nokkur orð sem notuð eru í reglugerð þessari vegna þess að þau kynnu að vera notuð á annan hátt í daglegu tali eða vera bundin öðrum hugtökum í málvitund manna.

1. Þjálfunarskóli er skóli fyrir nemendur með mjög skerta greind, þ.e. minni greind en 50 greindarvísitölustig. Þar er nám fyrst og fremst í því fólgið að þjálfar nemendur til sjálfsbjargar og þátttöku í einföldum störfum.
2. Hæfingarskóli er skóli fyrir nemendur með svo skerta greind og venjulega fleiri þroskahamlanir, að þeir geta ekki notfært sér nám í venjulegum grunnskóla. Greindarvísitala þessara nemenda er frá 50 til 70. Þeir geta tileinkað sér bóklegt nám að nokkru marki og orðið nýtir starfsmenn þó oft með eftirliti og aðstoð.
3. Sérskólar eru allir þeir skólar taldir utan hins almenna grunnskóla sem ofangreind reglugerð tekur til.
4. Sérkennsla er sú kennsla kölluð hér, sem fer fram í sérskólum, utan hins almenna grunnskóla, svo og öll sú kennsla sem veitt er í grunnskólanum í formi aðstoðar, talkennslu eða kennslu í sérdeildum af ýmsu tagi.
5. Athvarf er staður innan skóla (eða utan) þar sem nemendur með hegðunarvandkvæði eða geðræna örðugleika fá hópmeðferð (allt að 8 nem. samtímis) þann hluta dagsins sem þeir eru ekki í bekkjum sínum í skóla. Í athvarf eru nemendur valdir af sálfræðideild skóla — sálfræðiskrifstofu.
6. Meðfylgjandi skilgreining var höfð til viðmiðunar þegar skólamenn leituðu að þeim nemendum sem um getur í töflum 1—7.

Notkun fagorða til lýsingar á afbrigðum.

- I. Sérstakir námsörðugleikar kallast það þegar nemendur fá ekki full not af venjulegri kennslu vegna t.d. lestrar- eða skriftarörðugleika (orðblindu, dyslexi, dyskalkuli, dysgrafi, learning disability eða erfiðleika af félagslegum toga).
- II. Málhamlaðir kallast þeir, sem eiga erfitt með nám og tal vegna galla í talfærum eða miðtaugakerfi.
- III. Hegðunarvandkvæði hafa þeir, sem eru með geðræn vandamál (maladjusted, psychotic) og tilfinningalegur og félagslegur þroski er heftur eða í hættu að því marki að þeir eru ekki færir um að hafa gagn af kennslu í venjulegum bekk.
- IV. Treggreindir (slow learner) kallast þeir, sem geta ekki fylgst með kennslu í venjulegum bekk vegna alhliða námsörðugleika af greindarskortu.
- V. a) Vangefnir (mentally impaired, retarded, handicapped, subnormal) kallast þeir, sem ekki ná þroska til að uppfylla kröfur samfélagsins um nám, til félagslegs og fjárhagslegs sjálfstæðis.
- b) Heyrnleysingar kallast þeir, sem hafa svo skerta heyrn að þeim duga ekki heyrnartæki til tjáskipta. Uppeldisfræðilega greinist milli þeirra sem fæddir eru heyrnarlausir og hinna sem misst hafa heyrn eftir að mál hefur verið lært.
- c) Heyrnarskertir kallast þeir sem eru þannig að þeir geta því aðeins tileinkað sér kennslu að notaðar séu sérstakar kennsluaðferðir og kennslugögn þótt viðkomandi hafi heyrnartæki.
- d) Blindir kallast þeir, sem eru sjónlausir eða sjónin er svo lítil að hún verður ekki nýtt við nám (blindraletur).
- e) Sjóndaprir eru þeir sem eru þannig að þeir geta því aðeins tileinkað sér kennslu, að notaðar séu sérstakar kennsluaðferðir og kennslugögn þótt viðkomandi noti gleraugu.
- f) Hreyfihamlaðir kallast þeir sem heftast í hreyfingum af gervilimum, lömun, flogaveiki, vöðvarýrnun (dysproxia) vansköpun eða svo hreyfihamlaðir á annan hátt að ekki er hægt að kenna þeim með öðrum án sérstakra ráðstafana.
- g) Veikir teljast þeir sem eru hindraðir í að njóta almennrar kennslu vegna læknisfræðilegrar meðferðar eða hressingar eftir sjúkdóm.

Þessi reglugerð gerir ráð fyrir því að megnið af sérkennslu fari fram í almennum grunnskóla, í sérdeildum af ýmsu tagi, hjálparbökkjum, stuðningskennslu eða athvörfum. Einnig er tekið tillit til þess hóps sem verður að fá sitt nám utan hins almenna grunnskóla um lengri eða skemmri tíma, t. d. í þjálfunarskólum, en þar eru nemendur sem tileinka sér mismunandi þjálfun og þannig orðið hæfari samfélagsborgarar (greindarvísitala <50). Þá eru aðrir einstaklingar sem verða að vera í sérskólum vegna andfélagslegrar framkomu, og nokkur hópur þarf einnig að vera í hæfingarskóla (Öskjuhlíðarskóla) en það er sá hluti nemenda sem er með greindarvísitölu 50—70 og ekki nýtist nám í almennum grunnskóla. Oft er það vegna þess að fleira kemur til sem hamlar námsgetu en greindarskorturinn einn. Það má gera ráð fyrir að hinn almenni grunnskóli geti sinnt kennslu þessa hóps nemenda með greindarvísitölu 50—70 að $\frac{3}{4}$ til $\frac{4}{5}$ hlutum. Þessi nemendahópur er nokkuð stór eða 1.5—2.0% nemenda á grunnskólaaldri. $\frac{1}{5}$ til $\frac{1}{4}$ þeirra þarf á sérskóla að halda. Hér er um ca. 0.5% nemenda á grunnskólaaldri að ræða. Reglugerðin gerir að öðru leyti ráð fyrir ákveðnu svigrúmi fyrir sérfræðinga um það hvernig sérkennslu og aðstoð verði best hagað.

Ráðinn hefur verið sérkennslufulltrúi í menntamálaráðuneytið til þess að annast þessi mál. Hans verkefni er að skipuleggja sérkennslumál í samvinnu við fræðslustjórana og sjá um framkvæmd þeirra fyrir hönd ráðuneytisins.

Ýmislegt hefur verið unnið að sérkennslumálum á landinu bæði fyrir og eftir setningu laga um grunnskóla 1974 og eru þar oft óljós skil milli framkvæmda. Rétt er því að leggja málið fram eins og best er vitað um aðstæður nú.

Sérkennsla innan hins almenna grunnskóla.

Innan hins almenna grunnskóla er málum háttað eins og eftirfarandi tölur bera með sér.

Eins og fram kemur í töflum 1—8 telja skólamenn að 7% til tæplega 17% grunnskólanemenda þurfi sérkennslu við. Mikill meirihluti þeirra nýtur hennar. Sá hluti skólaskyldra nemenda sem þarfnast sérkennslu en fá ekki er frá 0.67% í Suðurlandsumdæmi til 4.42% í Norðurlandsumdæmi vestra. Sennilega veldur mest um að nemendur fá ekki aðstoð að kennara skortir.

Ekki kemur hér fram hvað mikið kennslumagn fer til þessarar sérkennslu. Hjálp veitt nemendum er mismikil.

Nemendur í grunnskólum skólaárið 1976—77 voru 39 785. Af þessum nemendum nutu 3 553 aðstoðar eða 8.93%.

Í fræðsluumdæmunum eru 732 nemendur, að mati skólamanna, sem þurfa aðstoð, en fá ekki. Hér er um 1.84% nemenda að ræða.

Stærsti hópurinn er haldinn lítt skilgreindum námserfiðleikum og auðséð er að skólamenn eru tregir til að dæma nemendur treggreinda.

Í Reykjavík eru hegðunarvandkvæði ekki talin, en þau falla undir aðra starfsemi fyrir taugaveikluð börn og kemur það annars staðar fram í þessari skýrslu.

Þær prósentutölur sem fram koma í töflum eru reiknaðar af nemendafjölda á grunnskólastigi í viðkomandi fræðsluumdæmi á ofangreindu skólaári.

Tafla 1.**Reykjavík.**

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	1 500	11,5	100	0,8	1 600	12,3
Málhamlað	194	1,5	127	0,9	321	2,4
Hegðunarvandamál						
Treggreindir	149	1,1	60	0,5	209	1,6
Aðrir	50	0,4	5	0,04	55	0,44
Samtals	1 898	14,6	292	2,2	2 190	16,8

Tafla 2.**Austurland.**

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	215	9,07	31	1,3	244	10,3
Málhamlaðir	4	0,17	3	0,12	7	0,29
Hegðunarvandamál	12	0,5	16	0,55	28	1,05
Treggreindir	10	0,42	4	0,17	14	0,59
Aðrir	11	0,46	5	0,21	16	0,67
Samtals	252	10,64	59	2,49	311	13,13

Tafla 3.**Norðurland vestra.**

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	35	3,78	33	3,56	68	7,34
Málhamlaðir	1	0,11	1	0,11	2	0,22
Hegðunarvandamál	1	0,11	2	0,22	3	0,32
Treggreindir			4	0,43	4	0,43
Aðrir	4	0,43	1	0,11	5	0,54
Samtals	41	4,42	41	4,42	82	8,85

Tafla 4.**Norðurland eystra.**

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	151	3,85	34	0,87	185	4,71
Málhamlaðir	18	0,46	21	0,53	39	0,99
Hegðunarvandamál	2	0,05	11	0,28	13	0,33
Treggreindir	23	0,59	9	0,23	32	0,82
Aðrir	16	0,41	10	0,25	26	0,66
Samtals	210	5,35	85	2,17	295	7,52

Tafla 5.

Suðurland.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	139	3,8	10	0,3	149	4,1
Málhamlaðir	19	0,53	4	0,11	23	0,6
Hegðunarvandamál	27	0,7	2	0,06	29	0,8
Treggreindir	28	0,8	7	0,2	35	1,0
Aðrir	13	0,4			4	0,4
Samtals	226	6,31	23	0,67	249	6,98=7

Tafla 6.

Vestfirðir.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	81	4,38	12	0,65	93	5,03
Málhamlaðir	4	0,21	1	0,05	5	0,26
Hegðunarvandamál	7	0,37	2	0,10	9	0,47
Treggreindir	30	1,65	5	0,3	35	1,95
Aðrir	8	0,43	3	0,2	11	0,63
Samtals	130	7,04	23	1,3	153	8,34

Tafla 7.

Vesturland.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	152	5,69	40	1,50	192	7,19
Málhamlaðir	10	0,37	7	0,26	17	0,63
Hegðunarvandamál	52	1,94	15	0,56	67	2,51
Treggreindir	59	2,21			59	2,21
Aðrir	23	0,86	3	0,11	26	0,97
Samtals	297	11,13	65	2,44	362	13,57

Tafla 8.

Reykjanes.

	Fá aðstoð	%	Fá ekki aðstoð	%	Samtals	%
Sérstakir námsörðugleikar	386	4,23	118	1,29	504	5,52
Málhamlaðir	46	0,50	8	0,09	54	0,59
Hegðunarvandamál	22	0,24	14	0,15	36	0,39
Treggreindir	32	0,35	2	0,02	34	0,37
Aðrir	13	0,14	2	0,02	15	0,16
Samtals	499	5,46	144	1,57	643	7,04

Gera verður ráð fyrir að koma þurfi á fót athvörfum í hverju fræðsluumdæmi. Þessi skoðun er studd þeim hegðunaryvandamálum sem fram koma í töflum 1.—8. Alls eru hér 137 tilfelli og má búast við að ekki sé allt talið. Reykjavík virðist hafa leyst sín hegðunaryvandamál í athvörfum.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla er gert ráð fyrir kostnaði ríkissjóðs af stofnun og rekstri skólaathvarfa:

„Í skólaheimavistum fyrir nemendur, sem falla undir ákvæði c, d og e-liða 51. gr. laga um grunnskóla, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélögum helming kostnaðar við gæslu, þjónustu, við endurnýjun tækja og búnaðar, viðhald húsa, kennslutækja og innanstokksmuna, svo og húsaleigu.

Af launakostnaði við matseld, vörslu og aðstoð við nemendur í dagvistun (skólaathvarfi) endurgreiðir ríkissjóður laun einnar forstöðukonu, auk þess sem samsvavar launum starfsstúlku í hálfu starfi fyrir hverja 16 nemendur eða annað hlutfall úr heilu starfi sé um aðra nemendatölu að ræða.

Allar endurgreiðslur eru háðar áætlun samþykktari af menntamálaráðuneytinu fyrir upphaf skólahalds ár hvert. Við endurgreiðslu skal taka tillit til almennra launahækkana og hækkana á öðrum kostnaðarliðum, sem samþykktir voru í áætlun.

Kostnað vegna matvæla og sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu þessara nemenda endurgreiðir ríkissjóður að hálfu.

Um rekstur þessara stofnana gilda að öðru leyti sömu ákvæði og um almenna grunnskóla.“

Kennsla, sem er samfara rekstri athvarfa, er innifalin í kennslumagni grunnskóla fræðsluumdæmisins.

Kostnaður við athvörf er fyrst og fremst rekstur og stofnbúnaður en víða mun hægt að koma athvarfi fyrir í húsnæði skóla viðkomandi staða.

Gert er ráð fyrir að 16 nemendur geti verið í sama athvarfi í tvísetnum skóla, 8 f. h. og 8 e. h.

Erfitt er að segja um kostnað og hefur það mest að segja hvort hægt er að nýta húsnæði sem fyrir er til þessara starfa.

Í áætlun Reykjavíkurborgar er reiknað með að kostnaður ríkisins sé 147 000 á nemanda yfir skólaárið.

Kostnaðaráætlun fyrir athvarf í Vestmannaeyjum var samþykkt 1977 og er hún birt hér til viðmiðunar um kostnað.

Athvarf í Vestmannaeyjum.

Hluti ríkissjóðs af kostnaði skv. áætlun:

½ stofnkostnaður	kr. 715 500
Laun ráðskonu í 10 mán. og laun aðstoðarstúlku að hluta	— 1 216 660
½ efniskostnaður í fæði nemenda	— 422 400

Samtals Kr. 2 354 560

Laun kennara greiðast af ráðstöfunarfé til stuðningskennslu í grunnskóla sbr. reglugerð nr. 213/1975.

Ef miðað er við áætlun Reykjavíkur um rekstrarkostnað er hluti ríkisins af kostnaði á rekstri athvarfa utan Reykjavíkur fyrir 100 nem. 14 700 000 kr. á ári. Kostnaður við búnað, þótt húsnæði sé fyrir hendi, er ekki undir 2 000 000 kr. á athvarf og er þá hluti ríkisins helmingur þess.

Sérdeildir o. fl. í fræðsluumdæmum.

Í nokkrum tilfellum er hinn almenni grunnskóli ekki þannig í stakk búinn að hann geti veitt þeim stóra hóp hjálp sem talinn er með „sérstaka námsörðugleika I“. Hér er oft um vandamál að ræða sem hægt er að leysa á tiltölulega skömmum

tíma við góðar aðstæður. Hér er um 2777 nemendur að ræða. Í flestum tilfellum ráða skólarnir við vandann, en þó eru sum vandamál þannig að sérstakar ráðstafanir þurfa að koma til. Ýmislegt hefur verið reynt og má þar nefna sérdeildir í grunnskóla, farandkennsla sérmenntaðra kennara. Slík kennsla byggist á greiningu vandans, námsáætlun í samræmi við greininguna og aðstoð til kennara skólans við að vinna eftir gerðri áætlun. Þá er einnig möguleiki að veita þessum nemendum aðstoð í sérskóla, þar sem unnið er hratt og markvisst að lausn vandans.

Á Suðurlandi er starfrækt sérdeild í Þingborg. Þessi deild hefur verið starfrækt í 4 ár með góðum árangri. Þar eru nemendur í heimavist, en fara heim til sín um helgar. Ýmis vandamál eru þó í sambandi við sérfræðilega þjónustu, enda er ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta ekki tekin til starfa á Suðurlandi.

Sérdeild var starfrækt fyrir Austurland í Nesjaskóla í Nesjahreppi frá hausti 1975 til vors 1977. Skólaárið 1977—78 er þessi deild ekki starfandi vegna þess að engir kennarar fengust að deildinni. Hér voru nemendur í heimavist, en fóru heim til sín um jól og páska. Það háði mjög starfsemi deildarinnar að sérfræðilega aðstoð skorti.

Fræðslustjóri mun taka starfsemi þessarar deildar til athugunar í samráði við menntamálaráðuneytið fyrir næsta skólaár.

Hugmynd hefur verið um að leysa vanda Vestfjarða- og Vesturlandsumdæma í slíkum sérskóla og taka Staðarfell í Dölum undir þá starfsemi. Þar er reiknað með 20 nemendum samtímis og kostnaður var áætlaður í byrjun skólaárs 1977—78 kr. 32 millj. á ári.

Nemendur yrðu samkv. skilgreiningu á bls. 24, I.

Kennsla utan hins almenna grunnskóla.

Ástand kennslu utan hins almenna grunnskóla hefur lengi verið í mótun og hefur farið hægara hér en hjá nágrannaþjóðum okkar. Það hefur augljóslega bæði kosti og galla. Gallar eru helst þeir að ýmislegt er ógert sem betur hefði komist í framkvæmd, en við höfðum einnig losnað við sum þeirra mistaka sem fylgja forgöngu og má það teljast til kosta.

Heyrnleysingjakennsla er elsta sérkennsla hér á landi og býr hún nú við allgóðan húsakost. Flutt var í ný húsakynni árið 1971. Skólinn hefur ekki nægilega mörgum kennurum á að skipa til þess að geta leitt nemendur sína út á vinnumarkaðinn. Sjá töflu nr. 10.

Árið 1975 var lokið við byggingu I. áfanga Öskjuhlíðarskóla. Það voru tímamót í kennslumálum landsins því þá tók til starfa I. hæfingarskóli ríkisins (þ. e. skóli fyrir nemendur með grv. 50—70). Áður hafði sams konar skóli verið rekinn af Reykjavíkurborg í ófullnægjandi húsnæði. Það var Höfðaskólinn. Hann var lagður niður þegar Öskjuhlíðarskólinn tók til starfa. Hér er aðeins um I. áfanga þessa skóla að ræða. Veitt hefur verið fé til þess að hefja framkvæmdir við næsta áfanga og er unnið að rannsókn á brýnustu þörfum, svo og teiknivinnu. Gert er ráð fyrir að vinna við verklegar framkvæmdir geti hafist á árinu 1978.

Nokkur hluti starfsemi þessa skóla fer fram í Kjarvalshúsi á Seltjarnarnesi. Hér er um fyrstu byrjun að sérfræðideild Öskjuhlíðarskóla að ræða, en henni eru ætluð eftirtalin verkefni í 10. gr. reglugerðar um sérkennslu nr. 270/1977:

„Við Öskjuhlíðarskóla starfi sérfræðideild sem annist eftirtalin verk:

- a) rannsókn og greiningu á þroskaheftum börnum sem vísað er þangað til rannsóknar; ennfremur ráðgjöf og tilvísanir til meðferðaraðila,
- b) skráningu og varðveislu upplýsinga um þroskaheft börn og ungmenni, m. a. í samvinnu við Kópavogshæli (göngudeild), sbr. reglugerð nr. 142/1977 um heilsgæslu, félagslega aðstoð við andlega vanþroska fólk, sem ekki dvelst á fávitastofnunum,
- c) leiktækjaþjónustu og uppeldisráðgjöf til foreldra þroskaheftra barna yngri en 7 ára,

- d) heilsugæslu nemenda sérskóla utan grunnskóla, þar með talin sjúkráþjálfun og eftirlit með sjón, heyrn og málmeinum, í samráði og samvinnu við heilbrigðis- yfirvöld og aðra þá aðila er sinna þessum málum,
- e) eftirvernd nemenda sérskóla utan grunnskóla, svo sem einstaklingsráðgjöf og félagslega aðstoð við þá nemendur sem leita starfa í atvinnulífi í samráði við hlutaðeigandi sérskóla, endurhæfingarráð og félagsmálaráð sveitarfélaga,
- f) leiðbeiningarstarf og þjálfun starfsmanna í samráði og samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla, Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, Fósturskóla Íslands og Þroskaþjálfaskóla Íslands eftir því sem við á. Skóla- stjóri Öskjuhlíðarskóla hefur forgöngu um að störf sérfræðideildar og fræðslu- skrifstofa að þessum málum séu samhæfð.

Það veldur miklum óþægindum að öll starfsemi skólans skuli ekki geta verið á sama stað.

Gert er ráð fyrir að Öskjuhlíðarskóli rúmi 200 til 240 nemendur fullbyggður, og ætti það að geta svarað þörf landsins eða ca. 0.5% nemendafjölda í 1.—9. bekk á landinu öllu.

Í Öskjuhlíðarskóla eru nemendur nú 140 og 12 í sérfræðideildinni í Kjarvals- húsi.

Þjálfunarskólar eru ætlaðir þeim nemendum sem hafa mun skertari greind en þeir sem stunda nám í hæfingarskóla þ. e. grv. <50. Nám í slíkum skólum er því oft mjög frábrugðið því sem gerist í almennum grunnskóla. Þar er mest byggt á verklegri þjálfun. Þjálfunarskólar eru reknir við allar fávitastofnanir landsins og njóta þeir nemendur, sem þar eru, kennslu að einhverju marki. Engin þessara stofnana hefur þó húsnæði til skólarekstrar sem talist getur viðunandi. Sjá töflu 11. Veitt hefur verið fé til byggingar fyrsta skóla af þessu tagi, Lyngásskóla í Reykjavík.

Það er nauðsynlegt að koma upp samskonar aðstöðu og Öskjuhlíðarskólinn veitir sínum nemendum fyrir þjálfunarhæfa nemendur sem ekki geta notið kennslu heima hjá sér. Vonandi getur Lyngásskólinn sinnt því hlutverki að einhverju marki. Hér er einkum átt við þá 200 nemendur, sem skráðir eru neðst á töflu 10.

Lítið er vitað um þennan hóp sem kemur fram í skýrslu Margrétar Margeirs- dóttur sem hún birti árið 1975 í sambandi við könnun þá sem hún gerði fyrir heil- brigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Skýrslan heitir „Könnun á fjölda vangefinna og skipting þeirra eftir landshlutum“.

Í ofangreindri skýrslu eru tölur sem sýna hve margir vangefnir eru í heima- húsum. Samkvæmt þessum tölum eru 347 einstaklingar á aldrinum 0—20 ára sem enga kennslu fá. Gera má ráð fyrir að hér séu ca. 200 einstaklingar á skólaskyldualdri,

347 · 12

þ. e. 6 ára til 18 ára (———— = 208).

20

Ekki er hægt að áætla þessum hóp sérfræðipjónustu vegna þess hve lítið er um hann vitað. Ekki er heldur hægt að gera sér grein fyrir kennslu þessara nem- enda á forskólaaldri.

Tafla 9 er yfirlit yfir kennslu þroskaheftra nemenda nú sem njóta kennslu utan hins almenna grunnskóla. Í liðnum „annað starfsfólk“ eru taldar fósturur, þroskaþjálfar og uppeldisfulltrúar, sem vinna með börnum að þroskandi störfum og uppeldi, en auk þess annað starfsfólk svo sem hús-, bað- og gangverðir, mat- ráðskonur o. fl.

Tafla 10 sýnir þá þörf sem telja verður að sé fyrir sérkennslu þroskaheftra nemenda utan grunnskóla. Hér eru mun fleiri nemendur en nú fá slíka kennslu. Einkum er um mikla fjölgun að ræða í Öskjuhlíðarskóla. Eftirspurn eftir skólavist þar er mjög mikil og ekki hægt að sinna öllum beiðnum eins og er.

Þeir 200 nemendur, sem áður er fjallað um, hækka einnig þessa tölu frá því sem nú er.

Tafla 9.

Skólar	Nem.fj. 1977—78	Kennara- stöður 1977—78	Annað starfs- fólk 1977—78	Sérfr., lækn., félagsráðgj., sjúkraþjálfar 1977—78
Öskjuhlíðarskóli og Kjarvalshús	151	30,07	17,75	3,24
Sólborg Akureyri	36	5,46		
Skálatún Mosfellssveit	31	4,94		
Tjaldanes Mosfellssveit	13	2,40		
Sólheimar Grímsnesi	6	2,00		
Kópavogshæli	49	2,10		
Lyngás	36			
Bjarkarás	10	9,00		
Sérkennslustöð Kópavogi	10—12	2,19	2,00	
Geðdeild Barnaspítala Hringins	14	3,18		
Landspítali skóli	16	2,06		
Heyrnleysing jaskólinn	58	16,94	4,00	
Uppþökuheimili Kópavogi	10+3	1,59	13,66	0,50
Breiðavík	6	1,06	5,00	
Bjarkarhlíð	10	4,24	2,00	0,10
Blindræðild Laugarnesskóla	8	2,19	1,00	
Hreyfihamlaðir Hlíðaskóli	16			
Heyrnarskertir Hlíðaskóli	6	5,99	2,00	
Málhamlaðir Hlíðaskóli	6			
Deildir Laugarn. Breiðög.	15	4,24	1,83	
Þingborg Arnessýslu	12	1,99	1,30	
Sérdeild Kársnesskóla	6	1,06		
Sérdeild Akureyri	10	1,05	0,40	
Samtals	537	103,75	50,9	3,34

Tafla 10.

Skólar	Nem.fj.	Kennara- stöður þörf	Annað starfs- fólk þörf	Sérfr., lækn., félagsráðgj., sjúkraþjálfar þörf
Öskjuhlíðarskóli og sérfr.d.	240	51,66	28,00	10,92
Sólborg Akureyri	36	6,64	1,5	2,2
Skálatún Mosfellssveit	31	5,72	1,5	1,91
Tjaldanes Mosfellssveit	13	2,40	0,5	0,50
Sólheimar Grímsnesi	6	2,00	0,3	0,28
Kópavogshæli	49	9,04	1,66	
Lyngás	36	6,64	1,5	1,70
Bjarkarás	10	1,84	0,5	0,83
Sérkennslust. Kópavogi	12	4,43	2,00	0,35
Geðdeild barnaspítalans skóli	14	7,74		
Landspítali, barnadeild skóli	16	2,50		
Heyrnleysing jaskólinn	58	19,26	4,00	0,76
Uppþökuheimilið Kópavogi	13	3,84	13,66	0,50
Skólah. Breiðavík	6	1,77	5,00	
Bjarkarhlíð	10	3,69	2,00	0,50
Blindræðild Laugarnesskóla	8	2,95	0,25	0,10
Hreyfihamlaðir Hlíðaskóli	16	5,31		
Heyrnarskertir Hlíðaskóli	6	1,10	0,50	
Málhamlaðir Hlíðaskóli	6	1,10		
Deildir Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla	15	5,54	1,00	0,66
Þingborg Arnessýslu	12	1,99	2,00	0,26
Sérdeild Akureyri	10	1,66	0,13	0,26
Óskilgreindur hópur í heimahúsum	200	36,16	2,50	
Sérdeild Staðarfell	20	5	6	
Samtals	843	189,55	74,5	

Í töflu 10 er gert ráð fyrir að ekki færri en 40 nemendur Öskjuhlíðarskóla séu fjölfatlaðir. Þessi tala er byggð á því hlutfalli fjölfatlaðra sem nú er í skólanum.

Sérfræðipjónustu þarf að auka mikið frá því sem nú er, einkum við Öskjuhlíðarskóla. Hér er að nokkru rennt blint í sjóinn vegna takmarkaðrar reynslu. Þó verður að gera ráð fyrir að fremur sé van- en ofreiknað. Tafla 11 sýnir hvernig sérfræðistörfin skiptast.

Áður hefur verið sagt að skólamenn telji að ca. 12% nemenda grunnskóla séu þurfandi fyrir aðstoð. Reikna má með að þessi hópur þarfnist einnig sérfræðilegrar meðferðar. Grunnskólafrumvarpið gerði ráð fyrir að 39650 nemendur í grunnskóla þyrftu 16 sálfræðinga. 12% af þessum nemendahópi eru 4752 nemendur og kæmi þá 297 nemendur á hvern sálfræðing.

Í töflu 10 er gert ráð fyrir að 1 sálfræðingur komi á 142 nemendur til jafnaðar. Hér á hver nemandi við miklu meiri vandamál að stríða en þeir sem eru í almennum grunnskóla og má því telja að hér sé um eðlilegt hlutfall að ræða.

Sama máli gegnir um félagsráðgjafa. Hér er mikill fjöldi nemenda sem flytja verður að heiman til vandalausra og þurfa þá allir aðilar, nemandi, foreldrar og fósturforeldrar á mikilli félagslegri aðstoð að halda.

Tafla 10 skýrir sig sjálf. Þar kemur fram að of lítið er vitað um 200 nemendur talda á töflu 10 til þess að hægt sé að áætla sérfræðingabörf fyrir þá.

Tafla 11.

Sérfræðingabörf.

Skólar	Sálfr.	Sjúkraþj. löjubj.	Læknar	Félagsráðgj.	Hjúkrunarfr.
			Klst. á viku		
Öskjuhlíðarskóli og Kjarvalshús (sérfr.d.)	80	140	68	120	30
Heyrnleysing jaskólinn	5		5	20	
Sérkennslust. Kópavogi	4			10	
Tjaldanes	5	13	1		
Sólborg Akureyri	7	40	1	40	
Skálatún	7	40	1	27	
Sólheimar	2	4	1	4	
Kópavogshælið	Hælið annast þjónustu				
Lyngás	7	40	1	20	
Bjarkarás	2	20	1	10	
Geðdeild barnaspítala Hringins	Spítalinn annast þjónustu				
Landspítalinn skóli	Spítalinn annast þjónustu				
Upptökuheimilið Kópavogi	20			20	
Skólaheimilið Breiðavík	Upptökuheimilið annast þjónustu				
Bjarkarhlíð	2		1	8	
Blindræðild Laugarnesskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Hreyfih. Hlíðaskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Heyrnarsk. Hlíðaskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Málhaml. Hlíðaskóla	Öskjuhlíðarskóli annast þjónustu				
Deildir Laugarnesskóla og Breiðagerðisskóla	4		2	20	
Þingborg sérd. Árn.	4		5	5	
Akureyri sérdeild	4		1	5	
Óskilgreindur hópur í heimahúsum					
Samtals tímar	153	297	88	309	30
Samtals sérfræðingar	3,83	7,53	2,20	7,73	0,75

Tala og flokkun sérfræðinga vegna Öskjuhlíðarskóla er gerð í samræmi við skoðanir sérfræðinga, sem þar vinna. Þeir telja þó að þessi áætlun geti tekið breytingum. Önnur flokkun er byggð á takmarkaðri reynslu þeirra sem á stofnunum vinna.

Tölurnar í töflu 12, um húsnæðisþörf eru fundnar eftir þeirri meginreglu, að sé um sérstofnanir að ræða er áætlað þrefalt húsrými á hvern nemanda borið saman við venjulega nemendur. Þetta stafar af því hvað nemendahóparnir eru miklu minni en í venjulegri kennslu. Stofur geta þó ekki verið minni að sama skapi. Stofur í Öskjuhlíðarskóla eru t. d. 40 m² á móti 60 m² í venjulegum grunnskóla.

Sé þroskaheftum nemanda kennt í venjulegum grunnskóla (integration) er reiknað með tvöfaldri húsrýmispörf á við aðra nemendur. Hér er húsrýmispörfin minni en vegna samnýtingar á stjórnarrými o. fl.

Mismunur þess sem nú er og þeirrar þarfar sem gera verður ráð fyrir á kennurum, öðru starfsliði, svo sem fóstrum, uppeldisfulltrúum og öðru starfsliði skóla, sérfræðingum og húsnæði og kostnaði við framkvæmd.

Tafla 12.

	Kennarar	Annað starfsfólk	Sérfræðingar	Húsnæði og bún.
Þörf	190,63	74,5	21,93	15,400 m ²
Nú	103,84	50,9	3,84	5,250 m ²
Mismunur	86,79	23,6	18,09	10,150 m ²
Mismunur án brota	87	24	18	10,150 m ²
Mismunur kr.	199 311 084	47 530 368	49 174 560	1 620 000 000

Skýringar við töflu 12:

Liðurinn „Annað starfsfólk“	12 fóstrur 10 fl. 3. þrep og 12 þroskaþj. 10 fl. 3. þrep.
Liðurinn „Sérfræðingar“	3 sálfræðingar BHM 108 5. þrep. 7 félagsráðgjafar BHM 106 5. þrep. 6 sjúkraþjálfar BHM 106 5. þrep. 2 læknar sérsamn. 400 000 á mán.
Liðurinn „Húsnæði og bún.“	er reiknaður út samkv. byggingavísitölu janúar 1978 og normum um skólabyggingar.

Töflur 1 til 12 eru miðaðar við grunnskólaaldur með þeim frávikum sem lög um grunnskóla gera ráð fyrir sbr. 52. gr.

Af því má ráða, að framhaldsnám (verknám) er aðeins að litlu leyti leyst enn sem komið er.

Vistanir vegna sérkennslu.

Á skólaárinu 1977—78 eru milli 40—50 vistanir nemenda Öskjuhlíðarskóla, Lyngáss og sérdeilda í Reykjavík.

Þá er rekið fjölskylduheimili í leiguhúsnæði í Selbrekku 32, Kópavogi, fyrir 6 nemendur sem erfitt mundi að vista hjá fjölskyldum. Þá er einnig heimavist vegna sérdeildar við Þingborg í Árnassýslu, en þar eru 12 nemendur.

Margt er ótalið sem gera þarf í tengslum við nám og kennslu þroskaheftra nemenda.

Eitt brýnasta verkefnið framundan er gerð námsskrár og kennslutækja í samræmi við hana. Til þess að svo megi verða þarf að veita fé til þess á fjárlögum.

Áætlun um kennslu samkv. 50., 51. og 52. gr. laga um grunnskóla.

Áætlun um kennslu samkv. 50., 51. og 52. gr. laga um grunnskóla fjallar um það sem ógert er og gera þarf. Upplýsingar, sem hún er byggð á, eru ekki fyllilega tæm- andi, einkum hvað varðar sérfræðileg störf. Lög um grunnskóla gera ráð fyrir að kennsla þeirra nemenda, sem ofangreindar lagagreinar taka til, sé komin í gott horf að 10 árum liðnum frá samþykkt þeirra.

Áætlunin er samín með það í huga að hún verði framkvæmd í 2 þriggja ára áföngum. Í hvorum áfanga um sig er húsnæðisþörf skipt til helminga að heita má. Byggingar við Öskjuhlíðarskóla, Lyngás og Hlíðaskóla eru þegar í fjárlögum. Skóla- húsnæði fyrir geðdeild Barnaspítala Hringsins þarf að leysa með færanlegum kennslustofum þar sem húsnæði spítalans er til bráðabirgða.

Húsnæði fyrir kennslu þess hóps sem kallaður er „óskilgreindur hópur í heima- húsum“ hefur verið hlutað þannig sundur að reiknað er með að byggja 28.5% af áætlaðri húsnæðisþörf á fyrra tímabilinu.

Heimavistarhúsnæði er mjög lítið enda er sú stefna ríkjandi að koma sem flest- um í fóstur á einkaheimilum og hafa fjölskylduheimili fyrir þá eina sem ekki er hægt að vista öðruvísi.

Þörf fyrir sérfræðinga hefur verið skipt á bæði tímabilin en þó eru þeir fleiri sem koma á það fyrra, enda bíða mörg óleyst verkefni. Reynt er þó að dreifa ráðn- ingu þeirra á bæði tímabilin.

Kennsla verður að hefjast af fullum krafti sem allra fyrst, því er gert ráð fyrir að nær allir kennarar og „annað starfsfólk“, sem að kennslu og uppeldisstörfum vinnur, sé ráðið á tímabili fyrra áfanga.

Þetta er einnig í samræmi við, að þær byggingar, sem um ræðir í fyrri hluta, verði teknar í notkun á þessu tímabili.

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga.

Áætlun fyrir árin 1978—79 og 80.

Stofnanir	Kenn- arar	Annað starfs- fólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m ²	Heima- vist m ²
1. Öskjuhlíðarskóli(og Kjarvalsh.)	21,59	10,25	40	80	20	80	10	2 500	500
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes	0,3	3,5	12	40	4	30	20	1 200	
3. Kópavogshæli	7,3								
4. Sólborg Akureyri	1,2	1,5	7	40	1				
5. Sólheimar Grímsnesi			2	4	1				
6. Sérkennslustöð Kópavogi	2,24		4		5	10			
7. Geðdeild Barnasp. Hringsins	2,0							250	
8. Heyrnleysingjaskóli	2,32		5		5	10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.	2,25								
10. Bjarkarhlíð					1				
11. Blindradeild Laugarnesskóla									
12. Deildir í Hlíðaskóla	1,52							196	
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla	1,11		4		2	10			
14. Þingborg Árn. sérdeild	0,70		2		3	5			
15. Staðarfell (sérð. f. Vesturl. og Vestfirði)	5,0	6,0							
16. Óskilgr. hópur í heimahúsum	36,16							1 000	
	83,69	21,25	76	164	42	145	30	5 119 m ²	500 m ²
Starfsmenn	83,69	21,25	1,90	4,10	1,05	3,63	0,75		

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga.
Áætlun fyrir árin 1981—82 og 83.

Stofnanir	Kenn- arar	Annað starfs- fólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m ²	Heima- vist m ²
1. Óskjuhlíðarskóli (og Kjarvalsh.)							765		
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes			10	40		20		250	
3. Kópavogshæli							700		
4. Sólborg Akureyri						40	348		
5. Sólheimar Grímsnesi						4	108		
6. Sérkennslustöð Kópavogs						10	75		
7. Geðdeild Barnasp. Hringsins	2,57								
8. Heyrnleysingjaskóli						10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.									
10. Bjarkarhlíð						8	36		
11. Blindradeild Laugarnesskóla .							56		
12. Deildir í Hlíðaskóla									
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla						10	70		
14. Þingborg Árn. sérdeild			2		2		130		
15. Óskilgr. hópur í heimahúsum		2,6					2 528		
16. Sérdeild Akureyri	0,66		4		1	5	60		
	3,23	2,5	16	40	3	107	4 876 m ²	250 m ²	
Starfsmenn	3,23	2,5	0,23	1,00	0,08	2,68			

Áætlun um byggingu athvarfa.

Fræðsluumdæmi	Nem.	Fjöldi athv.	Starfs- fólk	Rekstrar- kostnaður í þús. ¹⁾
Austurland	12	1	1,5	1 764
Suðurland ²⁾	27	1	1,5	3 969
Vestfirðir	7	1	1,5	1 029
Vesturland	52	3	4,5	7 644
Reykjanes ³⁾	65	4	6,0	9 555
	163	10	15,0	23 961

- Þessar tölur eru miðaðar við áætlun Reykjavíkur til síðustu fjárlaga um rekstur athvarfa. Hér er eingöngu hluti ríkisins.
- 1 athvarf stofnsett í Vestmannaeyjum 1977—78.
- Tala nemenda áætluð út frá fjölda í athvörfum í Reykjavík.
Gera má ráð fyrir að athvörf þurfi að vera fleiri í dreifbýlinu en taflan gerir ráð fyrir vegna búsetu.

Hér er reynt að setja upp áætlun um þörf fyrir athvörf í fræðsluumdæmum landsins eftir þeim upplýsingum sem fengust úr könnun á sérkennslu og birtist í töflum 1—8. Þeir nemendur, sem taldir eru með hegðunarvandamál, eru hér taldir þurfa á athvarfi að halda. Í Norðurlandsumdæmum eru þeir svo fáir að þar er ekki talin þörf athvarfa. Í Reykjavík hefur verið komið á fót 5 athvörfum. Þar eru ekki talin hegðunarvandkvæði í skólum.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta.

Lög um grunnskóla gera ráð fyrir ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í skólum. Í 66. gr. segir svo:

„Fræðsluráð skal svo fljótt sem aðstæður leyfa setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir grunnskóla umdæmisins. . . . Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er fræðsluráði heimilt að tryggja sér þjónustu ráðgefandi læknis til slíkra starfa“.

Ekki er í lögnum ákvæði um fjölda þeirra sem að þessum málum eiga að vinna.

Reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu hefur ekki verið gefin út, en vinnuhópurinn, sem samdi drög að reglugerðinni, hefur skilað þeim til ráðuneytisins.

Uppbygging ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er mismunandi á veg komin í fræðslu- héruðum.

Í Reykjavík er þessu langt á veg komið, í Reykjanesumdæmi og umdæmum Norðurlands vestra og eystra er þessi starfsemi byrjuð, en í Vesturlands-, Vestfjarða-, Austurlands- og Suðurlandsumdæmum hefur ekki enn verið hafist handa. Eftirfarandi töflur sýna hvernig þessum málum er háttað. (Dálkur A).

Til glöggvunar er einnig birtur dálkur B yfir sérfræðingapörf samkv. drögum að reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í skólum. Þar er gert ráð fyrir að starfslið skiptist þannig: Helmingur sálfræðingar, fjórðungur sérkennarar og annar fjórðungur félagsráðgjafar.

Fræðsluumdæmi	Sálfr.	Sálfr.	Sérk.	Sérk.	Félagsr.	Félagsr.	Samtals	Samtals
	A	B	A	B	A	B	A	B
Reykjavík	6	6,5	1,5	3,25	4	3,25	11,5	13,0
Reykjanes	1	4,5	0	2,25	0	2,25	1,0	9,0
Norðurland vestra og eystra	2	3,25	0	1,66	0	1,66	2,0	6,57
Suðurland	0	1,75	0	1,0	0	1,0	0	3,75
Austurland	0	1,25	0	0,66	0	0,66	0	2,57
Vesturland	0	1,25	0	0,66	0	0,66	0	2,57
Vestfirðir	0	1,25	0	0,66	0	0,66	0	2,57
	9	19,75	1,5	10,14	4	10,14	14,5	40,03

Stöðugildi eru hér reiknuð í $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{4}$, $\frac{3}{4}$, $\frac{1}{2}$ og $\frac{2}{3}$.

Heilsuvernd.

73. grein grunnskólalaga hljóðar svo: „Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958, með áorðnum breytingum. Sá aðili, sem falið er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs og í samráði við skólustjóra, setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.“

Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973.

Skólustjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.“

Samkvæmt lagagrein þessari fer framkvæmd heilsugæslu í grunnskólum eftir lögum nr. 61/1957 um heilsuvernd í skólum og reglugerð nr. 214/1958 með áorðnum breytingum. Í greininni er lögð áhersla á góða samvinnu þeirra aðila er stjórna heilsuvernd í skólum við skólustjóra og fræðslustjóra. Slík samvinna er forsenda þess að

hver og einn grunnskólanemandi fái notið þeirrar heilbrigðisþjónustu sem vól er á hverju sinni.

Aðstaða til heilsugæslu á sjúkrahúsum og á heilsugæslustöðvum fer ört batnandi auk þess sem nú er gert ráð fyrir húsrými fyrir heilbrigðisþjónustu í öllum nýjum skólabyggingum samkv. 25. grein grunnskólalaga og ákvæðum í lögum nr. 49/1967 um skólakostnað og ákvæðum um húsnæðisþörf í reglugerð nr. 159/1969 um stofn-
kostnað skóla.

Forskóli.

Samkvæmt 74. gr. grunnskólalaga er sveitarfélögum heimilt „að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans.

Rekstrarkostnaður við forskólahlald greiðist á sama hátt og við almenna grunnskóla.“

Samkvæmt ákvæðum þessum eru nú forskóladeildir 6 ára barna við allfesta grunnskóla í þéttbýli landsins.

Í fámennum skólum í strjálbýli eru 6 ára börn víða í bekkjardeildum með 7 ára börnum allt árið eða hluta úr ári.

Tala forskólanemenda skólaárið 1977/78:

Grunnskólar	6 ára	Hundraðst. af árg.	5 ára	Hundraðst. af árg.
Reykjavík	1 357	99,0	230	15,8
Reykjanes	923	94,6		
Vesturland	240	90,6		
Vestfirðir	103	48,8		
Norðurland vestra	135	71,1		
Norðurland eystra	399	61,7		
Austurland	195	84,4		
Suðurland	329	74,3		
Alls	3 681	89,8	230	5,1

Kennsla 5 og 6 ára barna annast í flestum tilfellum kennarar með almennt kennarapróf sem hafa sótt sérstök námskeið ætluð kennurum 6 ára barna.

Samkvæmt heimild í 74. gr. hafa fóstrur einnig verið ráðnar til starfa í forskóladeildum og hafa þær í flestum tilvikum einnig sótt áður nefnd námskeið.

Einkaskólar.

Í 75. grein grunnskólalaga eru ákvæði sem heimila menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla eða forskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulags-
skrá er það staðfestir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og reglum og aðrir grunnskólar.

Þessi ákvæði eru efnislega í samræmi við ákvæði í fræðslulögnum frá 1946 og hafa því ekki neinar verulegar breytingar í för með sér.

Eftirtaldir einkaskólar eru starfandi á forskóla- og grunnskólastigi skólaárið 1977/1978 með samþykki menntamálaráðuneytisins:

	Forskóli		Grunnskóli									Samt.
	5 ára	6 ára	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	
Skóli Ásu Jónsdóttur	60	22										82
Skóli Ísaks Jónssonar	149	150	108	94								501
Landakotsskóli		21	7	16	17	21	19	14				115
Hlíðardalsskóli										16	25	
Barnaskóli Aðventista Hlíðardal			2	6	4	2	1	5	2			63
Barnaskóli Aðventista Reykjavík			1	3	3		4	6				17
Barnaskóli Aðventista Keflavík			1	2	4		5	3				15
Barnaskóli Aðventista Vestmannaeyjum		9	7	6	3	4	6	3	1			39
Alls	209	202	126	127	31	27	35	31	3	16	25	832

Samkvæmt grunnskólalögum eiga einkaskólar ekki kröfu til styrks af almannafé. Ríkissjóður greiðir laun kennara í Skóla Ísaks Jónssonar eftir sömu reglum og gilda um grunnskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Auk þess hafa Skóli Ásu Jónsdóttur, Hlíðardalsskóli og Landakotsskóli fengið styrk úr ríkissjóði undanfarin ár.

Tómstunda- og félagsstarf í skólum.

Í upphafi 43. greinar grunnskólalaga segir:

„Í öllum skólum á grunnskólastigi skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi á vegum skólans, eftir því sem aðstæður leyfa, sbr. 77. gr.“

Þá eru einnig í 43. gr. ákvæði um að menntamálaráðuneytið skuli gangast fyrir námskeiðum fyrir þá kennara, er með þessi mál fara í skólum, og sjá um að gefnar verði út leiðbeiningar þeim til stuðnings.

Námskeið fyrir kennara.

Frá því í janúar 1974 hefur menntamálaráðuneytið í samvinnu við Æskulýðsráð ríkisins gengist fyrir 9 námskeiðum fyrir kennara þar sem fjallað hefur verið um félagsmálafræðslu og almennt félagsstarf skóla og æskulýðssamtaka.

Námskeið þessi hafa farið fram í öllum landsfjórðungum, en æskulýðsfulltrúi, Reynir G. Karlsson, hefur annast framkvæmd þeirra.

Námskeið fyrir kennaraefni.

Fræðsla og þjálfun í félags- og tómstundastörfum er nú fastur liður í námi kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands og Íþróttakennaraskóla Íslands.

Fræðslufundir með kennurum.

Nokkrir fræðslufundir hafa verið haldnir með kennurum er annast félags- og tómstundastarfsemi með nemendum, og verða nú í vetur haldnir slíkir fræðslufundir víða um landið.

Nefnd til þess að velja námsefni og gera starfsáætlun að því er tekur til félagsmálafræðslu.

Í mars 1975 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að velja námsefni og gera starfsáætlun fyrir æskulýðsfélög og skóla landsins að því er tekur til félagsmála-

fræðslu. Í nefnd þessa voru skipuð Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, Pálína Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri, og Guðmundur Guðmundsson, kennari, Selfossi.

Í tillögum nefndarinnar, sem lagðar voru fram í júní 1975 komu m. a. fram hugmyndir um sérstakt námskeið í félagsmálafræðslu fyrir 6. bekk og að nemendur geti í 8. og 9. bekk valið félagsleg leiðbeinendastörf sem sérstaka valgrein. Þá setti nefndin einnig fram tillögur varðandi námsefni og tilhögun félagsmálafræðslu. Hefur síðan verið unnið á vegum menntamálaráðuneytisins og Æskulýðsráðs ríkisins samkvæmt þessum tillögum að námsefnisgerð og félagsmálafræðslu í skólum og félögum.

Útgáfa á leiðbeiningum fyrir byrjendur í félagsstörfum.

Á vegum menntamálaráðuneytisins hefur verið gefið út tilraunanámsefni, sem ætlað er til notkunar við félagsmálanámskeið í 6. bekk og nefnist það „Félagsstörf, leiðbeiningar fyrir byrjendur í félagsstörfum“.

Ólafur Oddsson, starfsmaður Félagsmálaskóla UMFÍ, tók hefti þetta saman ásamt æskulýðsfulltrúa, Reyni G. Karlssyni, en efni þess er að verulegu leyti byggt á námsefni er Æskulýðsráð ríkisins hefur gefið út til notkunar við félagsmálanámskeið.

Útgáfa á leiðbeiningum við félagsstörf í skólum.

Menntamálaráðuneytið hefur gefið út í fjölríti „Félagsstörf í skólum, ýmsar hugmyndir og leiðbeiningar“. Í fjölríti þessu er safn leikrita, leikja og ýmissa þátta félags- og tómstundastarfa. Útgáfuna annaðist æskulýðsfulltrúi, Reynir G. Karlsson og Guðbjartur Hannesson, kennari.

Fjölrit þetta hefur verið sent skólum landsins í „lausblaðaformi“ og áformað er að halda áfram útgáfu slíkra hugmynda og leiðbeininga í félagsstarfi.

Reglugerð um framkvæmd félagsmála í grunnskólum.

(Sbr. c-lið 77. gr. grunnskólalaga).

Menntamálaráðuneytið skipaði hinn 17. janúar 1975 nefnd til að semja reglugerð um framkvæmd félagsmála í grunnskólum, en í nefndina voru skipaðir:

Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, form., Einar Kristjánsson, frv. skólastj., Laugum, Dalasýslu og Þórólfur Friðgeirsson, skólastjóri, Búðum í Fáskrúðsfirði.

Nefndin lagði tillögur sínar fyrir menntamálaráðuneytið, og hefur „Reglugerð um félagsstörf og félagsmálafræðslu í grunnskóla“, verið gefin út.

Í reglugerðinni er m. a. skilgreint hvað átt er við með „félagsstörf í grunnskóla“ og ákvæði er um félagsmálafræðslu í 6. bekk, en það ákvæði kemur til framkvæmda sem heimild á skólaárinu 1977—78 en að fullu frá upphafi skólaárs 1978—79.

Nefnd til að athuga og gera tillögur um húsnæðisþörf fyrir félagsstörf nemenda í grunnskólum.

Í febrúar 1977 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að athuga og gera tillögur um húsnæðisþörf fyrir félagsstarf nemenda í grunnskólum og öðrum þeim skólum er reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Í nefndina voru skipaðir þeir: Reynir G. Karlsson, æskulýðsfulltrúi, Ölvir Karlsson, oddviti, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri, Ragnar Júlíusson, skólastjóri, og Davíð Oddsson, skrifstofustjóri.

Félagsstarf með nemendum hefur frá upphafi skólahalda á Íslandi verið þáttur í skólastarfinu. Þessum þætti hefur þó verið mjög misjafnlega sinnt, og hafa þá oftast ráðið atriði eins og aðstaða á hverjum stað, áhugi og kunnátta leiðbeinendanna, sem aðallega hafa verið kennarar og skólastjórar, og sú staðreynd að starf þetta með nemendum hefur að mestu verið unnið án þess að fyrir það kæmi greiðsla.

Í grunnskólalögum er lögð áhersla á breytta kennsluhætti og víðara verðsvið skólans sem uppeldisstofnunar, og er þar m. a. gert ráð fyrir að með skólstarfinu sé leitast við að þjálfar nemendur þannig að þeir geti með eðlilegum hætti tjáð skoðanir sínar og unnið í samstarfi við aðra að þroskandi viðfangsefnum í tómskundum. Með þessu er að því stefnt að nemendur öðlist félagslegan þroska og verði hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi.

Þegar framansögð atriði eru höfð í huga, er eðlilegt að grunnskólalög kveði á um að nemendur skuli eiga þess kost að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi á vegum skólans, og að úr ríkissjóði skuli greidd ákveðin fjárhæð vegna starfa að umsjón og leiðbeiningum við skipulagt félagslíf nemenda. Til þess að takast megi að efla félags- og tómsundastörf með nemendum þarf þó m. a.

- að bæta aðstöðu í skólahúsnæðinu til þeirra þátta.
- að auka fræðslu og þjálfun kennaraefna að því er varðar félags- og tómsundastörf,
- að halda námskeið fyrir kennara og fjölga fræðslufundum um þessi mál,
- að endurskoða og gefa út að nýju leiðbeiningar varðandi félags- og tómsundastörf í skólum,
- að auka þær greislur er ríki og einstök sveitarfélög leggja fram vegna starfa við umsjón og leiðbeiningar við félagslíf nemenda.

Þær tilraunir með félagsmálafræðslu sem fram hafa farið í nokkrum skólum undanfarin þrjú ár að tilstuðlan menntamálaráðuneytisins og Æskulýðsráðs ríkisins hafa þótt takast vel.

Nemendur virðast hafa ráðið vel við námsefnið og yfirleitt tekið félagsmálafræðslunni með áhuga og ánægju.

Nauðsynlegt er þó að endurskoða og endurbæta námsefnið og semja leiðbeiningar um notkun þess. Þá þarf einnig að kynna betur námsefnið og tilhögun félagsmálafræðslunnar.

Umferðarfræðsla í skólum.

Rétt er að geta í þessari skýrslu um umferðarfræðslu, sem er þýðingarmikill þáttur í námi barna og fer fram samkvæmt reglugerð nr. 259, sem ráðuneytið gaf út 1975, um umferðarfræðslu í skólum. Þessi reglugerð er að vísu ekki gefin út samkvæmt grunnskólalögum heldur lögum nr. 40/1968, um umferðarfræðslu.

Sumarið 1975 réði menntamálaráðuneytið Guðmund Þorsteinsson, kennara, til þess að annast skipulagningu umferðarfræðslu í skólum og umsjón með henni, en hann hafði þá að undanfögnu annast kennslu og leiðbeiningar um umferðarmál m. a. í Kennaraháskóla Íslands.

Fjárveiting til þessarar starfsemi fékkst þó ekki fyrr en í fjárlögum fyrir árið 1977, en sífellt umferðarslys og stöðug hætta fyrir börn í umferðinni er mikið áhyggjuefni og brýn nauðsyn aukinnar umferðarfræðslu í skólum. Í góðu samstarfi við Umferðarráð, þar sem Guðmundur fékk vinnuaðstöðu, var starfinu haldið áfram og með fjárveitingu 1977 og 1978 er væntanlega tryggt, að það þurfi ekki að falla niður. Helstu verkefni kennarans hingað til hafa verið:

Fræðslufundir með kennurum, gerð fræðsluefnis, aðstoð við gerð sérstaks endurskinsmerkis fyrir skóla, kennsluleiðbeiningar og námskeið á vegum K. H. Í. í samvinnu við Umferðarráð. Einnig hefur hann komið af stað ritgerðasamkeppni fyrir 11 ára nemendur, spurningakeppni fyrir 12 ára nemendur og jólagetraun. Þá hefur farið fram vettvangsfræðsla og námskeið hefur verið haldið fyrir 14—16 ára unglinga í umferð og akstri dráttarvéla. Var það á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins og linga í meðferð og akstri dráttarvéla. Var það á vegum Bifreiðaeftirlits ríkisins og Ökukennarafélags Íslands.

Skólasókn 14 og 15 ára unglunga 1971—72 til 1976—77, eftir kynjum.

Í eftirfarandi töflum S.1, S.2 og S.3 eru birtar tölur um skólasókn 14 ára og 15 ára unglunga, þ. e. síðasta aldursárgang skólaskyldu og fyrsta árgang eftir að skólaskyldu lýkur.

Tafla S.1.

	1971/72	1972/73	1973/74	1974/75	1975/76	1976/77
A. Skólasókn 14 ára unglunga						
Á íbúaskrá 1. desember á skólaárinu						
Drengir	2 362	2 247	2 404	2 404	2 263	2 310
Stúlkur	2 172	2 198	2 224	2 258	2 138	2 235
Alls	4 534	4 442	4 628	4 662	4 401	4 545
Í skóla skv. nemendaskrá skólaársins						
Drengir	2 249	2 171	2 302	2 311	2 095	2 155
Stúlkur	2 103	2 140	2 168	2 208	2 062	2 160
Alls	4 352	4 311	4 470	4 519	4 157	4 315
Í skóla sem hundraðshluti af árgangi *						
Drengir	95,2	96,6	95,8	96,1	95,6	96,3
Stúlkur	96,8	97,4	97,5	97,8	98,1	98,2
Alls	96,0	97,0	96,6	96,9	96,9	97,3
B. Skólasókn 15 ára unglunga						
Á íbúaskrá 1. desember á skólaárinu						
Drengir	2 264	2 363	2 246	2 404	2 397	2 261
Stúlkur	2 140	2 178	2 190	2 024	2 262	2 141
Alls	4 404	4 541	4 436	4 628	4 659	4 402
Í skóla skv. nemendaskrá skólaársins						
Drengir	1 955	2 022	1 950	2 085	2 138	1 998
Stúlkur	1 923	1 959	1 974	2 013	2 087	1 952
Alls	3 878	3 981	3 924	4 098	4 225	3 950
Í skóla sem hundraðshluti af árgangi *						
Drengir	86,4	85,6	86,8	86,7	89,3	88,5
Stúlkur	89,9	89,9	90,1	90,5	92,4	91,3
Alls	88,1	87,7	88,5	88,6	90,8	89,8
C. Skólasókn í hundraðshlutum *						
14 ára drengir	95,2	96,6	95,8	96,1	95,6	96,3
15 ára drengir	86,4	85,6	86,8	86,7	89,3	88,5
14 ára stúlkur	96,8	97,4	97,5	97,8	98,1	98,2
15 ára stúlkur	89,9	89,9	90,1	90,5	92,4	91,3
14 ára alls	99,6	97,0	96,6	96,9	96,9	97,3
15 ára alls	88,1	87,7	88,5	88,6	90,8	89,8
D. Mismunur á skólasókn 14 og 15 ára unglunga						
Drengir	8,8	11,0	9,0	9,4	6,3	7,8
Stúlkur	6,2	7,5	7,4	7,3	5,7	6,9
Alls	11,5	9,3	8,1	8,3	6,1	7,5

Heimildir og skýringar: Sjá texta.

* Vegna breytinga á nemendaskrá 1975 koma eftir það 14 ára nemendur sem eru á eftir í námi ekki fram í skránni. Hundraðshlutar eru leiðréttir með tilliti til þessa og þá miðað við það sem var 1974/75.

Tafla S.2.

Unglingar fæddur 1956—1961: Skólasókn 13—16 ára og breytingar á henni milli ára.

Fæðingarár	Í skóla 13 ára	Í skóla 14 ára	Í skóla 15 ára	Í skóla 16 ára
1956			3 878	3 399
1957		4 352	3 981	3 427
1958	4 369	4 311	3 924	3 350
1959	4 563	4 470	4 098	3 535
1960	4 564	4 519	4 225	3 495
1961	4 287	4 157	3 950	

Fæðingarár	Í skóla 13 ára	Í skóla 14 ára	Í skóla 15 ára	Í skóla 16 ára
1956				87,65
1957			91,48	86,08
1958	—	98,67	91,02	85,37
1959	—	97,96	91,68	86,26
1960	—	99,01	93,49	82,72
1961	—	96,97	95,02	—

Heimildir og skýringar: Sjá texta.

Heimildir eru íbúaskrá Hagstofu Íslands og nemendaskrá Hagstofu Íslands. Við lestur taflnanna þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga: Tilgreindur fjöldi unglunga á íbúaskrá miðast við þá sem áttu lögheimili á Íslandi hverju sinni. Með tilliti til nemendafjölda kemur því fram misvísun vegna þeirra sem ekki hafa skráð lögheimili hérlandis en eru búsettir hér og sækja skóla og þeirra sem hafa skráð lögheimili hér en dveljast erlendis. Einnig veldur það skekkju innan hvers fræðsluumdæmis um sig að skráð lögheimili og raunveruleg búseta fer ekki ætíð saman. Tilgreindur fjöldi nemenda í hverju umdæmi miðast við fjölda nemenda í skólum hvers umdæmis, þ. e. taldir eru með nemendur sem eiga lögheimili utan þess umdæmis sem skóli þeirra er í.

Töflunum og þessum athugasemdum við þær er fyrst og fremst ætlað að sýna hlutfallslega skólasókn með tilliti til skólaskyldu á 9. ári grunnskóla eða ekki.

Í töflu S.1 er sýnd skólasókn 14 og 15 ára unglunga, skipt eftir kynjum. Kemur þar fram að skólasókn stúlkna er meiri en hjá piltum. Hjá 14 ára árganginum er þessi munur að jafnaði 1.7% og nokkuð meiri síðustu tvö árin en hin fyrri. Hjá 15 ára árganginum er munurinn nokkuð meiri eða að jafnaði um 3.4% og er ekki um merkjanlega breytingu að ræða milli fyrri og síðari hluta tímabilsins. Líkleg skýring á mismunandi skólasókn kynjanna er að atvinnutækifæri pilta eru meiri en stúlkna auk þess sem það hefur sýnt sig að stúlkur hafa á þessum aldri yfirleitt jákvæðara viðhorf til skóla en piltar.

Að því er skólasóknina í heild varðar og breytingar á henni á þessu tímabili, sýna töflurnar að hlutfallsleg skólasókn 14 ára unglunga hefur haldist óbreytt. Að því er 15 ára unglunga varðar eru skólasóknartöflurnar nokkuð jafnar allt tímabilið eða frá um 88—90% af árgangi. Virðast þær þó heldur hafa hækkað síðari ár tímabilsins.

Vegna áhrifa breyttrar skráningar er ekki auðvelt að álykta um breytingar á skólasókninni út frá skólasóknartölum hvors árgangs um sig. Hins vegar má gera ráð fyrir að breytt skráning hafi svipuð áhrif á skólasóknartölur beggja árganga

Tafla S.3.

Skólasókn 14 og 15 ára unglunga 1974—75 til 1976—77, eftir umdæmum.

		1972/75			1975/76			1976/77		
		á íbúa- skrá	á nem.- skrá	í %	á íbúa- skrá	á nem.- skrá	í %	á íbúa- skrá	á nem.- skrá	í %
A. Grunnskólar										
Reykjavík	14 ára	1 626	1 569	96,5	1 515	1 465	96,7	1 535	1 455	94,8
	15 ára	1 565	1 418	90,6	1 622	1 433	88,3	1 512	1 337	88,4
Reykjanes	14 ára	1 071	987	92,2	1 021	918	89,9	1 083	999	92,2
	15 ára	1 106	886	80,1	1 084	932	86,0	1 016	853	84,0
Vesturland	14 ára	334	330	98,8	304	287	94,4	300	281	93,7
	15 ára	333	282	84,7	330	313	94,9	304	286	94,1
Vestfirðir	14 ára	248	244	98,4	214	199	93,0	236	206	87,3
	15 ára	241	211	87,6	240	191	79,6	215	160	74,4
Norðurl. vestra	14 ára	221	220	99,5	206	214	103,9	205	209	102,0
	15 ára	231	166	71,9	218	210	96,3	205	191	93,2
Norðurl. eystra	14 ára	504	503	99,8	491	459	93,5	536	522	97,4
	15 ára	509	424	83,3	505	438	86,7	502	440	87,6
Austurland	14 ára	276	261	94,6	256	236	92,2	264	251	95,1
	15 ára	250	197	78,8	271	198	73,1	259	216	83,4
Suðurland	14 ára	382	400	104,7	394	275	95,2	386	389	100,8
	15 ára	393	421	107,1	389	428	110,0	389	398	102,3
Grunnskólar samtals										
	14 ára	4 662	4 514	96,8	4 401	4 153	94,4	4 545	4 312	94,8
	15 ára	4 628	4 005	86,5	4 659	4 143	88,9	4 402	3 881	88,2
B. Aðrir skólar										
	14 ára	(4 662)	5	0,1	(4 401)	4	0,1	(4 545)	3	0,1
	15 ára	(4 628)	93	2,0	(4 659)	82	1,8	(4 402)	69	1,6
Samtals										
	14 ára	4 662	4 519	96,9	4 401	4 157	94,5	4 545	4 315	94,9
	15 ára	4 628	4 098	88,5	4 659	4 225	90,7	4 402	3 950	89,7

Heimildir og skýringar: Sjá texta.

og að skólasókn 14 ára unglunga hafi í reynd litið breyst og ætti því mismunur á skólasókn árganganna að gefa allgóða mynd af þeim breytingum í raunverulegri skólasókn 15 ára unglunga sem orðið hafa á tímabilinu. Þessi mismunur er sýndur neðst á töflu S.1 og er greinilegt að hann hefur farið minnkandi á þessu tímabili eða úr um 8—9% í ca. 6—7%. Má því álykta að hlutfallsleg skólasókn 15 ára unglunga hafi vaxið á þessu tímabili þrátt fyrir það að ekki hafi verið um skólaskylda að ræða. Má telja líklegt að skólaskylda fyrir þennan árgang myndi litlu breyta um skólasókn frá því sem nú er.

Í töflu S.2 er gerð grein fyrir sömu atriðum með því að sýna skólasókn 13 til 16 ára unglunga eftir fæðingarárnum og skólasókn hvers árgangs sem % af skólasókn hans árið áður. Kemur þar fram að fyrir 15 ára unglunga hefur þetta hlutfall farið vaxandi úr 91—92% fyrir unglunga sem fæddir eru 1957—59 í 93,5% fyrir þá sem fæddir eru 1960 og í 95% fyrir þá sem fæddir eru 1961.

Í töflu S.3 er gerð grein fyrir skólasókn eftir fræðsluumdæmum. Verður að skoða þær tölur m. t. t. þess að fjöldi nemenda miðast við fjölda í skólum umdæmisins án tillits til lögheimilis nemenda. Hafa því t. d. héraðsskólarnir sem flestir hafa mikið af nemendum sem búsettir eru utan umdæmisins mikil áhrif á skólasóknartölurnar. Samanburður á skólasókn milli umdæma er því varasamur.

Glögglega má þó merkja aukna skólasókn 15 ára unglunga í flestum strjálbýlli umdæmunum sem er athyglisvert ef haft er í huga að sókn í héraðsskóla hefur

minnkað á þessum tíma. Má af þessum tölum ráða, að skortur á námstækifærum, svo sem skólavist innan umdæmisins, er ekki fyrir hendi.

Í töflum S.4—S.7 er gerð grein fyrir skólasókn nemenda í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum, á skólaárunum 1975—76 og 1976—77 með tilliti til búsetu nemenda og hvar þeir sækja skóla. Kemur þar fram, að af um 11500 nemendum sækja um 9300 eða rúm 80% skóla í því sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili, um 1300 eða rúm 11% sækja skóla utan þess sveitarfélags en innan fræðsluumdæmisins og um 900 eða um 8% sækja skóla í öðru fræðsluumdæmi. Tölur þessar taka einnig til nemenda í framhaldsdeildum en þeir nemendur ásamt nemendum í héraðsskólunum, sem koma víða að, eru meginuppistaðan í þeim fjölda sem sækir skóla út fyrir mörk fræðsluumdæmisins. Þorri þeirra, sem sækja skóla utan sveitarfélagsins en innan fræðsluumdæmis, er annaðhvort í héraðsskólunum eða í skólum sem reknir eru sameiginlega af tveimur eða fleiri sveitarfélögum.

Tafla S.4.

Skólasókn og búseta nemenda í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum.

Búseta nemenda	1975/76			1976/77		
	Í fræðsluumdæminu		Í öðru fræðsluumdæmi	Í fræðsluumdæminu		Í öðru fræðsluumdæmi
	Í lögheimilis-sveitarfélagi	Í öðru sveitarfélagi		Í lögheimilis-sveitarfélagi	Í öðru sveitarfélagi	
Reykjavík	3 756	—	180	3 638	—	179
Reykjanes	2 449	140	289	2 338	117	250
Vesturland	591	148	85	542	170	74
Vestfirðir	332	93	117	319	83	127
Norðurland vestra	299	156	72	308	169	40
Norðurland eystra	914	248	76	988	273	52
Austurland	403	167	94	450	179	67
Suðurland	639	339	76	673	318	61
Samtals	9 383	1 291	989	9 256	1 309	850

Tafla S.5.

Yfirlit yfir nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum 1975—76. — Búseta og skólasókn eftir fræðsluumdæmum.

Skóli, Fræðsluumdæmi	Lögheimili nemenda									Nemendur Samtals í skólum, Erlendisumdæmum
	Reykja-vík	Reykja-nes	Vestur-land	Vestfirðir	Norður-land vestra	Norður-land eystra	Austur-land	Suður-land	Erlendis	
Reykjavík	3 756	148	41	19	33	21	33	51	5	4 107
Reykjanes	30	2 589	9	13	5	6	6	14	4	2 676
Vesturland	12	13	739	31	12	13	8	4	2	834
Vestfirðir	43	39	4	425	3	6	5	—	—	525
Norðurland vestra ...	16	18	20	26	455	10	2	4	—	551
Norðurland eystra ...	7	5	1	—	8	1 162	25	2	—	1 210
Austurland	11	5	2	—	2	1	570	1	—	592
Suðurland	61	70	8	28	9	19	15	978	2	1 190
Samtals	3 936	2 887	824	542	527	1 238	664	1 054	13	11 685

Tafla S.6.

Yfirlit yfir nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum 1976—77. — Búseta og skólasókn eftir fræðsluumdæmum.

Skóli, Fræðsluumdæmi	Lögheimili nemenda									Nemendur Samtals í skólum, Erlendis umdæmum
	Reykja- vík	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Erlendis	
Reykjavík	3 638	134	34	27	12	20	20	42	3	3 930
Reykjanes	35	2 455	8	4	5	3	2	12	5	2 529
Vesturland	17	21	712	27	5	11	13	1	1	808
Vestfirðir	33	33	10	402	1	3	2	—	—	484
Norðurland vestra ...	14	9	15	39	477	7	3	2	—	566
Norðurland eystra ...	9	8	1	2	7	1 261	14	2	1	1 305
Austurland	8	6	—	2	1	1	629	2	—	649
Suðurland	61	39	6	26	9	7	13	991	1	1 155
Samtals	3 817	2 705	786	529	517	1 313	696	1 052	11	11 426

Tafla S.7.

Nemendur í 8. og 9. bekk grunnskóla, gagnfræða- og framhaldsdeildum. Tilflutningur nemenda milli fræðsluumdæma.

	Skólaárið 1975/76				Skólaárið 1976/77			
	Nem. úr umdæminu alls	+Nem. úr öðrum umdæmum	÷Nem. í skólum í öðrum umd	Nem. alls í skólum umdæmis	Nem. úr umdæminu alls	+Nem. úr öðrum umdæmum	÷Nem. í skólum í öðrum umd	Nem. alls í skólum umdæmis
Reykjavík	3 936	351	180	4 107	3 817	292	179	3 930
Reykjanes	2 887	78	289	2 676	2 705	74	250	2 529
Vesturland	824	95	85	834	786	96	74	808
Vestfirðir	542	100	117	525	529	82	127	484
Norðurland vestra ...	527	96	72	551	517	89	40	566
Norðurland eystra ...	1 238	48	76	1 210	1 313	44	52	1 305
Austurland	664	22	94	592	696	20	67	649
Suðurland	1 054	212	76	1 190	1 052	164	61	1 155
Samtals	11 672	1 002 ¹⁾	989 ¹⁾	11 685	11 415	861 ¹⁾	850 ¹⁾	11 426

1) Mismunur þessara talna er fjöldi nemenda með lögheimili erlendis. Þeir voru 13 skólaárið 1975/76 og 11 skólaárið 1976/77.

Ljóst er því að nær allir nemendur á síðustu árum grunnskóla hafa átt þess kost að stunda nám í heimasveitarfélagi sínu, í skóla sem það er aðili að, eða í séraðsskóla.

Ekki er verulegur munur á þessum tölum fyrir einstök fræðsluumdæmi, og þar sem hann kemur fram er hann skýranlegur með staðsetningu héraðsskóla o. þ. h.

Ef litið er á jöfnuð milli aðkomunemenda og þeirra sem sækja skóla utan umdæmis kemur í ljós að í Reykjavík, á Vesturlandi, á Norðurlandi vestra og á Suðurlandi eru aðkomunemendur fleiri en hinir sem burtu sækja úr umdæminu. Mestur er munurinn hlutfallslega á Suðurlandi þar sem hann var á þessum árum um 13% og 9% af fjölda nemenda. Kemur þar m. a. til að tveir héraðsskólar eru á svæðinu. Í Reykjavík var þessi munur um 170 nemendur eða 5% fyrra árið og um 110 nemendur eða 3% síðara árið.

Mestur munur í hina áttina er á Austurlandi um 11% fyrra árið og 7% síðara árið og á Vestfjörðum um 8.5% síðara árið. Á Austurlandi er sókn nemenda út fyrir umdæmið ekki áberandi meiri en annars staðar, hins vegar sækja þangað fáir úr öðrum umdæmum, en á Vestfjörðum er sókn út fyrir umdæmið meiri en annars staðar en aðstreymi nokkuð mikið líka. Héraðsskólar eiga stærri þátt í skólahlaldi fyrir Vestfirði en önnur umdæmi og dreifist sókn þaðan allverulega á nokkra þeirra.

Tafla S.8.

Skólasókn í héraðsskóla.

		1973/74	1975/76	1976/77
Reykholt	Nemendur úr fræðsluumdæminu	38	61	61
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	90	67	70
Núpur	Nemendur úr fræðsluumdæminu	87	60	59
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	43	62	51
Reykjanes	Nemendur úr fræðsluumdæminu	43	44	44
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	30	32	23
Reykir ¹⁾	Nemendur úr fræðsluumdæminu	111	99	105
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	26	40	32
Laugar	Nemendur úr fræðsluumdæminu	67	98	94
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	41	26	23
Eiðar	Nemendur úr fræðsluumdæminu	103	107	106
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	14	10	12
Skógar	Nemendur úr fræðsluumdæminu	98	68	73
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	30	48	46
Laugarvatn	Nemendur úr fræðsluumdæminu	31	21	23
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	77	71	57
Samtals	Nemendur úr fræðsluumdæmum	578	558	565
	Nemendur úr öðrum fræðsluumdæmum	351	356	314
Alls í skólunum		929	914	879

1) Fyrir Reyki í Hrutafirði er miðað við Norðurland vestra og Vestfirði sem fræðsluumdæmi.

Tafla S.9.

Skólasókn í héraðsskóla eftir búsetu nemenda.

Lögheimili nemenda	1973/74	1975/76	1976/77
Reykjavík	63	92	89
Reykjanes	99	87	84
Vesturland	68	88	85
Vestfirðir	199	177	182
Norðurland vestra	107	98	85
Norðurland eystra	111	133	114
Austurland	144	144	139
Suðurland	138	93	99
Erlendis	-	2	2
Samtals	929	914	879

Í töflum S.8 til S.10 er gerð grein fyrir nemendafjölda í héraðsskólum, og skiptingu hans á fræðsluumdæmi og bekki. Eru þær tölur sýndar sérstaklega vegna þeirrar óvissu sem nú ríkir um stöðu þessara skóla bæði gagnvart grunnskólanum og framhaldsnámi.

Í töflu S.8 kemur fram að þýðing skólanna fyrir viðkomandi fræðsluumdæmi er mjög misjöfn.

Á Laugarvatni er einungis 20—30% nemendanna af Suðurlandi og í Reykholti og á Núpi um og innan við 50%. Hins vegar er þetta hlutfall um 90% á Eiðum og um 80% á Laugum og Reykjum. Þá kemur og fram í töflu S.10 að af um 900 nemendum í þessum skólum hafa á síðustu árum rúm 50% verið í grunnskólabekkjum en tæplega 30% í gagnfræða- og framhaldsdeildum.

Tafla S.10.

Nemendur í héraðsskólum skipt eftir bekkjum.

	1973/74	1975/76	1976/77
1. bekkur (7. ár grunnskóla)	72	41	57
2. bekkur (8. ár grunnskóla)	190	114	157
3. bekkur (9. ár grunnskóla)	394	405	339
4. bekkur (gagnfræðab.)	227	276	223
5. bekkur (framhaldsdeild I)	46	78	121
Samtals grunnskólab.	656	560	553
Samtals framhaldsb.	273	354	344
Alls	929	914	897

Skólarannsóknir.

Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins á rætur að rekja til ársins 1966 en þá var stofnað til vísis að skólarannsóknun á vegum ráðuneytisins og Andri Ísaksson sálfræðingur ráðinn til að veita þeim forstöðu. Jafnframt voru þeir dr. Wolfgang Edelstein, sérfræðingur í Berlín, og Jóhann S. Hannesson, þáverandi skóla-meistari, ráðnir til ráðgjafarstarfa. Skólarannsóknir voru gerðar að sérstakri deild í ráðuneytinu árið 1968.

Skólarannsóknun, síðar skólarannsóknadeild, var ætlað það hlutverk að vinna að athugunum á skólakerfinu, hafa forgöngu um þróunarverkefni á sviði skólamála og aðstoða skóla við slík verkefni. Á þessum tíma voru að koma upp erlendis mjög sterkar hreyfingar sem höfðu það að markmiði að koma á umbótum í skólastarfinu og hefur það vafalaust átt sinn þátt í því að stofnað var til skólarannsóknna.

Þegar í upphafi var hafist handa um að skilgreina verkefni skólarannsóknna nánar og var fljótlega tekin sú ákvörðun að beina starfseminni fyrst og fremst að endurskoðun námsefnis í barna- og gagnfræðaskólum, námskrárgerð, endurskoðun á kennsluháttum og tillögugerð um endurmenntun starfandi kennara. Voru aðgerðir á þessu sviði taldar líklegastar til að stuðla að breyttum starfsháttum skóla. Auk þess voru margar þeirra kennslubóka, sem þá voru í notkun, ekki í samræmi við faglega og kennslufræðilega þekkingu manna á þeim tíma.

Ýmis ákvæði í fræðslulögunum frá 1946 höfðu ekki komist að fullu til framkvæmda og það svigrúm, sem lögín veittu til frjálsræðis í skólastarfi, hafði ekki nýst. Orsakir þessa eru vafalaust margar, og verða ekki raktar hér, en setning laga og reglugerða um skóla og skólastarf þarf að fylgja eftir með umbótum á innra starfi þeirra.

Í framhaldi af fyrrnefndri ákvörðun um viðfangsefni skólarannsóknna voru gerðar áætlanir um endurskoðun námsefnis og kennsluhátta í einstökum greinum og var eðlisfræði valin fyrsta verkefnið.

Fljótlega komu upp vandamál við framkvæmd áðurnefndra áætlana sem orsökust m. a. af því að héraendis var fátt um fólk sem hafði næga reynslu og þekkingu til að vinna að veerkefnum eins og hér var um að ræða. Þá reyndust þær forsendur, sem áætlanagerðin byggðist á, að ýmsu leyti vafasamur. T. d. kom í ljós að ekki var raunhæft að miða við einstaklingsbundna vinnu nema að takmörkuðu leyti og því var nauðsynlegt að auka mjög samstarf við kennara. Þá reyndist gerð námskrár vandkvæðum bundin nema að undangenginni nokkurri tilraunakennslu. Starfið reyndist því umfangsmeira og tímafrekara en ráðgert var í fyrstu.

Til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem hér hefur verið dregið á, var efnt til þriggja vikunámskeiða að sumarlagi á Laugarvatni 1970 og 1972 og Hrafnagili 1973. Þátttakendur voru annaðhvort starfandi að áætlanagerð um endurskoðun námsefnis í einstökum greinum, námskrár- eða námsefnisgerð, eða voru um það bil að hefja slík störf á vegum ráðuneytisins. Meðal leiðbeinenda á þessum námskeiðum voru tveir erlendis frá.

Fjöldi þeirra, sem starfa hjá skólarannsóknadeild, er breytilegur. Sem stendur er fastráðið starfslið, deildarstjóri, fulltrúi og skrifstofumaður, miðað við heilar stöður. Annað starfsfólk hefur verið ráðið í samræmi við árlegar fjárveitingar til eins árs í senn.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir einstökum þáttum starfseminnar.

Endurskoðun námsefnis

Endurskoðun námsefnis í einstökum greinum fer fram með þeim hætti að upphaflega er skipuð 5—6 manna nefnd og er meginviðfangsefni hennar sem hér greinir:

1. Að gera úttekt á stöðu viðkomandi námsgreinar í barna- og gagnfræðaskólum (grunnskóla).
2. Að marka stefnu um breytingar á inntaki greinarinnar og kennsluaðferðir.
3. Að gera tillögur um endurskoðun greinarinnar ásamt ítarlegri framkvæmdaáætlun er taki til samningar námskrár, námsefnis og tilraunakennslu.
4. Að taka saman greinargerð um kennaramenntun, áætla kennarapörf og skipan endurmenntunar kennara.

Starf með þessu móti hófst með skipun 5 manna nefndar hinn 14. ágúst 1967 er fjalla skyldi um eðlis- og efnafræði. Nefndin skilaði álitgerð og framkvæmdaáætlun í maí 1968 sem ákveðið var að framkvæma. Þessi álitgerð varð fyrirmynd að hliðstæðri vinnu í öðrum námsgreinum, sjá eftirfarandi yfirlit:

Námsgrein	Nefnd skipuð	Nefndarálit skilað
Eðlis- og efnafræði	Sumarið 1967	Vorið 1968
Líffræði	Ársbyrjun 1969	Haustið 1969
Danska	Haustið 1969	Haustið 1970
Samfélagsfræði	Haustið 1970	Veturinn 1971
Tónmennt	Haustið 1971	Sumarið 1972
Mynd- og handmennt	Árslok 1971	Haustið 1973
Enska	Vorið 1972	Drög að námskrá f. 6. og 7. bekk 1973
Heimilisfræði	Vorið 1973	Vorið 1976
Kristinfræði	Haustið 1973	Ársbyrjun 1976
Íþróttir	Ársbyrjun 1974	Sumarið 1974

Í íslensku og stærðfræði var ekki um að ræða formlega nefndarskipun. Vinnan í þessum greinum var einstaklingsbundnari en samt unnin að höfðu samráði við ýmsa aðila.

Til þess að skýra hvernig framkvæmdaáætlanir eru gerðar eru á næstu síðu birtar tvær myndir sem eru teknar úr framkvæmdaáætlun fyrir endurskoðun námsefnis í eðlis- og efnafræði. Hver verkþáttur er táknaður með láréttri línu (tímaás).

Hringur tákna skil verkþátta. Áætluð vinnuþörf, í mannmánuðum, við hvern verkþátt er skráð í feringana. Á myndunum kemur m. a. fram að í upphafi eru verkþættirnir fáir en fjölgar þegar á liður. Síðan fækkar verkþáttum aftur uns framkvæmdum, skv. áætluninni, lýkur. Með þessu móti fæst gott yfirlit yfir verkið í heild.

Til þess að hafa umsjón með framkvæmd endurskoðunar í einstökum greinum hafa verið ráðnir námstjórar. Eru þeir ráðnir til eins árs í senn. Starfstilhögun er svipuð í öllum greinum og eru meginþættir hennar þessir:

1. Almenn skilgreining námsmarkmiða og samning námskrár.
2. Frumsamning tilraunanámsefnis og kennsluleiðbeininga og ódýr frumútgáfa þess. Þjálfun kennara til að kenna hið nýja námsefni. Forprófun þess í 5—10 bekkjardeildum. Efnið metið í því skyni að bæta það.
3. Endurskoðun tilraunanefnisins og ný útgáfa þess. Þjálfun kennara, 2. áfangi, og almenn prófun hins nýja námsefnis í nokkuð fleiri bekkjardeildum en áður og þá metið aftur með endurbóta.
4. Endurskoðun tilraunanámsbóka, kennsluhandbóka og hjálpargagna, prentuð útgáfa námsefnis. Þjálfun kennara, 3. áfangi. Almenn notkun hins nýja námsefnis samhliða námstjórn.

Samning námsefnis, svo og námskrárgerð, er unnin af starfshópum, sem skipaðir eru starfandi kennurum, undir stjórn námstjóra sem jafnframt skipuleggur verkið.

Námskrárgerð

Samhliða endurskoðun námsefnis, sem lýst var hér að framan, hefur verið unnið að samningu aðalnámskrár grunnskóla en í 42. gr. grunnskólalaga segir svo:

„Menntamálaráðuneytið hefur námskrá grunnskóla stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar þegar þörf er talin á. Menntamálaráðuneytið gefur aðalnámskrá grunnskóla út eigi sjaldnar en fimmta hvert ár“.

Í samræmi við þetta ákvæði laganna hófst útgáfa námskrárinnar í ágúst 1976. Er námskráin gefin út í heftum, eitt hefti fyrir hverja grein auk almenns hluta sem fjallar almennt um skólastarf og forsendur þess.

Af þeim heftum, sem mynda munu aðalnámskrá grunnskóla, eru þessi komin út: Almennur hluti, Móðurmál, Erlend mál — danska og enska, Tónmennt, Kristinfræði, Eðlis- og efnafræði, Skólaípróttir, Mynd- og handmennt, Samfélagsfræði og Heimilisfræði. Vinnutilhögun við gerð þessara námskráa hefur í meginráttum verið sú sama og lýst er í kaflanum um endurskoðun námsefnis.

Þá hefur menntamálaráðuneytið (skólarannsóknadeild), gefið út fjölmargar aðrar námskrár eða námskrárrög. Flest námskrárrögin hafa verið gefin út fyrir gagnfræðastig (landsprófs- og gagnfræðadeildir) og framhaldsdeildir gagnfræðaskóla. Gefnar hafa verið út tvær námskrár fyrir framhaldsskóla, Danska, 1. ár og Drög að námskrá í viðskiptagreinum.

Leiðbeiningarstörf

Eitt meginhlutverk námstjóra er að leiðbeina kennurum um kennslu og ýmsa aðra þætti skólastarfs. Leiðbeiningarstarfið hefur fyrst og fremst beinst að því að aðstoða skóla við að taka upp nýtt námsefni og breytta kennsluhætti. Einnig hafa þeir aðstoðað skóla við að framkvæma eigin hugmyndir um endurbætur í skólastarfi. Leiðbeiningarstarfið verður þeim mun gildari þáttur í starfi námstjóra eftir því sem endurskoðunin kemst lengra áleiðis og nýtt efni er tekið upp í fleiri skólum.

Námstjórnin gegnir mjög mikilvægu hlutverki, einkum í dreifbýli, m. a. vegna tíðra kennaraskipta í ýmsum skólum og er þetta þjónusta sem kennarar notfæra sér mjög mikið.

Leiðbeiningarstarfið fer fyrst og fremst fram með heimsóknum í skóla, ýmiss konar námskeiðum, fræðslufundum og þátttöku í þingum og starfsfundum kennarasamtaka.

Heimsóknir í skóla eru ýmist farnar að ósk skólastjóra, kennara og fræðslustjóra eða að frumkvæði námstjóra. Þessar heimsóknir stuðla að nánara sambandi milli skóla og fræðslufirvalda og eru báðum aðilum mjög gagnlegar.

Að ósk kennarafélaga og sambanda í ýmsum landshlutum hafa námstjórar tekið þátt í kennarapingum og fundum til að undirbúa skólastarfið. Hefur þá ýmist verið fjallað um einstakar greinar eða málefni óbundin greinum.

Menntamálaráðuneytið (skólarannsóknadeild) hefur í nokkrum tilvikum aðstoðað skóla við að taka upp meiriháttar breytingar á starfsháttum. Hér á eftir er greint frá helstu verkefnum af þessu tagi.

Mýrarhúsaskóli

Haustið 1974 hófst í Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi tilraun með einsetningu í 4.—6. bekk og að heimavinna þeirra nemenda færi fram í skólanum. Markmiðið var að gera vinnutíma nemenda í skólanum sem samfelldastan og jafna aðstöðu þeirra til náms með því að gera þeim kleift að sinna í skólanum verkefnum sem flokkast hafa undir heimanám.

Reynslan sýndi að með þessu móti er nemendum unnt að skipuleggja starf sitt meira sjálfir og minni hætta er á að þeir fái verkefni sem þeir ráða ekki við. Námið er fjölbreyttara en áður, nemendurnir virkari og fá oftær tækifæri til að tjá sig um viðfangsefni.

Varmalandsskóli

Nemendur yngri bekkja skólans hafa búið við skerta skólasetu og skólinn byggt starf sitt í 1.—5. bekk á víxlkennslu þannig að nemendur eru t. d. hálfan mánuð í skólanum og hálfan heima.

Skólinn vildi nýta betur þann tíma sem nemendur dvelja heima. Óskað var eftir aðstoð og að fá að ráða kennara til að sjá um heimanám.

Skólaárið 1976—1977 voru nemendur nestaðir verkefnum í einstökum fögum þegar þeir fóru heim. Verkefni voru unnin af þremur kennurum (2 þeirra bekkjarkennarar viðkomandi nemenda) og síðan yfirfarin í skólanum. Jafnframt var farið heim til nemenda til aðstoðar og eftirlits.

Haustið 1977 var þessu starfi haldið áfram en í nokkuð breyttri mynd. Heimanámið var í höndum eins kennara sem sá um undirbúning, úrvinnslu og heimsóknir. Einnig var reynt að breyta inntaki viðfangsefnanna í átt að sjálfstæðum verkefnum sem tengjast ýmsum hefðbundnum fögum. Áhersla var lögð á að verkefni tengdust líka daglegu lífi og umhverfi nemenda.

Stórutjarnaskóli

Haustið 1977 hófst í Stórutjarnaskóla tilraun með samkennslu 7., 8. og 9. bekkjar. Markmið tilraunarinnar er að reyna á hvern hátt hægt er að skipuleggja nám og kennslu þessara aldursflokka þannig að starfslið skólans, geta og áhugi nemenda, húsnæði, aðstaða og fjármagn nýtist sem best. Farin var sú leið að losa um bekkjarkerfið og byggja upp ca. 30 stunda einingar í ýmsum fögum. Annars vegar er um að ræða bundnar námsgreinar sem allir nemendur verða að taka, hins vegar eru frjálsar námsgreinar sem nemendur geta valið um misserislega.

Skólinn hefur fengið aðstoð við að skipuleggja námseiningar innan greina og leiðbeiningar um val viðfangsefna handa nemendum.

Kennaranámskeið

2. Líf í fersku vatni. Námsefni handa grunnskóla eftir Reyni Bjarnason, 2. tilr. útg., 64 síður prentuð.
3. Frá sameind til manns, 6., 8., 20. og 22. kafli, 1. tilr. útg., fjölr.

1976:

1. Frá sameind til manns, 4.—6., 16., 17., 22.—25. kafli tilr. útg.
2. Maðurinn, nem.e., 6. námsár, tilr. útg. 1. hluti.
3. Kennsluleiðbeiningar með Manninum, 6. námsár, 1. hluti.

1977:

1. Frá sameind til manns, 1.—6., 7., 9., 13.—15., 18., 19., 26., 27. kafli, tilr. útg.
2. Maðurinn, nem.e. 6. námsár, tilr. útg., 2. hluti.
3. Maðurinn, kennsluleiðbeiningar, 6. námsár, tilr. útg., 2. hluti.
4. Þörungalykill eftir Guðmund Pál Ólafsson.
5. Veröldin í vatninu eftir Helga Hallgrímsson.

Tónmennt:

1972:

1. Sönglög eftir Stein Stefánsson, raddsett fyrir barnakór. 4 síður.

1973:

1. Tilraunanámsefni í tónmennt fyrir 1. bekk. TIB. Kennarahefti. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð. 62 síður.
2. Hlustunarefni 1. bekkjar (eftir ársyfirliti í kennsluleiðbeiningum).
3. Leiðbeiningar með vinnublöðum TIB, 12 síður.
4. Tilraunanámsefni í tónmennt. Sönglög fyrir 1. bekk, TIB. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
5. Sönglög fyrir 6 ára börn. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
6. Jólalög. Tekin saman af starfshóp í námsefnisgerð.
7. Tónmennt, lesbók handa unglingaskólum, I. Tilraunaverkefni. Guðmundur Emilsson tók saman. 44 síður.
8. Tónmennt, lesbók handa unglingaskólum II. Tilraunaverkefni. Guðmundur Emilsson tók saman. 175 síður.
9. Tónmennt handa unglingaskólum. Vinnubók. Tilraunaverkefni. Guðmundur Emilsson tók saman. 64 síður.
10. Leiðbeiningar með segulbandsspólu 1973-HE-123-1 og 1973-HE-123-2.

1974:

1. Söngæfingar handa 1. og 2. bekk. Guðfinna Dóra Ólafsdóttir. Tilraunaútgáfa.
2. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 1. bekk. Vinnublöð. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð. 22 síður.
3. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 1. bekk. 2. útg. endurskoðuð. 11 TIB. Kennarahefti I. námsefni. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð 59 síður.
4. Kennsluleiðbeiningar með Tilraunanámsefni í tónmennt handa 1. bekk, 2. útg., endurskoðuð TIB. Kennarahefti II. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð. 79 síður.
5. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 2. bekk, 1. útg., T2A — Kennarahefti I. námsefni. 83 síður.
6. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 2. bekk. Vinnublöð, 1. útg. T2A. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
7. Tilraunanámsefni í tónmennt handa 2. bekk. 1. útg., T2A. Kennarahefti I. námsefni. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.
8. Tilraunanámsefni í tónmennt fyrir 2. bekk. 1. útg., T2A. Kennarahefti II. Kennsluleiðbeiningar. Tekið saman af starfshóp í námsefnisgerð.

1975:

1. Tónmennt. Vinnubók 2. bekkjar. T2B. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð. 61 síða.
2. Tónmennt handa 2. bekk. Kennsluleiðbeiningar. T2B. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð. 97 síður.
3. Tónmennt handa 2. bekk. Námsefni. T2B. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð. 82 síður.
4. Tónmennt. Vinnubók 3. bekkjar. T3A. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð 45 síður.
5. Tónmennt handa 3. bekk. Kennsluleiðbeiningar. T3A. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð.
6. Tónmennt. Námsefni 3. bekkjar. T3A. Tekið saman af starfshópi í námsefnisgerð.

1976:

1. Námsefni í tónmennt handa 4. bekk, vinnubók, tilr. útg.
2. Námsefni í tónmennt handa 4. bekk, kennsluleiðbein., tilr. útg.

1977:

1. Námsefni í tónmennt handa 5. bekk, vinnubók, tilr. útg.
2. Námsefni í tónmennt handa 5. bekk, kennsluleiðbein., tilr. útg.

Mynd- og handmennt:

1977:

1. Hannyrðir, handa 3. námsári, eftir Hólmfríði Árnadóttur.

Leiktjáning:

1976:

1. Nafnorð — fram um þrjá reiti, eftir Ingvar Sigurgeirsson.

1977:

1. Að leika og látast, nem.bók, þýtt af Erlu Kristjánsdóttur og Ingvari Sigurgeirs-syni.
2. Að leika og látast, kennsluleiðbeiningar, eftir Erlu Kristjánsdóttur og Ingvar Sigurgeirsson.

Húsnæði grunnskóla.

Í meðfylgjandi töflum er gerð grein fyrir húsnæði grunnskóla 1977/78 og skiptingu þess eftir fræðsluumdæmum og notkun. Eru tölurnar unnar eftir teikningum og upplýsingum byggingadeildar menntamálaráðuneytisins og gögnum frá Íþróttafulltrúa að því er íþróttahúsnæði varðar.

Auk eiginlegra skólamannvirkja eru í töflunum taldar með lausar kennslustofur og leiguhúsnæði vegna almennrar kennslu, einnig sundlaugar þótt þær hafi ekki verið byggðar sem skólamannvirki en skólar hafa til afnota í miklum mæli. Annað húsnæði til íþróttakennslu, sem ekki er hreint skólahúsnæði, er ekki talið með nema að því leyti sem eignarhluti skóla segir til um. Húsnæði á leigu til íþróttakennslu er ekki talið með.

Húsnæði grunnskóla 1977/78 er samtals um 336 000 m² og skiptist þannig að um 219 000 m² eða 65% er kennsluhúsnæði, annað en íþróttahúsnæði, sem er um 61 000 m² eða um 18%. Heimavistir og tilheyrandi húsnæði er um 31 000 m² eða um 9% og kennaraíbúðir um 24 000 m² eða um 7%.

Almennt kennsluhúsnæði er að jafnaði tæpir 5 m² á nemanda. Íþróttahúsnæði um 1.4 m² á nemanda og alls er húsnæðið um 7.5 m² á nemanda. Kennslustofur teljast alls 1628 og koma u.þ.b. 27 nemendur á hverja kennslustofu að jafnaði.

Skipting húsnæðisins milli fræðsluumdæma er sýnd í töflu H.4. Kemur þar m. a. fram að kennsluhúsnæði á nemanda er minnst um 4.5 m² á nemanda í Reykjanes-umdæmi og mest um 6.5 m² á Norðurlandi vestra. Við samanburð á þessum tölum verður að hafa í huga að rýmispörf og nýting fer eftir stærð skóla og er hún mismunandi eftir umdæmum. Í öðru skólarými er munur milli umdæma miklu meiri enda eru aðstæður að því er það varðar svo ólíkar að hæpið er að gera samanburð með þeim tölum sem þar koma fram. Ef allt rými er talið, koma á nemanda í Reykjavík og á Reykjanesi um 5.7 m² á nemanda en frá 9.2 m² og upp í 12.7 m² í öðrum umdæmum.

Eins og áður kom fram er heildarhúsnæði grunnskóla um 336 000 m². Ef miðað er við nýbyggingakostnað og um 20% afskrift vegna aldurs að jafnaði má gera ráð fyrir því að hver m² í húsnæði með búnaði, kosti um 130 000 kr. Verðgildi skólahúsnæðis skv. því myndi því losa 40 milljarða kr. eða nálægt 1 millj. kr. á nemanda.

Í töflum H.5, H.6 og H.7 er tekið saman yfirlit yfir þann hluta af skólahúsnæðinu sem byggður hefur verið eftir lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eru það samtals um 36% af heildarhúsnæðinu.

Þar sem eingöngu er talið það húsnæði sem þegar er tekið í notkun og ekki talið það sem í byggingu var þegar þau lög voru sett má líta á þessa ca. 120 000 m² sem 6—7 ára „framleiðslu“ eða 15—20 000 m² á ári til jafnaðar sem er um 6% aukning skólahúsnæðis ár hvert eins og nú er.

Skipting þessa nýja húsnæðis eftir tegundum er nokkuð frábrugðin skiptingu eldra húsnæðis eins og eftirfarandi tafla sýnir

	Eldra húsnæði		Nýtt húsnæði		Aukning
	m ²	%	m ²	%	%
Kennsluhúsnæði	151 562	70,7	67 750	55,8	44,7
Íþróttahúsnæði	31 649	14,8	29 682	24,5	93,8
Heimavist o. þ. h.	16 153	7,5	15 108	12,5	93,5
Kennaraíbúðir	15 141	7,1	8 769	7,2	57,9
Samtals	214 505	100,0	121 309	100,0	56,6

Hluttur íþróttahúsnæðis hefur aukist verulega á kostnað annars kennsluhúsnæðis og hluttur heimavista einnig.

Að því er íþróttahúsnæðið varðar verður þó að taka fram að verulegur hluti þess er í mjög stórum byggingum á fáum stöðum sem ekki nýtast til kennslu í samræmi við stærðir.

Á því tímabili sem um ræðir voru í byggingu stórir heimavistaskólar sem lokið er við og er þáttur þeirra nú orðinn verulega minni og verður líklega svo áfram.

Skipting hins nýja húsnæðis eftir umdæmum er sýnd í töflu H.8. og hefur hlutfallsleg aukning með tilkomu þess verið sem hér greinir:

	Eldra húsnæði		Nýtt húsnæði		Aukning
	m ²	%	m ²	%	%
Reykjavík	58 311		29 608		50,8
Reykjanes	35 258		26 016		73,8
Vesturland	21 163		9 728		46,0
Vestfirðir	15 885		4 604		29,0
Norðurland vestra	15 259		10 294		67,5
Norðurland eystra	25 970		22 495		86,6
Austurland	18 896		5 875		31,1
Suðurland	23 763		12 689		53,4
Samtals	214 505		121 309		56,6

Í töflu H.8. er yfirlit yfir skólahúsnæði sem nú er í byggingu eða ætlað að hafnar verði framkvæmdir við á þessu ári. Er þar um að ræða alls um 73 000 m². Ætla má að húsnæði þetta verði allt komið í notkun eftir 3—4 ár og verður grunn-skólahúsnæði í landinu þá um 400 000 m² eða 9—10 m² á nemanda.

Að lokum er í töflum H.9. og H.10. gefið yfirlit yfir greiðslur ríkissjóðs vegna stofnkostnaðar grunnskóla 1968—1977 og áætlaðar greiðslur 1978. Eru í fyrri töflunni sýndar greiðslur á verðlagi hvers árs en í hinni síðari er miðað við fast verðlag eða vísitölu byggingarkostnaðar 159 stig í árslok 1977. Greiðslur ríkisins á hverju ári voru miðaðar við vísitölu í júlímánuði ár hvert sem áætlað meðaltal og síðan umreiknaðar til vísitölu 159. Fyrir árið 1978 var vísitala í júlí áætluð 205 stig. Eins og tölurnar bera með sér óx framlag ríkissjóðs á föstu verðlagi um 800 millj. kr. 1968 og í um 1500 millj. kr. á árunum 1970—1976 en fer síðan lækkandi frá þeim tíma og er áætlað að það verði tæplega 1100 millj. kr. í ár á því verðlagi, sem við er miðað.

Gera má ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna séu álíka há og ríkisins og hafi því heildarfjárfesting í grunnskólum á árunum 1970 til og með 1976 verið um 3 000 millj. kr. árlega á verðlagi í árslok 1977, sem svarar til um 20 000 m² í fullgerðu skólahúsnæði árlega á þeim árum.

Skipting fjárfestingarinnar milli umdæma hefur verið mismunandi á þessum árum, má t. d. merkja á tölunum þá framkvæmdaðldu sem gengið hefur yfir Norðurland á þessum tíma en er nú í rénum. Á þessum tíma hefur þar verið byggt skólahúsnæði fyrir flestar sveitir frá Hrutafirði til Axarfjarðar auk meiri eða minni framkvæmda í kaupstöðunum í umdæmunum. Af skiptingunni má ráða að áherslan á þessum tíma hefur verið á skólum í dreifbýli og hefur skólaaðstaða þess í heild tekið verulegum breytingum til bóta á síðasta áratugi.

Tafla H.1 Kennsluhúsnæði skóla 1977/78 eftir fræðsluumdæmum.

	Kennsluhúsnæði án íþróttarýmis				Íþróttakennslurými				
	Fjöldi kennslust.	Stærð kennslust. m ²	Annað rými m ²	Samtals m ²	Salur m ²	Inni-sundlaug m ²	Úti-sundlaug m ²	Annað rými m ²	Samtals m ²
Reykjavík	505	28 609	45 149	73 758	5 030	559	900	6 713	13 202
Reykjanesumdæmi	352	19 991	27 658	47 649	5 060	408	683	7 242	13 393
Vesturland	116	5 693	9 553	15 246	1 943	306	1 143	4 601	7 998
Vestfirðir	95	4 065	7 077	11 142	482	268	1 040	2 089	3 879
Norðurland vestra	85	4 097	9 053	13 150	939	433	1 400	1 237	4 009
Norðurland eystra	192	9 880	15 743	25 623	2 313	75	1 808	4 296	8 492
Austurland	104	5 084	8 623	13 707	1 098	313	432	1 364	3 207
Suðurland	179	8 460	10 577	19 037	1 731	450	1 338	4 632	8 151
Landið samtals	1 628	85 879	133 433	219 312	18 596	2 812	8 744	32 174	62 331

Tafla H.2 Kennsluhúsnæði á nemanda 1977/78 eftir fræðsluumdæmum.

	Fjöldi nemenda á kennslust.	m ² í kennslust. á nem.	Annað rými í m ² á nem.	Almennt kennsluh. í m ² /nem.	m ² í sal á nem.	m ² í sundlaug á nem.	Annað húsnæði í m ² /nem.	Samtals íþr. húsnæði í m ² /nem.
Reykjavík	30,5	1,86	2,94	4,79	0,33	0,09	0,44	0,86
Reykjanesumdæmi	30,1	1,88	2,61	4,49	0,48	0,10	0,68	1,26
Vesturland	25,6	1,91	3,21	5,13	0,65	0,49	1,55	2,69
Vestfirðir	19,4	2,20	3,84	6,04	0,26	0,71	1,13	2,10
Norðurland vestra	23,7	2,04	4,50	6,54	0,47	0,91	0,62	1,99
Norðurland eystra	27,5	1,87	2,98	4,84	0,44	0,36	0,81	1,61
Austurland	24,5	1,99	3,39	5,38	0,43	0,29	0,54	1,26
Suðurland	22,2	2,13	2,66	4,80	0,44	0,45	1,17	2,05
Samtals	27,4	1,92	2,99	4,92	0,42	0,26	0,72	1,40

Tafla H.3 Heimavistir og íbúðir 1977/78 eftir fræðsluumdæmum og í m² á nemanda.

	Heimavistir		Mötuneyti			Íbúðir starfsfólks		Heimav. og íbúðir m ² /nem.	Kennara- íbúðir m ² /nem.
	Nem. herbergi Fjöldi	Íbúðir starfsf. Fjöldi	Herb. og íbúðir m ²	Annað húsnæði m ²	Samtals m ²	Kennaraíbúðir			
						Fjöldi	m ²		
Reykjavík	-	8	859	-	859	1	100	0,06	0,01
Reykjanesumdæmi ...	-	3	123	193	316	8	916	0,03	0,08
Vesturland	91	12	1 446	2 659	4 105	30	3 542	1,38	1,19
Vestfirðir	44	6	616	1 683	2 299	30	3 169	1,25	1,72
Norðurland vestra ...	83	18	1 537	4 504	6 041	24	2 353	3,00	1,17
Norðurland eystra ...	168	26	2 552	6 541	9 093	47	5 257	1,72	1,00
Austurland	83	14	1 218	3 618	4 836	24	3 021	1,90	1,19
Suðurland	61	16	1 364	2 348	3 712	47	5 552	0,94	1,40
Samtals	530	103	9 715	21 546	31 261	211	23 910	0,70	0,54

Tafla H.4 Skólahúsnæði 1977/78 eftir fræðsluumdæmum.

	Kennslu- húsnæði án íþrh. m ²		Heimav. og íbúðir Kennara- starfsf. íbúðir m ²		Samtals m ²	Kennslu- húsnæði án íþrh. m ² /nem.		Heimav. og íbúðir Kennara- starfsf. íbúðir m ² /nem.		Samtals m ² /nem.
	Íþróttar- rými m ²	Íþróttar- rými m ²	Íþróttar- rými m ²	Íþróttar- rými m ²		Íþróttar- rými m ² /nem.	Íþróttar- rými m ² /nem.			
Reykjavík	73 758	13 202	859	100	87 919	4,79	0,86	0,06	0,01	5,71
Reykjanes	47 649	12 393	316	916	61 274	4,49	1,26	0,03	0,08	5,77
Vesturland	15 246	7 998	4 105	3 542	30 891	5,13	2,69	1,38	1,19	10,39
Vestfirðir	11 142	3 879	2 299	3 169	20 489	6,04	2,10	1,25	1,72	11,11
Norðurland vestra ...	13 150	4 009	6 041	2 353	25 553	6,54	1,99	3,00	1,17	12,71
Norðurland eystra ...	25 623	8 492	9 093	5 257	48 465	4,84	1,61	1,72	1,00	9,19
Austurland	13 707	3 207	4 836	3 021	24 771	5,38	1,26	1,90	1,19	9,73
Suðurland	19 037	8 151	3 712	5 552	36 452	4,80	2,05	0,94	1,40	9,18
Landið allt	219 312	61 331	31 261	23 910	335 814	4,92	1,37	0,70	0,54	7,53
Í %	65,3%	18,3%	9,3%	7,1%	100%					

Tafla H.5 Skólahúsnæði byggt skv. skólakostnaðarlögum nr. 49/1967.

	Heimavistir, mötuneyti og íbúðir starfsfólks					Kennaraíbúðir	
	Nemenda- herb.fj.	Íbúðir starfsf.fj.	Herb. og íbúðir m ²	Annað m ²	Samtals	Fjöldi	m ²
Reykjavík	-	-	-	-	-	-	-
Reykjanesumdæmi	-	-	-	-	-	-	-
Vesturland	21	7	374	778	1 152	11	1 541
Vestfirðir	12	1	185	916	1 101	8	799
Norðurland vestra ...	43	12	897	3 545	4 442	10	1 033
Norðurland eystra ...	112	15	1 698	4 245	5 943	23	2 593
Austurland	23	4	345	982	1 237	4	410
Suðurland	25	3	259	884	1 143	22	2 393
Landið alls	236	42	3 758	11 350	15 108	78	8 769

Tafla H.6 Skólahúsnæði byggt eftir skólakostnaðarlögum nr. 49/1967.

	Kennsluhúsnæði án íþróttarýmis				Íþróttarými				
	Fjöldi kennslust.	Stærð kennslust. m ²	Annað rými m ²	Samtals m ²	Salur m ²	Inni-sundlaug m ²	Úti-sundlaug m ²	Annað rými m ²	Samtals m ²
Reykjavík	147	9 011	13 273	22 284	2 952	88	–	4 284	7 324
Reykjanesumdæmi .	119	7 857	12 192	20 049	2 750	–	–	3 217	5 967
Vesturland	13	868	1 948	2 816	968	–	134	3 117	4 219
Vestfirðir	9	341	771	1 112	–	134	–	1 458	1 592
Norðurland vestra .	25	1 348	3 127	4 475	–	134	–	210	344
Norðurland eystra .	69	4 128	6 511	10 639	1 123	–	284	1 913	3 320
Austurland	21	1 264	2 874	4 138	–	–	–	–	–
Suðurland	17	883	1 354	2 237	1 471	450	641	4 354	6 916
Landið allt	420	25 700	42 050	67 750	9 264	806	1 059	18 553	29 682

Tafla H.7 Skólahúsnæði byggt skv. skólakostnaðarlögum nr. 49/1967.

	Kennsluhúsnæði				Íþróttarými				Í % af heildarhúsnæði sbr. töflu H.4					
	án íþrr. m ²	Íþróttarými m ²	Heimav. og íbúðir starfsf. m ²	Kennara-íbúðir m ²	Samtals m ²	Kennsluhúsn. án íþrr. rým. m ²	Íþróttarými rými	Heimav. og íbúðir starfsf. m ²	Kennara-íbúðir m ²	Samtals m ²	Í %	Í %	Í %	Í %
Reykjavík	22 284	7 324	–	–	29 608	30,2	55,5	–	–	33,7	55,8%	24,5%	–	–
Reykjanes	20 049	5 967	–	–	26 016	42,1	48,1	–	–	42,5	24,5%	12,5%	–	–
Vesturland	2 816	4 219	1 152	1 541	9 728	18,5	52,8	28,1	43,5	31,5	7,2%	37,9%	100%	100%
Vestfirðir	1 112	1 592	1 101	799	4 604	10,0	41,0	47,9	25,2	22,5	–	–	–	–
Norðurland vestra	4 475	344	4 442	1 033	10 294	34,0	8,6	73,5	43,9	40,3	–	–	–	–
Norðurland eystra	10 639	3 320	5 943	2 593	22 495	41,5	39,1	65,4	49,3	46,4	–	–	–	–
Austurland	4 138	–	1 327	410	5 875	30,2	–	27,4	13,6	23,7	–	–	–	–
Suðurland	2 237	6 916	1 143	2 393	12 689	11,8	84,8	30,8	43,1	34,8	–	–	–	–
Samtals	67 750	29 682	15 108	8 769	121 309	30,9	48,4	48,3	36,7	36,1	–	–	–	–
Í %	55,8%	24,5%	12,5%	7,2%	100%									

Tafla H.8 Skólahúsnæði í byggingu og/eða með framkvæmdafjárveitingu 1978.

	Kennsluhúsn. án íþróttar. m ²	Íþróttahúsnæði m ²	Heimavistir og íbúðir starfsfólks m ²	Kennara-íbúðir m ²	Samtals m ²
Reykjavík	8 250	1 400	–	–	9 650
Reykjanes	11 550	7 850	–	–	19 400
Vesturland	5 100	4 200	650	–	9 950
Vestfirðir	3 600	650	50	150	4 450
Norðurland vestra	1 450	1 600	400	550	4 000
Norðurland eystra	1 900	5 350	100	150	7 500
Austurland	7 000	4 100	200	100	11 400
Suðurland	3 650	2 600	550	–	6 800
Samtals	42 500	27 750	1 950	950	73 150
Í %	58,1	37,9	2,7	1,3	100

Tafla H.9 Greiðslur ríkissjóðs v/stofnkostnaðar skólamanntvirkja á grunnskóla-
stigi árin 1967 til 1977 og fjárveiting 1978.

Á verðlagi hvers árs	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	Fjárveit 1978
0000 Reykjavík	31 200	42 500	47 100	96 900	66 900	57 800	101 100	193 800	243 100	171 700	238 800
2000 Reykjanesumdæmi	10 500	28 400	30 700	42 200	40 200	103 200	178 400	199 400	151 800	179 500	255 800
3000 Vesturlandsumdæmi	7 500	10 100	11 600	22 200	29 600	45 200	74 700	104 600	79 400	101 800	115 900
4000 Vestfirjaldumdæmi	3 200	5 200	10 600	12 200	15 700	18 800	39 600	41 300	59 100	66 100	84 800
5000 Norðurlandsumdæmi vestra	10 000	13 200	19 100	21 600	24 900	46 100	97 300	115 300	122 300	126 200	149 700
6000 Norðurlandsumdæmi eystra	6 500	25 500	49 400	68 800	81 800	71 100	83 300	83 100	139 600	153 100	191 500
7000 Austurland	2 900	4 700	15 600	19 900	23 200	43 300	33 700	54 200	95 000	95 300	160 400
8000 Suðurland	13 700	12 900	18 300	26 900	21 300	19 000	72 000	82 300	102 500	123 700	179 100
Landið allt	85 500	142 500	202 400	310 700	303 600	404 500	680 100	874 000	992 800	1 017 400	1 376 000

Tafla H.10 Greiðslur ríkissjóðs v/stofnkostnaðar skólamanntvirkja á grunnskóla-
stigi árin 1967 til 1977 og fjárveiting 1978.

Á fóstur verðlagi miðað við vísitölu byggingar- kostnaðar í árslok 1977	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	Fjárveit. 1978
0000 Reykjavík	295 800	320 100	308 900	570 200	308 300	213 300	246 700	324 300	348 700	197 500	2185 200
2000 Reykjanesumdæmi	99 600	213 900	201 300	248 300	185 300	380 900	485 300	333 700	217 700	206 500	198 400
3000 Vesturlandsumdæmi	71 100	76 100	76 100	130 600	136 400	166 800	182 300	175 000	113 900	117 100	89 900
4000 Vestfirjaldumdæmi	30 300	39 200	69 500	71 800	72 400	69 400	96 600	69 100	84 800	76 000	65 800
5000 Norðurlandsumdæmi vestra	94 800	99 400	125 300	127 100	114 800	170 100	237 400	193 000	175 400	145 200	116 100
6000 Norðurlandsumdæmi eystra	61 600	192 000	324 000	404 800	377 000	262 400	203 300	139 100	200 200	176 100	148 500
7000 Austurland	27 500	35 400	102 300	117 100	107 000	159 800	82 200	90 700	136 200	109 700	124 500
8000 Suðurland	129 900	97 200	120 000	158 300	98 200	70 100	175 700	137 800	147 000	142 300	138 900
Landið allt	810 600	1 073 300	1 327 400	1 828 200	1 399 400	1 492 800	1 659 500	1 460 700	1 423 900	1 170 400	1 067 200

SKÓLAÍPRÓTTIR

Á árunum 1973 og fram á árið 1975 vann nefnd íþróttakennara að endurskoðun námskrár í íþróttum.

Tillaga að námskrá í íþróttum var kynnt á námskeiði íþróttakennara fyrir skólabyrjun 1975.

Haustið 1975 hófu störf tveir námstjórar í íþróttum. Annar annaðist sund en hinn aðrar skólaíþróttir.

Veturinn 1975—76 önnuðust námsstjórnir athuganir og tilraunir á námsefni ákveðinna aldurshópa.

Sumarið 1976 var enn efnt til námskeiðs með íþróttakennurum til þess að ræða reynslu þeirra af tillögu að námskrá og niðurstöður námstjóra af athugunum og tilraunum.

Haustið 1976 var námskráin gefin út. Námstjórar héldu áfram athugunum og undirbjuggu kennsluleiðbeiningar fyrir 4.—6. bekk. Þessar leiðbeiningar voru lagðar fyrir til kynningar á þrem fræðslufundum með íþróttakennurum síðsumars og haustið 1977.

Námstjórar undirbúa nú meðal annars kennsluleiðbeiningar fyrir 1.—3. bekk og 7.—9. bekk.

Árið 1975 voru í síðasta skipti samræmd próf í leikfimi. 1976 voru þau í 8. og 9. bekk og 1977 aðeins í 9. bekk.

Sami háttur var hafður á sundprófum nema að ákveðið var að hafa einnig samræmt próf í sundi 1978 í 6. bekk (12 ára) vegna sundskylduákvæðisins, sem samkv. lögum kveður svo á að eigi síðar en 12 ára skuli nemendur hafa tekið sundpróf (III. stig) sem skilgreint hefur verið að þeir sem því ná séu syndir.

Sundnám.

Erfitt er að fylgjast með framkvæmd sundskyldu síðan hætt var að afla skýrslna yfir barnaprófs- og unglingaprófsnemendur.

Síðast 1975 þegar unnt var að rannsaka sundfærni 12 ára nemenda, luku 86% þeirra tilskildu sundprófi.

Af fyrrgreindri ástæðu er síðan eigi unnt að birta áreiðanlegar tölur sem sýna niðurstöður framkvæmdarinnar.

Árið 1976 nutu 25 271 nemandi af 30 024 í kaupstöðum sundnáms eða 83% en af 11 645 utan kaupstaða 6 376 eða 55%.

Af öllum nemendum 1976 nutu 75% sundkennslu.

25% skólanna geta veitt nemendum sund í eigin laug.

37% skólanna senda nemendur í sund í laug innan síns bæjar- eða sveitarfélags.

38% skólanna verða að senda nemendur til sundlauga annarra bæja- eða sveitarfélaga.

Leikfiminám.

Árið 1976 veittu 35% skólanna nemendum leikfimi í eigin sölum.

Árið 1976 veittu 17% skólanna nemendum leikfimi í leigusölum.

Árið 1976 veittu 10% skólanna nemendum leikfimi á leikstofu eða gangi.

Árið 1976 veittu 28% skólanna nemendum leikfimi í félagsheimilum.

Árið 1976 gátu 10% skólanna ekki veitt nemendum leikfimi.

Íþróttir sem valgrein.

Í nokkrum skólum á skólaárinu 1977—78 var nemendum gefinn kostur á að velja sér íþróttir sem valgrein.

Unnið er að kennsluleiðbeiningum á þessu sviði.

Vegna væntanlegra áhrifa kennsluhátta í samræmi við nýja námskrá var á skólaárinu 1975—76 efnt til rannsóknar á líkamsfari nemenda í grunnskólum.

Var rannsóknin sniðin eftir rannsókn sem árið 1968 var framkvæmd í Noregi (Akershuskóunnunin).

Þátttaka skólanna hér varð minni en vonast var til (8 skólar með um 1000 nemendur).

Unnið var úr gögnum og liggja niðurstöður fyrir í töflum og línuritum. Samanburður var einnig gerður á hinum íslensku og norsku niðurstöðum.

Þegar námskrá verður síðar endurskoðuð og hliðstæð könnun á líkamsfari nemenda grunnskóla framkvæmd, mætti með hliðsjón af samanburði á niðurstöðum móta ákvarðanir um kennsluhætti.

Skólaskipan

Í 16. gr. grunnskólalaga er svo mælt að menntamálaráðuneytið skuli gera tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi.

Í sambandi við ákvæði lagagreinarinnar lagði ráðuneytið fram tillögur sínar með bréfi 22. desember 1975.

Tillögur þessar sem nefnast: „Skipting landsins í skólahverfi. Tillögur skv. 16. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla,“ voru fjölritaðar í desember 1975 og sendar fræðsluráðum, alþingismönnum o. fl. Þær hafa verið kynntar heima fyrir og ræddar nokkuð og sumar sætt gagnrýni, en þó sjaldan verið bent á aðrar leiðir. Er eðlilegt að sitt sýnist hverjum, því að víða er um vandamál að ræða í þessu sambandi, sem leggja þarf áherslu á að ná sem mestri samstöðu um.

Ráðuneytið hefur nokkuð ýtt á um að fá þessi mál afgreidd, en telur þó að í raun og veru sé ekki brýn ástæða til þess að hraða málinu mjög þar eð taka verður tillit til þess, hvert verður skipulag framhaldsskólastigsins og hvar og hverskonar framhaldsskólar verða á hinum ýmsu stöðum.

Tillögurnar fara hér á eftir (en þó ekki kortin sem fylgdu í upphafi), en hafa verður í huga eins og greinilega er tekið fram í bréfinu frá 22. desember, að hér er einungis um tillögur að ræða, sem eiga eftir að taka breytingum í samstarfi heimaaðila og ráðuneytisins. Bréfið hljóðar þannig:

„Að undanfögnu hefur menntamálaráðuneytið haft í undirbúningi tillögur um nýja skiptingu landsins í skólahverfi með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ýmsum þáttum sem skólahald varða og framkvæmd þess, svo sem búsetu og samgöngum, auk breytinga sem orðið hafa eða stefnt er að í skólastarfi.

Undirbúningurinn hófst í sama mund og unnið var að samningu frumvarpa til laga um skólakerfi og grunnskóla og hefur því frá upphafi verið tekið mið af þeirri stefnu sem í þeim lögum er mörkuð.

Á þessu tímabili hefur ráðuneytið lagt fram tillögur til umræðna um skólaskipan í ýmsum héruðum landsins. Voru þær kynntar aðilum og ræddar á fundum. Hafa þær verið hafðar til hliðsjónar þegar teknar hafa verið ákvarðanir um skólabyggingar á ýmsum stöðum. Eru t. d. skólar í Skagafirði byggðir í samræmi við slíkar tillögur.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst af hinni fyrstu tillögugerð fyrir einstök svæði var gerð heildaráætlun um skiptingu alls landsins í skólahverfi með því að endurskoða og fella saman hinar fyrri tillögur og auka við þær vegna þeirra héraða eða landshluta, þar sem ekki höfðu áður verið gerðar tillögur um skipan þessara mála. Árangur þessa starfs felst í þeim heildartillögum og upplýsingum sem hér birtast. Er hér verið að framkvæma ákvæði 16. greinar laga nr. 63/1974 um grunnskóla, sem þannig hljóðar að því er þetta atriði varðar:

„Menntamálaráðuneytið leggur tillögur um skiptingu landsins í skólahverfi fyrir fræðsluráð sem umræðugrundvöll, en fræðsluráð kynnir þær sveitarstjórnnum, skólaneftum og skólastjórnnum, sem hlut eiga að máli. Síðan boðar ráðuneytið til funda

með þessum aðilum og fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um tillögurnar. Lögð skal áhersla á, að samkomulag verði með aðilum, en takist það ekki innan hæfilegs tíma, sker menntamálaráðuneytið úr“.

Á þeim tíma, sem unnið var að gerð þessarar áætlunar eða tillagna um nýja skólaskipán leitaði Maggi Jóhann Jónsson arkitekt til ráðuneytisins um upplýsingar vegna doktorsritgerðar sem hann vann þá að og fjallaði um skólabyggingar í dreifbýli á Íslandi og forsendur fyrir hönnun þeirra. Var nán samvinna milli hans og ráðuneytisins um þá þætti sem sameiginlegir voru báðum verkefnum. Annaðist dr. Maggi gerð meðfylgjandi korta og aflaði upplýsinga um vegi, ástand þeirra og staðsetningu býla sem þau sýna. Með hliðsjón af þeim upplýsingum og með tilliti til fjölda nemenda, uppeldis- og kennslufræðilegra forsendna o. fl. voru skólasvæði — staðir og stærðir ákveðin. Þakkar ráðuneytið dr. Magga fyrir starf hans, svo og öðrum aðilum sem fúslega veittu aðstoð við öflun upplýsinga og gagna, svo sem Landmælingum Íslands, Vegamálastofunni, Landnámi ríkisins o. fl.

Þar sem slík tillögugerð tekur langan tíma eru sumar upplýsingar og tölur eldri en æskilegt hefði verið. Í einstaka tilfelli hafa verið teknar ákvarðanir um aðra skipán skólahverfa en hér birtast tillögur um og er ekki ætlunin að breyta þeim ákvörðunum. Misræmið stafar einungis af því að þessar tillögur höfðu áður verið mótaðar og skipting skólahverfa sett í töflur og prentuð á kort samkvæmt því. Til þess að komast hjá misræmi milli korta, töflu og texta var valin sú leið að birta hinar upphaflegu tillögur óbreyttar þótt í einstaka tilfelli hafi verið horfið að öðru fyrirkomulagi, en allra slíkra breytinga er getið í textanum og gerð grein fyrir þeim þannig að ekki ætti að valda misskilningi.

Innan ráðuneytisins hafa ýmsir unnið að þeim málum, sem tillögurnar fjalla um, en umsjón með gerð þeirrar skýrslu, sem hér birtist, hafði deildarstjóri bygg-ingadeildar, Indriði H. Þorláksson, hagfræðingur.

Eins og bent er á hér að framan eru tillögurnar gerðar í samræmi við ákvæði 16. gr. grunnskólalaga og sérstök athygli er vakin á því, að hér er einungis um tillögur að ræða, sem ráðuneytið leggur áherslu á að verði kynntar og ræddar á þann hátt sem grunnskólalög ætlast til, þannig að unnt verði að ná samstöðu um þá skólaskipán sem best virðist henta skólastarfinu á hverjum stað.

Leggur ráðuneytið hér með fram tillögur þessar í samræmi við 16. grein grunnskólalaga.“

Forsendur og takmarkanir skólaskipunar.

Við gerð áætlunar um skólaskipán verður að taka tillit til fjölmargra þátta, sem hafa áhrif á framkvæmd skólamála. Sumir þessara þátta eru þess eðlis, að breytingar á þeim eru ekki á valdi þeirra, sem annast framkvæmd skólamála og verða því forsendur áætlanagerðarinnar. Þessir þættir eru þó ekki stöðugir, en breytast með ýmsum hætti. Forsendur þessar má flokka eftir breytileika þeirra sem hér greinir:

- a. Landshættir og veðurfar eru forsendur sem ekki er gert ráð fyrir að breytist frá því sem nú er.
- b. Fólksfjöldi, búseta og atvinnuhættir eru í ákveðinni þróun, sem unnt er að segja fyrir um með nokkurri vissu, a. m. k. ef litið er til 10—15 ára tímabils.
- c. Samgöngukerfi, en þróun þess ræðst af breytingum í samgöngu- og vegagerðartækni og ákvörðunum opinberra aðila. Þær ákvarðanir má taka með tilliti til skólahalds þótt önnur sjónarmið ráði tíðum meira þar um. Er unnt að segja fyrir um þessa þróun og móta hana að nokkru.
- d. Skólastefna og almenn kennslufræðileg viðhorf, en breytingar á þessu sviði ráðast af pólitískum ákvörðunum og þróun uppeldisvísinda.

Aðrir þættir, sem hafa áhrif á framkvæmd skólahalds, eru þess eðlis að það er á valdi framkvæmdaáðila þ. e. menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga að ákveða

breytingar á þeim til þess að fá sem besta niðurstöðu. Þessir þættir eru aðalviðfangsefni áætlanagerðarinnar og eru fyrst og fremst:

- a. Skólahverfi og stærð skóla.
- b. Skólastaður.
- c. Fyrirkomulag skólasóknar (heimanganga, daglegur skólarekstur, heimavistir).

Að gefnum þeim forsendum, sem nefndar hafa verið, verður við áætlanagerð sem þessa að taka til greina þær takmarkanir af ýmsu tagi, sm þrengja það val sem fyrir hendi er. Til slíkra takmarkana má telja fjárhagsleg hagkvæmnissjónarmið, sem koma m. a. fram í vali heimanaksturs í stað heimavista þar sem því verður við komið, nýtingu eldra skólahúsnæðis í stað nýbygginga á annars hagkvæmari stað og því að mynda skólaeiningar sem hagkvæmar eru með tilliti til kennslukostnaðar. Til takmarkana í þessum skilningi teljast einnig hámarksvegalengdir fyrir akstur, daglegan eða um helgar, félagsleg atriði eins og þau að skólinn rjúfi ekki tengsl barna við heimilin, kennslufræðileg atriði eins og þau að komið verði við æskilegri verkaskiptingu kennara með tilliti til námsefnis.

Út frá þeim forsendum og takmörkunum, sem minnst hefur verið á, eru eftirfarandi viðmiðanir hafðar í huga við ákvörðun skólaskipulagsins.

1. Niu ár grunnskóla sem samfelld heild á hverju skólasvæði, þó svo að nemendur skiptist á tvær eða fleiri skólastofnanir með tilliti til staðhátta, kennslufræðilegra atriða og hagkvæmni.
2. Á áttunda og níunda námsári sé unnt að skipta nemendum á tvær námsbrautir hvort ár með tilliti til getu og áhuga nemenda. Æskilegur fjöldi nemenda í aldursárgangi á 8. og 9. námsári er því að lágmarki 40—50.
3. Fjöldi nemenda á 5., 6. og 7. námsári sé slíkur, að unnt sé að skipta þessum nemendum í námshópa eftir aldri.
4. Skólar með 5.—9. námsár séu það fjölmennir, að þeir geti haft minnst 4—5 kennara.
5. Daglegur akstur sé framkvæmdur þar sem auðið er.
6. Hámarksvegalengd í daglegum akstri frá heimili til skóla sé 25—30 km., og akstur til og frá skóla taki ekki lengri tíma en u. þ. b. 90 mínútur á dag.
7. Fimm daga skólavika og nemendum, sem í heimavist dvelja, verði ekið til heimilis síns um hverja helgi.
8. Nemendur á 1. og 2. skólaári búi ekki í heimavist. Eigi þeir ekki kost á daglegum akstri eða heimangöngu, stundi þeir heimanám undir eftirliti þess skóla, sem þeir sækja síðar.

Í samræmi við þessar viðmiðanir eru tillögur þessar byggðar á þremur aðalflokkum grunnskóla, sem hér segir:

- a. Skóli fyrir 1.—4. námsár:

Aldur nemenda að jafnaði 7—10 ár. Viðfangsefni almenn skólaþroskun, kennsla undirstöðugreina og byrjað á lesgreinum. Heimanganga og heimanakstur. Skólar þessir geta verið útibú frá stærri skóla eða sjálfstæðar einingar.

- b. Skóli fyrir 1.—7. námsár:

Aldur nemenda að jafnaði 7—13 ár. Viðfangsefni auk áðurnefnds, erlend tungumál og raungreinar. Blandaðir heimangöngu- aksturs- og heimavistarskólar. Heimavistir einkum fyrir nemendur á 5.—7. námsári, sem koma úr skólum fyrir 1.—4. námsár.

- c. Skóli fyrir 1.—9. námsár:

Aldur nemenda að jafnaði 7—15 ár. Viðfangsefni, til viðbótar áðurnefndu, fjölbreytt kennsla sem býður nemendum á 8. og 9. námsári upp á val a. m. k. tveggja námsbrauta og val einstakra námsgreina.

Í sumum tilvikum verður að gera ráð fyrir frávikum frá ofangreindri skiptingu þar sem aðstæður eru slíkar, að annað hentar betur. Er við það miðað að náði samstarf verði milli allra skóla á skólasvæðinu hvað varðar skipulagningu skólastarfsins þannig að tilfærsla nemenda úr einum skóla í annan geti orðið sem auðveldust.

II. Skólasvæði.

Landinu, utan Reykjavíkur og nærliggjandi þéttbýlis, og Akureyrar, er í tillögum þessum skipt í 34 skólasvæði. Skiptingin ræðst fyrst og fremst af landfræðilegum atriðum og fólksfjölda þar sem að því var stefnt, að á hverju slíku svæði sé a. m. k. einn skóli með 8. og 9. námsár þó undantekning finnist.

Hvert skólasvæði nær yfir allt frá einu og upp í 18 sveitarfélög, og er íbúafjöldinn allt frá um 1000 upp í um 10 000, og meðalfjöldi í aldursárgangi nemenda frá u. þ. b. 20 og upp í 220. Í fyrstu töflu hér á eftir er sýnt yfirlit yfir skólasvæðin skv. tillögnum, íbúafjölda þeirra, fjölda í aldursárgangi nemenda, fjölda skóla. Gert er ráð fyrir skólum á 133 stöðum alls, þar af hafi 42 skólastaðir nemendur á 8. og 9. námsári, 79 skólastaðir hafi nemendur á 5.—7. námsári, og flestallir skólastaðir eða 132 hafi nemendur á 1.—4. námsári.

Íbúafjöldi á svæðunum er mjög misjafn, en hann ásamt landsháttum ræður mestu um möguleika á kennslulega og fjárhagslega hagkvæmu skipulagi. Þróun íbúafjölda undangengna áratugi hefur verið misjöfn á hinum ýmsu landssvæðum og innan þeirra er mikill munur í þessu tilliti á dreifbýli og þéttbýli.

Íbúafjöldinn og líklegar breytingar á honum eru veigamiklar forsendur fyrir mati á því, hversu raunhæfar þessar tillögur eru. Eru því í öðrum töflum hér á eftir sýndar breytingar þær sem orðið hafa á íbúafjölda hvers skólasvæðis um sig frá 1956 til 1973. Leiða þær í ljós að í heild má segja, að íbúafjöldi í dreifbýli hafi á þessum árum í besta falli staðið í stað en víðast hefur fækkun íbúa verið allveruleg. Á þéttbýlissvæðunum er þessu öfugt farið, en þar hefur á flestum svæðum orðið íbúafjölgun, þannig að í heild hefur íbúafjöldi svæðanna aukist, þó nokkrar undantekningar séu frá því.

Að lokum koma svo tölur er sýna áætlaðan fjölda nemenda í hverjum skóla, og skiptingu þeirra á námsár.

Skóla- svæði	nr.	Sveitarfélög nr. og mörk	Meðalfjöldi í		Fjöldi skólastaða skv. tillögum með			
			Íbúafjöldi 1972	árgöngum 1962-71	1.-4. námsár	5.-7. námsár	8.-9. námsár	alls
1	2602-2604	Mosfellshreppur, Kjósarhreppur	1 580	39,2	2	2	1	2
2	3000 og 3501-3504	Borgarfjörður, suðurhl.	4 913	105,4	2	2	1	2
3	3505-3509, 3601-3608	Borgarfjörður n.hl.	3 050	64,0	4	3	2	5
4	3701-3705, 3710-3712	Snæfellsnes suður og austurhluti	1 882	39,7	3	2	1	3
5	3706-3709	Snæfellsnes norðvesturhluti	2 409	61,9	3	3	1	3
6	3801-3809, 4501-4505	Dalir og A.-Barð.	1 592	34,0	6	3	1	6
7	4504, 4601-4606	V.-Barðastrandarsýsla	1 972	45,5	5	3	1	5
8	4701-4706	V.-Ísafjarðarsýsla	1 678	36,4	4	3	1	4
9	4801	Bolungarvík	1 001	24,3	1	1	1	1
10	4000, 4803	Ísafjörður, Súðavík	3 320	67,4	3	1	1	3
11	4804-4807	Ísafjarðardjúp	312	6,1	1	1	1	1
12	4901-4908	Strandir	1 198	23,1	5	1	-	5
13	5501-5507	V.-Húnavatnssýsla	1 413	26,7	4	2	1	4
14	5601-5610	A.-Húnavatnssýsla	2 357	47,9	5	3	1	5
15	5100, 5701-5714	Sauðárkrókur, Skagafj.s.	4 067	86,0	7	3	2	7
16	5000	Siglufjörður	2 050	37,8	1	1	1	1
17	6200, 6501	Ólafsfjörður, Grímsey	1 167	28,7	2	1	1	2
18	6502-6505	Eyjafjörður norðvesturhluti	2 028	45,2	4	3	1	4
19	6506-6512, 6601-6602	Eyjafjörður mið-vestur-, suður- og austurhluti	2 301	50,7	6	3	1	6
20	6100,6604-6611, 6703	Húsavík, S.-Þing.	4 361	95,9	7	4	2	7
21	6701-6708	N.-Þing.	1 721	34,4	5	3	1	5
22	7501-7502	Vopnafj. Skeggjastaðahr.	919	17,2	2	1	1	2
23	7503-7509, 7601-7604	Fljótsdalshérað	2 473	51,9	7	2	2	7
24	7000, 7511	Seyðisfjörður	947	21,4	1	1	1	1
25	7100, 7605, 7606	Norðfjörður	1 774	36,9	1	1	1	1
26	7607-7609	Eskifjörður, Reyðarfjörður	1 612	38,9	2	2	1	2
27	7610-7616	Austfirðir, suðurhluti	2 082	49,0	5	4	1	5
28	7701-7706	Austur-Skaftafellssýsla	1 665	36,2	5	2	1	5
29	8501-8507, 8601, 8602	V.-Skaftafellssýsla Eyjafjöll	1 872	35,2	5	3	1	5
30	8603-8611	Rangárvallasýsla	2 648	58,0	5	3	2	5
31	8701-8718	Árnessýsla	8 559	193,4	12	6	3	12
32	8000	Vestmannaeyjar	5 303	116,4	1	1	1	1
33	2501	Grindavík	1 353	34,7	1	1	1	1
34	2200, 2502-2506	Suðurnes	9 830	219,1	5	4	3	5

Einstök skólasvæði.

Hér á eftir verður í stuttu máli gerð grein fyrir hverju skólasvæði um sig, þeim sveitarfélögum sem það nær yfir, íbúafjölda og helstu forsendum sem ráðið hafa tillögnum, auk hinna almennu atriða sem nefnd hafa verið fyrr. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi taflna og korta, sem nánar skýra þær tillögur, sem fram eru settar.

Tölur um íbúafjölda eru úr þjóðskránni 1. des. 1972 og nemendafjöldi er áætlaður á grundvelli meðalfjölda barna, sem fædd eru 1962—1971 og búsett eru í viðkomandi sveitarfélagi 1. des. 1972.

Skólasvæði 1.

Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur, Kjósarhreppur. Íbúafjöldi 1 580, þar af tæpla 1 100 í Mosfellshreppi. Gert er ráð fyrir, að skólinn á Klébergi á Kjalarnesi verði lagður niður, en nemendum á 1.—7. námsári úr Kjósarhreppi og nyrstu bæjum í Kjalarneshreppi verði ekið að Ásgarði í Kjós, en öllum öðrum nemendum verði ekið að skólunum í Mosfellssveit. Vegalengdir eru hóflegar og vegir góðir.

Sveitarfélög:

2602 Mosfellshreppur:

Íbúafjöldi 1 092, þar af búa 785 í þéttbýli. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 25.8. Gera má ráð fyrir verulegri fjölgun íbúa og barna. Miðað er við, að allir nemendur sækja skólana að Varmá og Brúarlandi.

2603 Kjalarneshreppur:

Íbúafjöldi 233. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.2, sem er mjög hátt meðaltal þegar tekið er tillit til íbúafjölda. Mætti því ætla að það muni lækka nokkuð, en hins vegar má gera ráð fyrir að íbúum sveitarfélagsins fjölgi verulega á næstu árum.

Gert er ráð fyrir að nemendum verði ekið daglega til skólanna í Mosfells-sveit nema hvað nemendum af nyrstu bæjum í hreppnum verði fyrstu 7 náms-árin ekið að Ásgarði í Kjós, enda er sá akstur nokkuð styttri. Með nokkurri íbúafjölgun, einkum ef venjulegur þéttbýliskjarni myndast á Kjalarnesi, kynni að verða hentugt að reka þar skóla fyrir nemendur á 1.—4. námsári.

2604 Kjósarhreppur:

Íbúafjöldi 255. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 6.2, sem er allhátt með tilliti til íbúafjölda. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sækja skóla með daglegum akstri að Ásgarði í Kjós, en eldri nemendum verði ekið til skóla í Mosfellssveit eins og nú er gert.

Skólar.

Varmá, Brúarland.

1.—4. námsár, nemendur um 127

5.—7. námsár, nemendur um 95

8.—9. námsár, nemendur um 78

Samtals um 300

Þar sem gera má ráð fyrir verulegri íbúafjölgun í Mosfellssveit á næstu árum, er þess að vænta, að nemendur verði fljótlega til muna fleiri en hér er greint.

Skólarnir í Mosfellssveit eru nú tveir og yrði það svo áfram, en verkefna-skiptingu, þ. á m. skiptingu aldursárganga milli þeirra bæri að ákveða hverju sinni með tilliti til húsakosts og fleiri þátta er máli skipta í því sambandi.

Ásgarður í Kjós.

1.—4. námsár, nemendur um 30

5.—7. námsár, nemendur um 23

Samtals um 53

Í Ásgarði hefur starfað barnaskóli (1.—6. námsár) og hluti nemenda verið í heimavist. Verið er að athuga að leggja niður heimavist, svo sem hér er gert ráð fyrir. Með þeirri samvinnu við Kjalarneshrepp, sem hér er gengið út frá, ætti að vera hægt að taka upp í skólanum kennslu nemenda á 7. námsári, en einnig kemur til álita að aka þeim með eldri nemendum til skóla í Mosfells-sveit.

Skólasvæði 2.

Á þessu svæði er Akranes og sveitarfélög í Borgarfjarðarsýslu sunnan Skarðs-heiðar. Íbúafjöldi er 4 913 og nemendur í árgangi til jafnaðar um 105, þar af 557 íbúar og um 10 nemendur í árgangi utan kaupstaðarins.

Barnaskóli og gagnfræðaskóli starfa á Akranesi og barna- og unglingaskóli að Leirá (Heiðarskóli). Hér er gert ráð fyrir þeim breytingum, að skólinn á Akranesi taki við nemendum í tvo síðustu bekkir grunnskólans af öllu svæðinu og verði þeim ekið daglega til og frá skóla.

Þá er gert ráð fyrir, að nemendum verði að jafnaði ekið til þess skóla á Akranesi eða Heiðarskóla, sem nær er heimili hans og kennslu hefur fyrir viðkomandi aldursflokk.

Í stórum dráttum er tillaga um skóla og skólasókn á svæði II þessi.

Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Akranes	Akranes	Akranes	Akranes
Strandarhreppur	Heiðarskóli	Heiðarskóli	Akranes
Skilamannahreppur 1	Heiðarskóli	Heiðarskóli	Akranes
Skilamannahreppur 2	Akranes	Akranes	Akranes
Innri-Akraneshreppur	Akranes	Akranes	Akranes
Leirá- og Melahr.	Heiðarskóli	Heiðarskóli	Akranes

Sveitarfélög:

3501 Strandarhreppur:

Íbúafjöldi 179. Meðalfjöldi í aldursárgangi 3,4. Mesta vegalengd til Heiðarskóla er rúmlega 30 km. og rúmlega 40 km. til Akraness, en allur þorri bæja er innan 20 km. frá Leirá og 30 km. frá Akranesi. Gert er ráð fyrir, að unnt sé að aka nemendum daglega til skólanna á Leirá (1.—7. námsár) og Akranesi (8.—9. námsár).

Fyrir einstaka nemendur kann akstur til Akraness að reynast nokkuð langur. Þeim nemendum yrði þá að útvega vist í skólum, sem heimavistir hafa, svo sem í Reykholti, eða þá þeim yrði komið fyrir á bæjum í akstursleið.

3502 Skilamannahreppur:

Íbúafjöldi 109. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1, 3. Mesta vegalengd til Leirá er um 12 km. og um 17 km. til Akraness. Einsýnt er með akstur á hvorn staðinn sem er, og gert er ráð fyrir, að vegalengd og hagkvæmni í akstri ráði þar um.

3503 Innri Akraneshreppur:

Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi í árgangi 2,7. Vegalengdir að Heiðarskóla innan við 15 km og innan 30 km til Akraness. Gert er ráð fyrir daglegum akstri á báða staðina, eftir því á hvaða aldri nemendur eru.

3000 Akranes:

Íbúafjöldi 4356. Meðalfjöldi í árgangi 95,5. Skólasókn á Akranesi.

Skólar.

Heiðarskóli.

1.—4. námsár, nemendur um 28

5.—7. námsár, nemendur um 21

Samtals um 49

Akranes.

1.—4. námsár, nemendur um 394

5.—7. námsár, nemendur um 295

8.—9. námsár, nemendur um 211

Samtals um 900

Skólasvæði 3.

Á þessu skólasvæði, þ. e. Borgarfjarðarsýslu norðan Skarðsheiðar og Mýrasýslu eru íbúar 3050 og um 64 nemendur í hverjum aldursárgangi. Með tilliti til fjöldans væri æskilegast að hafa þessa nemendur í einum skóla. Um 49 þessara nemenda búa í Borgarnesi eða á svæði sem unnt er að aka nemendum daglega af þangað og yrði skólinn því best staðsettur þar. Hér er þó gert ráð fyrir, að Héraðs-skólinn í Reykholti verði a. m. k. um sinn nýttur fyrir þá nemendur á 8. og 9. námsári sem búsettir eru utan Borgarnessvæðis.

Fyrir nemendur á 1.—7. námsári er auk skólans í Borgarnesi (1.—9. ár), gert ráð fyrir skólum á Varmalandi, á Kleppjárnsreykjum og á Hvanneyri fyrir nemendur á 1.—4. námsári. Ef til vill væri hentugra að hafa þann skóla ekki á Hvanneyri, heldur þar sem auðveldara væri að aka að nemendum úr Skorradal og Lundarreykjadal. Sá skóli gæti náð til fleiri nemenda, en yrði nokkuð lengra frá hinni þéttu byggð í nágrenni Hvanneyrar og nyti ekki á sama hátt góðs af nábýli við Bændaskólann.

Hraunhreppur er hér talinn með þessu skólasvæði, þó að ýmislegt bendi til þess, að hentugra sé að láta nemendur þaðan sækja skóla að Laugargerði, sem er að jafnaði nokkuð styttra.

Í einstökum atriðum er tillaga um skóla og skólasókn á svæði III þessi.

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Andakílshreppur 1	Hvanneyri	Borgarnes	Borgarnes
Andakílshreppur 2	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Skorradalshreppur	Hvanneyri	Borgarnes	Borgarnes
Lundarreykjardalshr.	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Reykholtaldshreppur	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Hálsahreppur	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Hvítársíðahreppur	Kleppjárnsr.	Kleppjárnsr.	Reykholt
Þverárhliðahreppur	Varmaland	Varmaland	Reykholt
Norðurárdalshreppur	Varmaland	Varmaland	Reykholt
Stafholtstungnahreppur	Varmaland	Varmaland	Reykholt
Borgarhreppur	Borgarnes	Borgarnes	Borgarnes
Borgarneshreppur	Borgarnes	Borgarnes	Borgarnes
Álftaneshreppur	Borgarnes	Borgarnes	Borgarnes
Hraunhreppur I	Varmaland	Borgarnes	Borgarnes
Hraunhreppur 2	Borgarnes	Varmaland	Reykholt

Sveitarfélög:

3505 Andakílshreppur:

Íbúar 255. Meðalfjöldi í aldursárgangi 65. Gert er ráð fyrir, að nemendum af svæðinu sunnan Grímsár verði ekið daglega í skóla að Hvanneyri fyrstu 4 námsárin, en til Borgarness á 5.—9. námsári og er þá miðað við, að brú komi á Borgarfjörð.

Aksturslengd til Hvanneyrar yrði stutt og til Borgarness innan viðunandi marka komi brú yfir Borgarfjörð. Öðrum nemendum úr hreppnum er gert ráð fyrir að verði ekið til Kleppjárnsreykja á 1.—7. námsári og til Reykholt á 8. og 9. námsári. Mesta vegalengd til Kleppjárnsreykja um 20 km og um 25 km að Reykholti.

3506 Skorradalshreppur:

Íbúafjöldi 63. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1,0. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Hvanneyri fyrstu 4 námsárin og síðan til Borgarness. Akstur þangað yrði þó allangur og kemur þá til greina að nemendur af innstu bæjum verði í heimavistum á Varmalandi og í Reykholti.

3507 Lundarreykjadalshreppur:

Íbúafjöldi 123. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,7. Gert er ráð fyrir, að nemendum sé ekið að Kleppjárnsreykjum og að Reykholti.

3508 Reykholtaldshreppur:

Íbúafjöldi 309. Meðalfjöldi í aldursárgangi 5,9. Gert er ráð fyrir daglegum akstri að Kleppjárnsreykjum fyrstu 7 námsárin og að Reykholti á 8. og 9. námsári. Mesta aksturslengd um 13 km að Kleppjárnsreykjum og um 19 km að Reykholti.

- 3509 Hálsahreppur:
Íbúafjöldi 107. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,3. Gert er ráð fyrir daglegum akstri að Kleppjárnsreykjum og Reykholti.
- 3601 Hvitársiðuhreppur:
Íbúafjöldi 104. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2,0. Gert er ráð fyrir, að nemendum verði ekið að Kleppjárnsreykjum (1.—7. námsár) og að Reykholti (8. og 9. námsár), þó verði þeir nemendur, sem lengst eiga að sækja, í heimavist á Varmalandi og síðar í Reykholti.
- 3602 Þverárhliðahreppur:
Íbúafjöldi 90. Meðalfjöldi í aldursárgangi 1,9. Gert er ráð fyrir, að unnt sé að aka öllum nemendum daglega til skóla að Varmalandi (1.—7. námsár), og að Reykholti (8. og 9. námsár). Mestu vegalengdir um 25 km.
- 3603 Norðurárdalshreppur:
Íbúafjöldi 326. Meðalfjöldi í aldursárgangi 5.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sækji skóla að Steinsstöðum, en eldri nemendur til Varmahlíðar.

- 5706 Akrahreppur:
Íbúafjöldi 346. Meðalfjöldi í aldursárgangi 6.9. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sækji skóla að Stóru-Ökrum, en eldri nemendum verði ekið að Varmahlíð. Einnig er hugsanlegt, að allir nemendur sækji skóla að Varmahlíð.
- 5707 Rípurhreppur:
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Sauðárkróki.
- 5708 Viðvíkurhreppur:
Íbúafjöldi 102. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur syðst úr hreppnum sækji skóla að Stóru-Ökrum fyrstu 4 námsárin, en síðan að Varmahlíð. Aðrir nemendur sækji til Sauðárkróks nema af nokkrum bæjum er verði með skólasókn að Hólum á 1.—4. námsári, að Hofsósi á 5.—7. námsári og síðan að Varmahlíð. Einnig er mögulegt, að í stað skólasóknar að Sauðárkróki, sækji þeir nemendur, sem það er ætlað, skóla að Hólum fyrstu fjögur námsárin og síðan að Hofsósi og Hólum, sbr. framangreint, og hefur verið horfið að því ráði.
- 5709 Hólahreppur:
Íbúafjöldi 165. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sækji skóla að Hólum, nema nemendur af nokkrum bæjum nyrst í hreppnum, er sækji skóla að Hofsósi ásamt nemendum á 5.—7. námsári, sem gert er ráð fyrir að þangað sækji. Þó kann vegalengd innst úr Hjaltadal að Hofsósi að vera nokkuð löng. Nemendur af þeim bæjum færu þá til Varmahlíðar við upphaf 5. námsárs og yrðu þar ásamt öllum nemendum á 8. og 9. námsári.
- 5710 Hofshreppur:
Íbúafjöldi 224. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.7. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Hofsósi fyrstu 7 námsárin, en síðan að Varmahlíð á 8. og 9. námsári.
- 5711 Hofsóshreppur:
Íbúafjöldi 272. Meðalfjöldi í aldursárgangi 5.9. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Hofsósi fyrstu 7 námsárin, en síðan að Varmahlíð á 8. og 9. námsári.
- 5712 Fellshreppur:
Íbúafjöldi 42. Meðalfjöldi í aldursárgangi 0.7. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Hofsósi fyrstu 7 námsárin, en síðan að Varmahlíð.
- 5713 Haganeshreppur:
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Sólgörðum fyrstu 4 námsárin, en síðan að Varmahlíð. Einnig kemur til greina að nemendur sækji skóla að Sólgörðum tveim árum lengur en hér er gert ráð fyrir.
- 5714 Holtshreppur:
Íbúafjöldi 119. Meðalfjöldi í aldursárgangi 2.5. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi og í Haganeshreppi.

Skólar:

- Sauðárkrókur:
1.—4. námsár, nemendur um 168
5.—7. námsár, nemendur um 128
8.—9. námsár, nemendur um 85

Samtals um 381

Varmahlíð:

- 1.—4. námsár, nemendur um 32
- 5.—7. námsár, nemendur um 80
- 8.—9. námsár, nemendur um 87

Samtals um 199

Eins og fram hefur komið, kemur einnig til greina að engir nemendur á 1.—4. námsári sæki skóla í Varmahlíð og yrði fjöldi nemenda þá annar.

Steinsstaðir:

- 1.—4. námsár, nemendur um 22

Eins og fram hefur komið, kemur einnig til álita að nemendur á 1.—4. námsári úr Seyluhreppi og Staðarhreppi sæki þennan skóla, og yrðu nemendur þá um 54.

Stóru-Akrar:

- 1.—4. námsár, nemendur um 28

Hólar:

- 1.—4. námsár, nemendur um 17

Eins og fram hefur komið, hefur verið horfið að því, að nemendur úr stærri hluta Viðvíkurhrepps sæki þennan skóla og verður nemendafjöldinn því 25—30.

Hofsós:

- 1.—4. námsár, nemendur um 52
- 5.—7. námsár, nemendur um 50

Samtals um 102

Sólgarðar:

- 1.—4. námsár, nemendur um 21

Hugsanlegt er, að skóli þessi hafi nemendur á 5. og 6. námsári og yrðu þeir um 10 talsins.

Skólasvæði 16.

Á skólasvæði þessu er einungis Siglufjarðarkaupstaður. Íbúafjöldi þar er 2050 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 37.8. Fjöldi nemenda á grunnskólastigi er áætlaður sem hér segir:

- 1.—4. námsár, nemendur um 151
- 5.—7. námsár, nemendur um 113
- 8.—9. námsár, nemendur um 76

Samtals um 340

Skólasvæði 17

Á skólasvæði þessu er Ólafsfjörður, en einnig er Grímsey talin með því. Er það gert með tilliti til fjarlægðar, sem þó skiptir ekki verulegu máli fyrir samgöngur þangað. Skólasókn eldri nemenda úr Grímsey gæti allt eins beinst að öðrum skólum sem hafa heimavistir. Auk Ólafsfjarðar, en þar er lítil heimavist, koma til álita Varmahlíð, Sauðárkrókur, Dalvík, Hrafnagil og e. t. v. fleiri.

Á skólasvæðinu eru 1167 íbúar og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 28.7.

Sveitarfélög:**6200 Ólafsfjörður:**

Íbúafjöldi 1086. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 26.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla í kaupstaðnum.

6501 Grimseyjarhreppur:

Íbúafjöldi 81. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla í Grimsey fyrstu 4 námsárin, en síðan á Ólafsfirði. Eins og fram hefur komið, kemur skólasókn á aðra staði allt að einu til álita. Af sömu ástæðum, þ. e. vegna samgönguáðstæðna, kemur sterklega til greina að nemendur verði 2 árum lengur í Grimsey en að framan greinir.

Skólar:

Ólafsfjörður:

1.—4. námsár, nemendur um 106

5.—7. námsár, nemendur um 86

8.—9. námsár, nemendur um 57

—————
Samtals um 249

Grimsey:

1.—4. námsár, nemendur um 9.

Skólasvæði 18.

Á skólasvæði þessu, sem nær yfir Svarfaðardalshrepp, Dalvík, Árskógshrepp og Hrísey eru íbúar 2028 og að jafnaði um 45 börn og unglingar í hverjum aldursárgangi. Rúmur helmingur þessa fjölda er á Dalvík eða um 1100 íbúar og um 24 börn í aldursárgangi. Skólahaldi nú er svo háttáð, að barna- og unglingskólar eru í öllum hreppunum og barna- og gagnfræðaskóli á Dalvík. Er þar og í byggingu heimavist ætluð nemendum úr framangreindum þrem hreppum.

Hér er ekki gert ráð fyrir verulegum breytingum á fyrirkomulagi skólasóknar og miðað við að skóli fyrir 1.—9. námsár verði á Dalvík, skólar fyrir 1.—7. námsár í Hrísey og Árskógshreppi og skóli fyrir 1.—4. námsár í Svarfaðardal eða í einstökum atriðum sem hér segir.

	SKÓLI		
Sveitarfélag	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Svarfaðardalshr.	Húsabakki	Dalvík	Dalvík
Dalvík	Dalvík	Dalvík	Dalvík
Árskógshreppur	Árskógur	Árskógur	Dalvík
Hrísey	Hrísey	Hrísey	Dalvík

Sveitarfélög:

6502 Svarfaðardalshreppur:

Íbúafjöldi 317, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.9. Hér er gert ráð fyrir að nemendur sækji skóla að Húsabakka fyrstu fjögur námsárin en síðan til Dalvíkur. Er þá miðað við, að daglegur akstur sé framkvæmanlegur. Vegalengdir eru ekki miklar, en svæðið hins vegar snjópungt. Með tilliti til þess kemur því til greina, að skólinn á Húsabakka taki einnig nemendur á 5. og 6. námsári, einkum ef þess er gætt, að lægð er í barnafjölda í hreppum og líklegt að þeim fjölgji nokkuð.

6503 Dalvík:

Íbúafjöldi 1093, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 24.4. Miðað er við skólagöngu í kaupstaðnum öll 9 námsárin.

6504 Hrísey:

Íbúafjöldi 288, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.3. Gert er ráð fyrir að skóli í Hrísey taki nemendur fyrstu 7 námsárin, en þeir sækji skóla á Dalvík á 8. og 9. námsári.

6505 Árskógshreppur:

Íbúafjöldi 330, meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.6. Gert er ráð fyrir skólasókn innan hreppsins fyrstu 7 námsárin, en til Dalvíkur á 8. og 9. námsári.

Skólar:**Húsabakki.**

1.—4. námsár, nemendur um 20

Með 5. og 6. námsári yrðu nemendur um 30. Í báðum tilvikum kynnu nemendur að verða nokkuð fleiri en hér greinir, vegna þess að árgangar eru óeðlilega smáir nú sem stendur.

Dalvík.

1.—4. námsár, nemendur um 98

5.—7. námsár, nemendur um 88

8.—9. námsár, nemendur um 90

Samtals um 276

Hrísey.

1.—4. námsár, nemendur um 29

5.—7. námsár, nemendur um 22

Samtals um 51

Árskógur.

1.—4. námsár, nemendur um 34

5.—7. námsár, nemendur um 26

Samtals um 60

Skólasvæði 19.

Skólasvæði þetta nær yfir Eyjafjarðarsýslu frá Arnarneshreppi að Öngulsstaðahreppi, svo og Svalbarðsstrandahrepp og Grýtubakkahrepp. Íbúar eru 2301 og að jafnaði um 50 börn og unglingar í aldursárgangi. Skólar á svæðinu eru nú á Hjalteyri barnaskóli, á Laugalandi á Þelamörk barna- og unglingskóli, á Hrafnagili barnaskóli og gagnfræðaskóli, í Saurbæjarhreppi barnaskóli, á Laugalandi í Öngulstaðahreppi barnaskóli, á Svalbarðseyri barnaskóli og á Grenivík barnaskóli.

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á fyrirkomulagi skólasóknar. Er miðað við það, að nemendur á 8. og 9. námsári sækir allir skóla að Hrafnagili nema þeir sem hægt eiga með skólasókn til Akureyrar. Þá er gert ráð fyrir skólum fyrir 1.—7. námsár á Laugalandi á Þelamörk og á Grenivík, auk skólans á Hrafnagili, sem einnig hefði nemendur á þessum aldri. Á Hjalteyri, í Saurbæjarhreppi og á Svalbarðseyri er gert ráð fyrir skólum með 1.—4. námsári.

Í sveitarfélögum utan Akureyrar, sem nú standa saman að Þelamerkurskóla, er meðalfjöldi barna um 16. Er það of lítill fjöldi til að ástæða sé til að hafa þar kennslu fyrir nemendur á 8. og 9. námsári, einkum þegar haft er í huga að verulegur hluti þessara nemenda á stutta skólasókn til Akureyrar, og fyrir þá sem heimavist þurfa á annað borð, ætti ekki að skipta verulegu máli hvað fjarlægð snertir þó þeir sækir skóla að Hrafnagili. Hins vegar fæst með því fyrirkomulagi, sem tillagan miðast við, á Hrafnagili, skóli sem fullnægir æskilegum kröfum um stærð, deildarskiptingu og kennarafjölda.

Á Hrafnagili er að öðru leyti gert ráð fyrir þeim breytingum að þangað sækir auk nemenda á 8. og 9. námsári af öllu skólasvæðinu, allir nemendur á 5.—7. námsári úr Saurbæjarhreppi og Svalbarðsstrandahreppi og nemendur á 1.—7. námsári úr Hrafnagilshreppi og Öngulsstaðahreppi. Til þess að gera þessa breytingu raunhæfa, þarf að brúa Eyjafjarðará milli Hrafnagils og Laugalands eins og um hefur verið rætt á öðrum vettvangi. Með því verður örstutt milli þessara staða og ætti daglegur akstur á einn skólastað að verða auðveldari en hann er nú í þessum sveitarfélögum.

Ekki er hér að sinni tekin til þess afstaða, hvort á Hrafnagili skuli vera ein skólastofnun fyrir alla árgangana eða tvær, ein fyrir eldri árganga og önnur fyrir

hina yngri. Margt mælir þó með einni stofnun. M. a. ættu þannig að sparast verulegir fjármunir vegna betri nýtingar á húsnæði og kennslukröftum. Þá hefur og verið hreyft þeirri hugmynd, að skóli yngri árganga verði á Laugalandi, sem komið gæti til álita með tilliti til að nýta þannig skólabyggingar þar.

Grýtubakkahreppur er nú aðili að Stórutjarnaskóla. Er hér gert ráð fyrir að þeirri samvinnu verði slitið og í stað hennar komi þátttaka í Hrafnagilsskóla fyrir 8. og 9. námsár. Einnig er hugsanlegt að þeir nemendur sækji skóla að Laugum í Þingeyjarsýslu og teldist hreppurinn þá til skólasvæðis 20.

Í einstökum atriðum er miðað við skólasókn sem hér greinir:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Arnarneshreppur	Hjalteyri	Laugaland	Akureyri
Skriðuhreppur	Laugaland	Laugaland	Hrafnagil/Akeyri
Öxnadalshreppur	Laugaland	Laugaland	Hrafnagil
Glæsibæjarhreppur	Laugaland	Laugaland	Akureyri
Hrafnagilshreppur	Hrafnagil	Hrafnagil	Hrafnagil
Saurbæjarhreppur	Saurbæjarhr.	Hrafnagil	Hrafnagil
Öngulsstaðahreppur	Hrafnagil	Hrafnagil	Hrafnagil
Svalbarðsstrhr.	Svalbarðsströnd	Hrafnagil	Hrafnagil
Grýtubakkahreppur	Grenivík	Grenivík	Hrafnagil

Sveitarfélög:

- 6506 Arnarneshreppur:
Íbúafjöldi 248. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.5. Gert er ráð fyrir skóla í þéttbýlinu á Hjalteyri fyrir nemendur á 1.—4. námsári úr öllum hreppunum nema e. t. v. af nokkrum bæjum næst Laugalandi, er þangað sækji ásamt nemendum á 5.—7. námsári. Gert er ráð fyrir að nemendur á 8. og 9. námsári sækji skóla til Akureyrar. Miðað er við að daglegur akstur sé mögulegur.
- 6507 Skriðuhreppur
Íbúafjöldi 144. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.4. Gert er ráð fyrir skólasókn að Laugalandi á Þelamörk fyrstu 7 námsárin, en á 8. og 9. námsári sækji nemendur skóla til Akureyrar að því marki sem daglegur akstur leyfir, en að öðrum hluta að Hrafnagili.
- 6508 Öxnadalshreppur:
Íbúafjöldi 86. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Gert er ráð fyrir skólasókn að Laugalandi fyrstu 7 námsárin en síðan að Hrafnagili.
- 6509 Glæsibæjarhreppur:
Íbúafjöldi 239. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.9. Gert er ráð fyrir skólasókn að Laugalandi fyrstu 7 námsárin, en síðan til Akureyrar og ætlað er að daglegur akstur sé framkvæmanlegur.
- 6510 Hrafnagilshreppur:
Íbúafjöldi 291. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.5. Gert er ráð fyrir skólasókn að Hrafnagili öll grunnskólaárin.
- 6511 Saurbæjarhreppur:
Íbúafjöldi 295. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla innan hreppsins fyrstu 4 námsárin nema hvað börn af nokkrum bæjum sækji á þessum árum skóla að Hrafnagili ásamt nemendum á 5.—9. námsári úr öllum hreppnum.
- 6512 Öngulsstaðahreppur:
Íbúafjöldi 390. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári skiptist á skólana á Hrafnagili og í Saurbæjarhreppi eftir því sem best hentar í akstri, en eldri nemendur sækji skóla að Hrafnagili.

- 6601 Svalbarðsstrandarhreppur:
Íbúafjöldi 232. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla á Svalbarðseyri fyrstu 4 námsárin, en síðan skóla að Hrafnagili.
- 6602 Grýtubakkahreppur:
Íbúafjöldi 376. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.4. Gert er ráð fyrir skólasókn á Grenivík á 1.—7. námsári og á Hrafnagili á 8. og 9. námsári.

Skólar:

Hjalteyri.	
1.—4. námsár, nemendur um	20
Laugaland á Þelamörk.	
1.—4. námsár, nemendur um	42
5.—7. námsár, nemendur um	46
	88
Samtals um	
Saurbæjarhreppur.	
1.—4. námsár, nemendur um	24
Hrafnagil.	
1.—4. námsár, nemendur um	61
5.—7. námsár, nemendur um	81
8.—9. námsár, nemendur um	77
	219
Samtals um	
Svalbarðseyri.	
1.—4. námsár, nemendur um	22
Grenivík.	
1.—4. námsár, nemendur um	34
5.—7. námsár, nemendur um	25
	59
Samtals um	

Skólasvæði 20.

Svæði þetta nær yfir Húsavík, Suður-Þingeyjarsýslu að frátöldum Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi. Einnig er Fjallahreppur í N-Þingeyjarsýslu talinn til svæðisins.

Íbúafjöldi á svæðinu er 4361, þar af er tæpur helmingur (2053) búsettur á Húsavík. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er um 96, þar af um 49 á Húsavík.

Skólar eru nú á Stóru-Völlum í Bárðardal barnaskóli, á Stórutjörnum barna- og unglingskóli, á Laugum í Reykjadal barnaskóli og héraðsskóli, á Skútustöðum í Mývatnssveit barna- og unglingskóli, í Reynihlíð við Mývatn barnaskóli, á Hafralæk í Aðaldal barna- og unglingskóli og á Húsavík barnaskóli og gagnfræðaskóli.

Ekki er hér gert ráð fyrir breyttum skólastöðum, en nokkrum breytingum á verkefnum skólanna. Meðalfjöldi í árgangi utan Húsavíkur og þess svæðis, sem átt getur skólasókn þangað, er um 40. Er því æskilegt, að nemendur af þessu svæði verði í einum skóla á 8. og 9. námsári og er gert ráð fyrir að það verði á Laugum í Reykjadal. Mælir margt með því fyrirkomulagi, m. a. sú aðstaða sem fyrir er á staðnum og að ekki verður séð að þetta skólaset héraðsins um langan aldur notist í þágu þess með öðrum og betri hætti. Skólarnir að Stórutjörnum, Hafralæk og Skútustöðum yrðu þá fyrir nemendur á 1.—7. námsári og skólarnir á Stóru-Völlum, Litlu-Laugum og í Reynihlíð fyrir nemendur á 1.—4. námsári og skólar á Húsavík fyrir 1.—9. námsár.

Gert er ráð fyrir skólasókn úr einstökum sveitarfélögum sem hér segir:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Hálshreppur	Stórutjarnir	Stórutjarnir	Laugar
Ljósavatnshr. syðri hluti	Stórutjarnir	Stórutjarnir	Laugar
Ljósavatnshr. fremri hl.	Hafralækur	Hafralækur	Laugar
Bárðdælahreppur	Stóru-Vellir	Stórutjarnir	Laugar
Skútustaðahr.	Skútust./Reynihl.	Skútustaðir	Laugar
Reykdælahreppur	Laugar	Hafralækur	Laugar
Aðaldælahreppur	Hafralækur	Hafralækur	Laugar
Reykjahreppur	Húsavík	Húsavík	Húsavík
Tjörneshreppur	Húsavík	Húsavík	Húsavík
Húsavík	Húsavík	Húsavík	Húsavík

Sveitarfélög:

- 6604 Hálshreppur:
Íbúafjöldi 248. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 6.1. Gert er ráð fyrir að nemendur sæki skóla að Stórutjörnum fyrstu 7 námsárin og verði ekið þangað sem unnt er, en aðrir búi í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist í skólanum á Laugum.
- 6605 Ljósavatnshreppur:
Íbúafjöldi 307. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.0. Gert er ráð fyrir, að börn úr syðri hluta hreppsins sæki skólann á Stórutjörnum fyrstu 7 námsárin. Börn úr fremri hluta hreppsins sæki hins vegar fyrstu 7 námsárin skólann á Hafralæk, en þeim er nú ekið þangað daglega. Nemendur á 8. og 9. námsári verði í skóla og heimavist á Laugum.
- 6606 Bárðdælahreppur:
Íbúafjöldi 192. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.8. Gert er ráð fyrir, að börn á fyrstu fjórum námsárum verði í skóla á Stóru-Völlum. Nemendur á 5.—7. námsári verði í heimavist og skóla á Stórutjörnum, en á Laugum á 8. og 9. námsári.
- 6607 Skútustaðahreppur:
Íbúafjöldi 491. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla innan hreppsins fyrstu 7 námsárin, með þeim hætti, að skóli verði rekinn í Reynihlíð fyrir nemendur á 1.—4. námsári, en skólinn á Skútustöðum nýttur fyrir syðri hluta sveitarinnar og alla nemendur á 5.—7. námsári. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 8. og 9. námsári verði í heimavist og skóla á Laugum.
- 6608 Reykdælahreppur:
Íbúafjöldi 397. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári verði í skóla á Litlu-Laugum og ekið þangað daglega, en nemendum á 5.—7. námsári verði ekið daglega til Hafralækjar að svo miklu leyti sem unnt er, en aðrir búi þar í heimavist. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skólann á Laugum.
- 6609 Aðaldælahreppur:
Íbúafjöldi 420. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla að Hafralæk og unnt sé að aka þeim öllum daglega. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Laugum með daglegum akstri eða dvöl í heimavist, eftir því sem betur hentar. Eins mætti aka nemendum nyrst úr hreppnum í skóla á Húsavík á 8. og 9. námsári.
- 6610 Reykjahreppur:
Íbúafjöldi 111. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.6. Gert er ráð fyrir, að

- nemendum verði ekið daglega til Húsavíkur öll 9 námsárin. Akstur þangað er lítið eitt styttri en akstur að Hafralæk, sem þó væri framkvæmanlegur, en nemendur á 8. og 9. námsári yrðu þó annaðhvort á Húsavík eða á Laugum.
- 6611 Tjörneshreppur:
Íbúafjöldi 116. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki öll árin skóla á Húsavík og sé þeim ekið daglega. Sé akstur ekki framkvæmanlegur fyrir hluta barnanna, þ. e. þau er lengst eiga til Húsavíkur, yrðu þau í heimavist á Hafralæk, Laugum eða yrði útveguð dvalaraðstaða á Húsavík.
- 6100 Húsavík:
Íbúafjöldi 2 053. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 48.7. Gert er ráð fyrir skólasókn í kaupstaðnum öll grunnskólaárin.
- 6703 Fjallahreppur:
Íbúafjöldi 26. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 0.4. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla á Skútustöðum og síðan á Laugum.

Skólar

Stórutjarnir.	
1.—4. námsár, nemendur um	40
5.—7. námsár, nemendur um	38
	—————
	Samtals um 78
Stóru-Vellir.	
1.—4. námsár, nemendur um	10
Skútustaðir.	
1.—4. námsár, nemendur um	14
5.—7. námsár, nemendur um	29
	—————
	Samtals um 43
Reynihlíð.	
1.—4. námsár, nemendur um	24
Litlu-Laugar.	
1.—4. námsár, nemendur um	86
Laugaskóli.	
8.—9. námsár, nemendur um	86
Hafralækur.	
1.—4. námsár, nemendur um	52
5.—7. námsár, nemendur um	62
	—————
	Samtals um 114
Húsavík.	
1.—4. námsár, nemendur um	212
5.—7. námsár, nemendur um	159
8.—9. námsár, nemendur um	106
	—————
	Samtals um 477

Skólasvæði 21.

Svæði þetta nær yfir Norður-Þingeyjarsýslu að frátöldum Fjallahreppi. Íbúafjöldi á svæðinu er 1721, þar af samtals 864 í kauptúnunum Raufarhöfn og Þórshöfn. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er um 34, þar af um 19 í kauptúnunum tveim.

Til þess að ná fram æskilegri stærð skóla fyrir 8. og 9. námsár er hér gert ráð fyrir að skóli fyrir þau námsár verði einn í Lundi í Axarfirði. Þeir annmarkar eru þó á, að skólasókn þangað úr mannflestu byggðarlögunum er torveld vegna sam-

gangna. Kemur því einnig til greina að sá skóli verði austan Axarfjarðarheiðar, ef samstaða næst um slíkt. Einnig kemur til álita að nemendur úr sveitarfélögunum vestan Axarfjarðarheiðar sækji skóla að Laugum í S-Þingeyjarsýslu. Þá er gert ráð fyrir skólum fyrir 1.—7. námsár í Lundi, á Raufarhöfn og Þórshöfn, og skólum fyrir 1.—4. námsár í Skúlagarði og á Kópaskeri. Einnig kemur til álita að skólinn í Lundi hafi ekki 1.—4. námsár, en nemendur á þeim árum sækji skóla að Skúlagarði í einstökum atriðum er skólasókn ráðgerð svo: Sjá athugasemd á bls. 139.

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Kelduneshreppur	Skúlagarður	Lundur	Lundur
Öxarfjarðarhreppur	Lundur	Lundur	Lundur
Presthólahreppur	Kópasker	Lundur	Lundur
Raufarhafnarhreppur	Raufarhöfn	Raufarhöfn	Lundur
Svalbarðshreppur	Þórshöfn	Þórshöfn	Lundur
Þórshafnarhreppur	Þórshöfn	Þórshöfn	Lundur
Sauðaneshreppur	Þórshöfn	Þórshöfn	Lundur

Sveitarfélög:

- 6701 Kelduneshreppur:
Íbúafjöldi 215. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.6. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækji skóla að Skúlagarði fyrstu 4 námsárin, en síðan skóla að Lundi á 5.—9. námsári. Þó kann skólasókn annars staðar (á Laugum eða á eystri hluta svæðisins), einnig að koma til álita.
- 6702 Öxarfjarðarhreppur:
Íbúafjöldi 154. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.2. Gert er ráð fyrir skólasókn að Lundi öll grunnskólaárin, en einnig kemur til álita skólasókn að Skúlagarði á 1.—4. námsári og að Laugum eða á austurhluta svæðisins á 8.—9. námsári.
- 6704 Presthólahreppur:
Íbúafjöldi 275. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 5.0. Gert er ráð fyrir skólasókn að Kópaskeri á 1.—4. námsári og síðan að Lundi. Á 8. og 9. námsári kemur og til álita skólasókn að Laugum eða á austurhluta svæðisins.
- 6705 Raufarhafnarhreppur:
Íbúafjöldi 432. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.6. Gert er ráð fyrir skólasókn á Raufarhöfn fyrstu 7 námsárin, en að Lundi á 8. og 9. námsári. Skólasókn á þeim árum á Raufarhöfn eða annars staðar austan Axarfjarðarheiðar kemur þó einnig til álita, ef um þá bekki næst samstaða fleiri sveitarfélaga en nú er.
- 6706 Svalbarðshreppur:
Íbúafjöldi 154. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.0. Gert er ráð fyrir skólasókn að Þórshöfn fyrstu 7 námsárin, en síðan að Lundi. Þó koma aðrir kostir til álita varðandi 8. og 9. námsár sbr. framangreint.
- 6707 Þórshafnarhreppur:
Íbúafjöldi 432. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 9.0. Gert er ráð fyrir skólagöngu á Þórshöfn fyrstu 7 námsárin, en síðan að Lundi, þó aðrir kostir komi og til álita fyrir þau námsár.
- 6708 Sauðaneshreppur:
Íbúafjöldi 59. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.0. Gert er ráð fyrir, að skólaganga verði með sama hætti og í tveim síðastnefndu sveitarfélögunum.

Skólar.**Skúlagarður.**

1.—4. námsár, nemendur um 14

Lundur.

1.—4. námsár, nemendur um 17

5.—7. námsár, nemendur um 37

8.—9. námsár, nemendur um 69

 Samtals um 123
Kópasker.

1.—4. námsár, nemendur um 17

Raufarhöfn.

1.—4. námsár, nemendur um 41

5.—7. námsár, nemendur um 31

 Samtals um 72
Þórshöfn.

1.—4. námsár, nemendur um 43

5.—7. námsár, nemendur um 35

 Samtals um 78
Skólasvæði 22.

Á þessu svæði eru aðeins tvö sveitarfélög, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðahreppur með samtals 919 íbúa og um 17 nemendur í aldursárgangi. Vegna legu er sameining við önnur svæði torveld.

Hér er gert ráð fyrir að skólar verði á Vopnafirði fyrir nemendur á 1.—9. námsári og á Skeggjastöðum fyrir nemendur á 1.—4. námsári. Skólahald á Torfastöðum yrði þá lagt niður, en húsakynni þar kynnu að vera heppileg til að nýta sem heimavist fyrir nemendur úr Skeggjastaðahreppi og sveitum Vopnafjarðar, og yrði nemendum þá ekið daglega til skólans í Vopnafjarðarkauptúni.

Sveitarfélög:**7501 Skeggjastaðahreppur:**

Íbúafjöldi 124. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.4. Gert er ráð fyrir skólasókn að Skeggjastöðum fyrstu fjögur námsárin, en til Vopnafjarðar á 5.—9. námsári.

7502 Vopnafjarðahreppur:

Íbúafjöldi 795. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 15.8. Gert er ráð fyrir skólasókn í Vopnafjarðarkauptún öll 9 skólaárin.

Skólar.**Skeggjastaðir.**

1.—4. námsár, nemendur um 6.

Vopnafjörður.

1.—4. námsár, nemendur um 63

5.—7. námsár, nemendur um 52

8.—9. námsár, nemendur um 34

 Samtals um 149

Skólasvæði 23.

Svæði þetta nær yfir sveitarfélög á Fljótshéraði og Borgarfjarðarhrepp. Íbúafjöldi er samtals 2473 og að jafnaði um 52 börn í aldursárgangi. Um þriðjungur íbúanna eða 796 eru á Egilsstöðum. Ef meðtalin eru þau sveitarfélög sem að Egilsstaðahreppi liggja og stutt eiga þangað að sækja (Fellahreppur, Vallahreppur og Eiðahreppur), verður íbúafjöldinn 1342, eða nær 55%. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi í þessum sveitarfélögum er um 31, eða nær 60% af öllu svæðinu.

Skólar á svæðinu eru nú á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal barnaskóli, á Hallormsstað barna- og unglingskóli, í Borgarfirði barna- og unglingskóli, á Egilsstöðum barna- og miðskóli og á Eiðum barna- og unglingskóli og héraðsskóli. Auk þess starfa barnaskólar í Hlíðarhreppi og Hróarstunguhreppi, en skólahúsnæði er á hvorugum staðnum fyrir hendi.

Í tillögum þessum er gert ráð fyrir, að kennsla fyrir nemendur á 8.—9. námsári verði á Egilsstöðum fyrir það svæði sem haft getur daglegan akstur þangað, en að öðru leyti í Alþýðuskólanum á Eiðum. Auk Egilsstaða hafi skólinn á Hallormsstað kennslu fyrir 1.—7. námsár og kennsla fyrir 1.—4. námsár verði á Skjöldólfsstöðum, í Hlíðarhreppi í nánd við Hrafnabjörg, í Borgarfirði, á Eiðum og í Þingmúla í Skriðdalshreppi.

Í einstökum atriðum gerir tillagan ráð fyrir skólasókn sem hér segir:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Hlíðarhreppur	Hrafnabjörg	Hallormsstaður	Eiðar
Jökuldalshr.	Skjöldólfsstaðir	Hallormsstaður	Eiðar
Fljótshalshr.	Hallormsstaður	Hallormsstaður	Eiðar
Fellahreppur	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
Tunguhreppur			
norðurhluti	Hrafnabjörg	Hallormsstaður	Eiðar
suðurhluti	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
Hjaltastaðahr.	Eiðar	Hallormsstaður	Eiðar
Borgarfjarðarhr.	Borgarfjörður	Hallormsstaður	Eiðar
Skriðdalshr.	Þingmúli	Hallormsstaður	Eiðar
Vallahreppur			
norðurhluti	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
suðurhluti	Hallormsstaður	Hallormsstaður	Egilsstaðir
Egilsstaðahr.	Egilsstaðir	Egilsstaðir	Egilsstaðir
Eiðahreppur	Eiðar	Egilsstaðir	Eiðar

Sveitarfélög:

7503 Hlíðarhreppur:

Íbúafjöldi 135. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.7. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði ekið til skóla í nánd við Hrafnabjörg, Frá Hrafnabjörgum að Bakkagerði eru um 26 km. Á 5.—7. námsári er gert ráð fyrir að þessir nemendur sækja skólann á Hallormsstað og búi þar í heimavist, og á 8. og 9. námsári verði þeir á Eiðum, einnig í heimavist.

7504 Jökuldalshreppur:

Íbúafjöldi 174. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.2. Gert er ráð fyrir, að skólinn á Skjöldólfsstöðum verði framvegis starfræktur eingöngu fyrir nemendur á 1.—4. námsári úr hreppnum, en þó verði nemendum, sem styttra eiga í skóla á Hrafnabjörgum, ekið þangað. Nemendur á 5.—7. námsári verði á Hallormsstað og á 8. og 9. námsári á Eiðum í heimavist. Einnig kemur til álita að leggja niður starfsemi skólans á Skjöldólfsstöðum og nemendur sækja skóla að Hrafnabjörgum í staðinn.

- 7505 **Fljótsdalshreppur:**
Íbúafjöldi 186. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—7. námsári sækja skóla að Hallormsstað, svo sem nú er, en með þeirri breytingu, að tekinn verði upp daglegur akstur svo sem unnt er. Nemendur á 8. og 9. námsári verði á Eiðum í heimavist.
- 7506 **Fellahreppur:**
Íbúafjöldi 202. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.8. Gert er ráð fyrir, að nemendur úr þessum hreppi sækja að fullu til Egilsstaða með daglegum akstri. Meginhluti allra nemenda er búsettur um 3 km frá Egilsstöðum, en aðrir í um og innan við 20 km fjarlægð.
- 7507 **Tunguhreppur:**
Íbúafjöldi 132. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.0. Gert er ráð fyrir, að nemendum af svæði syðst í hreppnum verði öll 9 skólaárin ekið til Egilsstaða. Þá er gert ráð fyrir að nemendum á 1.—4. námsári verði ekið til skólans á Hrafnabjörgum af því svæði sem það er unnt, en aðrir á 3. og 4. námsári ásamt nemendum á 5.—7. námsári utan þess svæðis, sem ekið er af til Egilsstaða, verði á Hallormsstað í heimavist og á Eiðum í heimavist á 8. og 9. námsári.
- 7508 **Hjaltastaðahreppur:**
Íbúafjöldi 117. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.0. Gert er ráð fyrir, að unnt sé að aka flestum nemendum á 1.—4. námsári til Eiða, og að nemendur á 5.—7. námsári verði á Hallormsstað í heimavist og nemendur á 8. og 9. námsári á Eiðum.
- 7509 **Borgarfjarðahreppur:**
Íbúafjöldi 262. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.3. Gert er ráð fyrir, að nemendum á 1.—4. námsári verði kennt í Borgarfirði, en eldri árgangar verði á Hallormsstað og á Eiðum. Börn eru sem stendur mjög fá, og ætla má með hliðsjón af íbúafjölda, að breyting geti orðið þar á. Með tilliti til þess og vegna langra og erfiðra samgönguleiða kemur mjög til álita að skóli í Borgarfirði verði fyrir 1.—6. eða 1.—7. námsár.
- 7601 **Skríðdalshreppur:**
Íbúafjöldi 125. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sækja skóla að Þingmúla, en á 5.—7. námsári verði þeir í heimavist að Hallormsstað og á 8. og 9. námsári á Eiðum.
- 7602 **Vallahreppur:**
Íbúafjöldi 182. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.9. Gert er ráð fyrir, að nemendum um það bil frá Grímsárvirkjun og norður þaðan til Egilsstaða verði ekið þangað daglega öll skólaárin, en öðrum nemendum úr hreppnum verði ekið til Hallormsstaðar fyrstu 7 námsárin, en til Egilsstaða á 8. og 9. námsári.
- 7603 **Egilsstaðahreppur:**
Íbúafjöldi 796. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 19.6. Nemendur sækja skóla á Egilsstöðum öll skólaárin.
- 7604 **Eiðahreppur:**
Íbúafjöldi 162. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sækja skóla að Eiðum, en sé ekið til Egilsstaða á 5.—7. námsári. Á 8. og 9. námsári sækja þeir skóla á Eiðum.

Skólar:

Hrafnabjörg.	
1.—4. námsár, nemendur um	21
Skjöldólfsstaðir.	
1.—4. námsár, nemendur um	10
Hallormsstaður.	
1.—4. námsár, nemendur um	15
5.—7. námsár, nemendur um	63
	<hr/>
Samtals um	78
Borgarfjörður.	
1.—4. námsár, nemendur um	13
Pingmúli.	
1.—4. námsár, nemendur um	8
Egilsstaðir.	
1.—4. námsár, nemendur um	112
5.—7. námsár, nemendur um	93
8.—9. námsár, nemendur um	57
	<hr/>
Samtals um	262
Eiðar.	
1.—4. námsár, nemendur um	15
8.—9. námsár, nemendur um	63
	<hr/>
Samtals um	78

Skólasvæði 24.

Svæði þetta nær yfir Seyðisfjarðarkaupstað og Seyðisfjarðarhrepp. Íbúar eru 946, þar af 906 í kaupstaðnum. Meðalfjöldi í aldursárgangi 21.4. Gert er ráð fyrir skólahaldi í kaupstaðnum fyrir nemendur á 1.—9. námsári.

Skóli:

Seyðisfjörður.	
1.—4. námsár, nemendur um	86
5.—7. námsár, nemendur um	64
8.—9. námsár, nemendur um	43
	<hr/>
Samtals um	193

Skólasvæði 25.

Svæði þetta nær yfir Neskaupstað, íbúar 1618, Norðfjarðarhrepp 116 íbúar og Mjóafjarðarhrepp 40 íbúar. Meðalfjöldi í aldursárgangi er: Neskaupstaður 35.0, Norðfjarðarhreppur 1.3 og Mjóafjarðarhreppur 0.6. Gert er ráð fyrir að allir nemendur sækji skóla til Neskaupstaðar. Skólahald í Norðfjarðarhreppi yrði lagt niður, mjög stutt er frá flestum býlum í hreppnum í kaupstaðinn. Vegna legu Mjóafjarðar og erfiðra samgangna þangað, verður þó að gera ráð fyrir einhverju skólahaldi þar. Eins er hugsanlegt að nemendur þaðan sækji fremur skóla á Fljótisdalshéraði.

Skóli:

Neskaupstaður.	
1.—4. námsár, nemendur um	146
5.—7. námsár, nemendur um	111
8.—9. námsár, nemendur um	74
	<hr/>
Samtals um	331

Skólasvæði 26.

Skólasvæði þetta nær yfir Helgustaðahrepp, Eskifjörð og Reyðarfjarðahrepp. Íbúar eru 1612 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 38.9.

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög þessi sameinist um skóla fyrir 8. og 9. námsár grunnskólans og verði það skólahald á Eskifirði þar sem flestir nemendur kæmu þaðan, en skóli fyrir 1.—7. námsár verði á Reyðarfirði. Skólasókn yrði þá sem hér greinir:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Helgustaðahreppur	Eskifjörður	Eskifjörður	Eskifjörður
Eskifjörður	Eskifjörður	Eskifjörður	Eskifjörður
Reyðarfjarðahreppur	Reyðarfjörður	Reyðarfjörður	Eskifjörður

Sveitarfélög:

7607 Helgustaðahreppur:

Íbúafjöldi 39. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 0.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækja grunnskóla til Eskifjarðar eins og nú er.

7608 Eskifjörður:

Íbúafjöldi 923. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 22.2. Gert er ráð fyrir skólagöngu í kaupstaðnum öll grunnskólaárin.

7609 Reyðarfjarðahreppur:

Íbúafjöldi 650. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 16.2. Gert er ráð fyrir, að nemendur sækja skóla á Reyðarfirði fyrstu sjö ár grunnskólans, en sækja til Eskifjarðar á 8. og 9. námsári, og er þá miðað við daglegan akstur, sem framkvæmanlegur er með tilliti til fjarlægðar.

Skólar:

Eskifjörður.

1.—4. námsár, nemendur um 91

5.—7. námsár, nemendur um 68

8.—9. námsár, nemendur um 78

Samtals um 237

Reyðarfjörður.

1.—4. námsár, nemendur um 65

5.—7. námsár, nemendur um 48

Samtals um 113

Skólasvæði 27.

Svæði þetta nær yfir suðurhluta S.-Múlasýslu, þ. e. sveitarfélögin frá Fáskrúðsfirði til Geithellnahrepps. Íbúafjöldi á svæðinu er 2082, þar af búa 1529 á þéttbýlisstöðunum á Búðum, í Stöðvarfirði, á Breiðdalsvík og á Djúpavogi. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi á svæðinu er 49.

Æskilegast er m. t. t. nemendafjöldi, að allir nemendur af svæðinu sækja einn skóla og er gert ráð fyrir að sá skóli verði á Búðum, en sá skóli annist jafnframt kennslu nemenda á 1.—7. námsári úr kaптúninu á Búðum og úr Fáskrúðsfjarðahreppi, nema af nokkrum syðstu hæjunum, en nemendur þaðan sækja skóla á Stöðvarfirði. Skóli sem nú starfar í Tunguholti í Fáskrúðsfirði yrði þá lagður niður. Þá er gert ráð fyrir skólum fyrir 1.—7. námsár grunnskólans á Stöðvarfirði, fyrir þann hrepp, á Breiðdalsvík fyrir Breiðdalshrepp og norðanverðan Beruneshrepp. Skólahald í Staðarborg í Breiðdal yrði þá lagt niður, en húsakynni þar e. t. v. notuð til heimavistar fyrir þá nemendur sem lengst eiga að sækja, svo sem úr norðanverðum Berufirði. Þá er gert ráð fyrir skóla fyrir 1.—7. námsár á Djúpavogi fyrir nemendur úr

Búlandshreppi, sunnanverðum Beruneshreppi og úr Geithellnahreppi að frátöldum nemendum á 1.—4. námsári er gætu sótt útibú frá þeim skóla að Múla, en einnig kemur til greina að allir nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla á Djúpavogi og verði þar í heimavist eftir því sem þeir hafa aldur til.

Eins og að framan greinir, er hér miðað við, að allir nemendur á 8. og 9. námsári af svæðinu sæki skóla á Búðum. Til þess þyrfti heimavistaraðstöðu þar fyrir alla þessa nemendur nema þá sem koma úr Búðakauptúni, Fáskrúðsfjarðarhreppi og e. t. v. Stöðvarfirði. Með tilliti til þess, kemur einnig til álita að þessi nemendahópur sæki fremur skóla á Eiðum. Skólinn á Búðum myndi þá annast þá nemendur á 8.—9. námsári, sem koma úr kaптúninu eða unnt er að aka daglega þangað. Sú eining er að vísu fremur smá, en á móti kemur betri eining á Eiðum og þar er þegar fyrir hendi aðstaða sem betur nýttist fyrir nemendur af Austfjörðum en ella yrði.

Skólasókn úr einstökum sveitarfélögum yrði sem hér greinir:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Fáskrúðsfjarðarhreppur	Búðir	Búðir	Búðir
Búðahreppur	Búðir	Búðir	Búðir
Stöðvarhreppur	Stöðvarhreppur	Stöðvarhreppur	Búðir
Breiðdalshreppur	Breiðdalsvík	Breiðdalsvík	Búðir
Beruneshreppur n.h.	Breiðdalsvík	Breiðdalsvík	Búðir
Beruneshreppur s.h.	Djúpivogur	Djúpivogur	Búðir
Geithellnahreppur	Múli	Djúpivogur	Búðir

Sveitarfélög:

- 7610 Fáskrúðsfjarðarhreppur:
Íbúafjöldi 154. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 3.1. Gert er ráð fyrir, að skólinn í Tunguholti verði lagður niður, en nemendum verði ekið daglega til skóla á Búðum, eftir því sem unnt er. Vegalengd frá Vattarnesi annars vegar og Hvammi hins vegar til Búða er innan við 20 km. Þeim nemendum, sem ekki er hægt að aka, verður að ætla heimavistarrými og kemur þá til álita að nýta mannvirki í Tunguholti í því skyni, þótt þeim nemendum verði ekið til kennslu í kaптúninu.
- 7611 Búðahreppur:
Íbúafjöldi 727. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 19.1. Gert er ráð fyrir skólagöngu í kaптúninu öll 9 námsárin.
- 7612 Stöðvarhreppur:
Íbúafjöldi 302. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.3. Gert er ráð fyrir, að í hreppnum verði starfræktur skóli fyrir nemendur á 1.—7. námsári, en nemendur á 8. og 9. námsári sæki að Búðum.
- 7613 Breiðdalshreppur:
Íbúafjöldi 302. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 7.0. Gert er ráð fyrir, að allir nemendur á 1.—7. námsári sæki skóla í kaптúninu. Nemendum úr sveitinni verði ekið daglega til Breiðdalsvíkur, en skólinn í Staðarborg lagður niður, þó heimavistir þar verði e. t. v. nýttar fyrir þá nemendur, sem ekki er unnt að ná til með daglegum akstri. Nemendur á 8. og 9. námsári verði á Búðum í heimavist.
- 7614 Beruneshreppur:
Íbúafjöldi 97. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.3. Gert er ráð fyrir, að nemendur úr suðurhluta hreppsins sæki skóla fyrstu 7 námsárin á Djúpavogi, en úr norðurhlutanum til Breiðdalsvíkur og yrðu þar e. t. v. í heimavist að Staðarborg. Nemendur á 8. og 9. námsári verði á Búðum í heimavist.
- 7615 Búlandshreppur:
Íbúafjöldi 346. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 8.1. Nemendur sæki skóla á Djúpavogi fyrstu 7 námsárin, en verði síðan á Búðum í heimavist.

7616 Geithellnahreppur:

Íbúafjöldi 114. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur á 1.—4. námsári sæki að Múla, en þar verði útibú frá skólanum á Djúpavogi, en þangað sæki nemendur á 5.—7. námsári. Eldri nemendur sæki skóla að Búðum.

Skólar:

Búðir.

1.—4. námsár, nemendur um 85

5.—7. námsár, nemendur um 64

8.—9. námsár, nemendur um 99

Samtals um 248

Stöðvarfjörður.

1.—4. námsár, nemendur um 35

5.—7. námsár, nemendur um 26

Samtals um 61

Breiðdalsvík.

1.—4. námsár, nemendur um 29

5.—7. námsár, nemendur um 24

Samtals um 53

Djúpivogur.

1.—4. námsár, nemendur um 35

5.—7. námsár, nemendur um 32

Samtals um 67

Múli.

1.—4. námsár, nemendur um 8

Skólasvæði 28.

Svæði þetta nær yfir Austur-Skaftafellssýslu. Íbúafjöldi er 1666, þar af búa 1013 á Höfn í Hornafirði, en 653 í sveitahreppunum. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi er 36.2, þar af 25 á Höfn en 11.2 í sveitahreppunum. Skólar eru nú í öllum hreppum sýslunnar. Hafa sveitahrepparnir sameinast um unglingskóla í Nesjahreppi, en barnaskóli og gagnfræðaskóli eru á Höfn.

Er hér gert ráð fyrir þeim breytingum á skólahaldi að skólar á Höfn annist kennslu allra nemenda á 8. og 9. námsári af svæðinu auk yngri nemenda úr kaup-túninu, Nesjaskóli annist kennslu allra nemenda á 5.—7. námsári úr öllum sveitahreppunum auk yngri nemenda úr Nesjahreppi og Mýrahreppi, en í Bæjarhreppi og Hofshreppi verði skólar fyrir nemendur á 1.—4. námsári.

Á Höfn, í Nesjahreppi og Mýrahreppi, þ. e. á því svæði sem unnt ætti að vera að hafa heimangöngu, eða daglegan akstur til skólanna á Höfn og í Nesjum búa nú um 80% af íbúum sýslunnar og 31.4 af 36.2 börnum í meðalárgangi koma þaðan. Utan þessa svæðis eru því aðeins um 5 nemendur í árgangi sem búa myndu í heimavist í Nesjaskóla, bæði þeir sem þar sækja skóla og nemendur á 8. og 9. námsári, sem ekið yrði til skóla á Höfn.

Í einstökum atriðum er skólasókn ætluð sem hér segir:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Bæjarhreppur	Stafafell	Nesjaskóli	Höfn
Nesjahreppur	Nesjaskóli	Nesjaskóli	Höfn
Mýrahreppur	Nesjaskóli	Nesjaskóli	Höfn
Borgarhafnarhreppur	Hrollaugsstaðir	Nesjaskóli	Höfn
Hofshreppur	Fagurhólsmýri	Nesjaskóli	Höfn

Sveitarfélög:

- 7701 Bæjarhreppur:
Íbúafjöldi 77. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.5. Gert er ráð fyrir, að nemendur sæki skóla innan hreppsins á 1.—4. námsári og er Stafafell haft í huga sem skólastaður vegna góðrar legu m. t. t. aksturs. Eldri nemendur yrðu í heimavist í Nesjaskóla og sæktu skóla þar á 5.—7. námsári og á Höfn á 8. og 9. námsári.
- 7702 Nesjahreppur:
Íbúafjöldi 217. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.6. Gert er ráð fyrir daglegum akstri nemenda á 1.—7. námsári til Nesjaskóla og til Hafnar á 8. og 9. námsári.
- 7703 Hafnarhreppur:
Íbúafjöldi 1013. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 25. Gert er ráð fyrir skólagöngu í kaптúninu öll grunnskólaárin.
- 7704 Mýrahreppur:
Íbúafjöldi 104. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.8. Gert er ráð fyrir skólagöngu með sama hætti og úr Nesjahreppi.
- 7705 Borgarhafnarhreppur:
Íbúafjöldi 132. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.9. Gert er ráð fyrir skóla fyrir 1.—4. námsár að Hrollaugsstöðum, en eldri nemendur verði í heimavist í Nesjaskóla og sæki skóla þar 5.—7. námsár og á Höfn 8. og 9. námsár.
- 7706 Hofshreppur:
Íbúafjöldi 122. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.4. Gert er ráð fyrir skóla á Fagurhólsmýri fyrir 1.—4. námsár og skólagöngu eldri nemenda með sama hætti og í Borgarhafnarhreppi.

Skólar:

Stafafell.	
1.—4. námsár, nemendur um	6
Nesjaskóli.	
1.—4. námsár, nemendur um	25
5.—7. námsár, nemendur um	34
	—————
	Samtals um 59
Höfn.	
1.—4. námsár, nemendur um	100
5.—7. námsár, nemendur um	75
8.—9. námsár, nemendur um	72
	—————
	Samtals um 247
Hrollaugsstaðir.	
1.—4. námsár, nemendur um	8
Fagurhólsmýri.	
1.—4. námsár, nemendur um	6

Skólasvæði 29.

Skólasvæði þetta nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu og tvo austustu hreppa Rangárvallasýslu. Íbúafjöldi er 1872 og meðalfjöldi barna í aldursárgangi 35.2. Svæðið er mjög víðáttumikið og byggð dreifð. Því má skipta í þrjú samfelld byggðasvæði. Byggðir austan Mýrdalssands, íbúar 651, meðalfjöldi barna 11.1, Mýrdalur, íbúar 706, meðalfjöldi barna 13.3, Eyjafjallahreppur, íbúar 515, meðalfjöldi barna 10.8. Ekkert þessara svæða er eitt um sig nægilega stórt til að mynda viðunandi skólaeiningu á 8. og 9. námsári. Er því horfið að því, að taka þau saman og gert ráð fyrir að þessir tveir skólaárgangar sæki Héraðsskólann á Skógum, en aðrir skólar á svæðinu verði á Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal og Skógum fyrir nemendur á 1.—7. námsári og á Ketilsstöðum og í Hrífunesi í Skaftártungu fyrir nemendur á 1.—4. námsári.

Skólasókn yrði í einstökum atriðum þessi:

Sveitarfélag	SKÓLI		
	1.—4. námsár	5.—7. námsár	8.—9. námsár
Hörglandshreppur	Kirkjubæjarkl.	Kirkjubæjarkl.	Skógar
Kirkjubæjarhreppur	Kirkjubæjarkl.	Kirkjubæjarkl.	Skógar
Skaftártunguhreppur	Hrífunes	Kirkjubæjarkl.	Skógar
Leiðvallahreppur	Kirkjubæjarkl.	Kirkjubæjarkl.	Skógar
Álftavershreppur	Hrífunes	Kirkjubæjarkl.	Skógar
Hvammshreppur a. hl.	Vík	Vík	Skógar
Hvammshreppur v. hl.	Ketilsstaðir	Vík	Skógar
Dyrhólahreppur a. hl.	Ketilsstaðir	Vík	Skógar
Dyrhólahreppur v. hl.	Ketilsstaðir	Skógar	Skógar
A.-Eyjafjallahreppur	Skógar	Skógar	Skógar
V.-Eyjafjallahreppur a. hl.	Skógar	Skógar	Skógar
V.-Eyjafjallahreppur v. hl.	Hvolsvöllur	Skógar	Skógar

Sveitarfélög:

- 8501 Hörglandshreppur:
Íbúafjöldi 183. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.5. Gert er ráð fyrir skóla-sókn að Kirkjubæjarklaustri á 1.—7. námsári og á Skógum á 8. og 9. námsári.
- 8502 Kirkjubæjarhreppur:
Íbúafjöldi 221. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 4.5. Gert er ráð fyrir skóla-sókn að Kirkjubæjarklaustri á 1.—7. námsári og að Skógum á 8. og 9. námsári.
- 8503 Skaftártunguhreppur:
Íbúafjöldi 93. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 2.2. Hér er gerð sú tillaga, að útibú frá Kirkjubæjarskóla verði starfrækt í Hrífunesi og það sæki nemendur á 1.—4. námsári, en nemendur á 5.—7. námsári sæki skóla að Kirkjubæjar-klaustri og nemendur á 8. og 9. námsári að Skógum.
- 8504 Leiðvallahreppur:
Íbúafjöldi 88. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 1.1. Gert er ráð fyrir skóla-sókn að Kirkjubæjarklaustri á 1.—7. námsári og að Skógum á 8. og 9. námsári.
- 8505 Álftavershreppur:
Íbúafjöldi 66. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 0.8. Gert er ráð fyrir skóla-sókn með sama hætti og úr Skaftártunguhreppi.
- 8506 Hvammshreppur:
Íbúafjöldi 528. Meðalfjöldi barna í aldursárgangi 10.1. Gert er ráð fyrir, að nemendur í kaupþúninu og austan þess sæki þar skóla fyrstu 7 námsárin, en nemendur vestan Víkur sæki með akstri skólann á Ketilsstöðum fyrstu 4 árin en verði síðan ekið til Víkur á 5.—7. námsári. Nemendur á 8. og 9. námsári sæki skóla að Skógum.

- 8507 Dyrhólahreppur:
